



Frá krýningarathöfn Naruhito Japanskeisara og Masako keisaraynju í gær. Athöfnin var hápunktur mánaðarlangrar krýningar hins nýja keisara. Naruhito er 126. keisari Japans og fyrsti keisari landsins sem er fæddur eftir seinni heimsstyrjöldina. Athöfnin fór fram í keisarahöllinni í Tókýó að viðstöddum um 2.500 gestum hvaðan-æva úr veröldinni. Meðal þeirra voru forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, og frú Eliza Reid ásamt sendiherra Íslands í Japan, Elínu Flygenring. NORDICPHOTOS/GETTY

FRÉTTABLAÐIÐ
+PLÚS

Stofnanir dragi lærdóm af málinu

Umsjónarmaður meistaranáms í blaða- og fréttamennsku við Háskóla Íslands segir upplýsingaleynd of ríkjandi í stjórnsýslunni. Lærdóm þurfi að draga af máli Seðlabankans gegn blaðamanni.

STJÓRNSÝSLA „Það væri óskandi að opinberar stofnanir dragi lærdóm af þessu máli. Almennir hefur mér fundist það allt of ríkjandi viðhorf innan stjórnsýslunnar að ef það er ekki beinlínis skylda að láta upplýsingar af hendi þá sé það ekki gert. Eðlilegra viðhorf væri að allt sem sé ekki beinlínis hættulegt, varðar þjóðaröryggi eða skaði einkahagsmuni, sé birt,“ segir Valgerður Jóhannsdóttir, lektor við Háskóla Íslands, um mál Seðlabankans gegn Ara Brynjólfs-

syni, blaðamanni á Fréttablaðinu. Seðlabankinn ákvað í gær að birta upplýsingar um námsstyrk til fyrrverandi framkvæmdastjóra gjaldeyriseftirlits bankans. Héraðsdómur staðfesti síðastliðinn föstudag úrskurð úrskurðarnefndar um upplýsingamál um að bankanum bæri að afhenda blaðamanninum umræddar upplýsingar.

Valgerður, sem er umsjónarmaður meistaranáms í blaða- og fréttamennsku, segir það í hæsta

máta óvenjulegt að stofnun dragi blaðamann fyrir dómstóla til að fá úrskurði úrskurðarnefndar hnekk þótt hún geti ekki fullyrt að um einsdæmi sé að ræða.

Hún segir tregðu stjórnsýslunnar og opinberra stofnana við að veita upplýsingar virka hamlandi á blaða- og fréttamenn. Stundum sé ekki um stór fréttamál að ræða og þá séu ekki allir tilbúnir að eyða ómældum tíma og fyrirhöfn til að fá upplýsingarnar. „Það er auðvitað lyklatríði að fjöl-

miðlar eru að þjóna lesendum sínum og almannahagsmunum. Almenn- ingur á auðvitað bara rétt á þessum upplýsingum. Stofnanirnar eru ekki að þráast við gegn einhverjum blaðamanni heldur gegn almenn- ingi í landinu sem er líka fólkið sem stjórnsýslan á að þjóna.“

Stjórnsýslan þurfi að hafa það í huga. „Ég held að þessi viðhorf séu meira ríkjandi hér en í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við,“ segir Valgerður. – sar

Klárar kaupin á Geirsgötu 11

VIÐSKIPTI Malasíska félagið Berjaya Corporation, sem keypti í sumari 75 prósent hlutfjár í Icelandair Hotels, hefur gengið frá kaupum á fasteigninni að Geirsgötu 11 á Miðbakka við Gömlu höfnina í Reykjavík.

Kaupverðið nemur 1.750 milljónum en seljendur eru félögin Fiskitangi og Útgerðarfélag Reykjavíkur. Berjaya hefur sagt að kaupin myndu gefa félaginu tækifæri til þess að hefja fjárfestingar, svo sem á sviði fasteignapróunar og sér í lagi hótellstarfsemi, á Íslandi.

Vincent Tan, eigandi Berjaya.

– hae / sjá Markaðinn

Lífeyrissjóðir eignast VBM

VIÐSKIPTI Framtakssjóðurinn Innviðir fjárfestingar, sem er að stærstum hluta fjármagnaður af lífeyrissjóðum, hefur eignast 67 prósent hlut í Verðbréfamíðstöð Íslands samhliða um 300 milljóna króna hlutfjárukningu í félaginu.

„Fyrirtækið er fullfjármagnað eftir hlutfjárukninguna og mun hefja starfsemi á næstu mánuðum. Segja má að við séum á flugbrautinni og munum brátt taka á loft,“ segir Sigbrúður Ármann, stjórnarformaður Verðbréfamíðstöðvar Íslands.


Sigbrúður segist sjá fram á að markaðurinn muni hafa möguleika á því að spara tugi milljóna á ári með tilkomu fyrirtækisins.

– hvj / sjá Markaðinn

HREKKJAVAKA!
Finndu okkur á
PARTYBÚÐIN
Faxafeni 11 • Sími 534 0534

6 Grímuverðlaun
RIKHÁRÐUR III
SÝNINGAR HEFJAST AFTUR Í KVÖLD
Takmarkaður sýningafjöldi

Veður



Norðaustan 8-15 en 10-18 síðdegis, hvassast norðvestan til í dag. Él á norðanverðu landinu og lengst af bjartviðri sunnan- og vestanlands. Frost 0 til 5 stig, en hiti um og yfir frostmarki syðra. **SJÁ SÍÐU 14**

Um 18 milljóna námssamningur

STJÓRNSÝSLA Seðlabanki Íslands greiddi Ingibjörgu Guðbjartsdóttur, fyrrverandi framkvæmdastjóra gjaldeyriseftirlits bankans, rúmar 18 milljónir króna í námsstyrk í tengslum við starfslok hennar.

Í samningi sem bankinn gerði við Ingibjörgu vorið 2016, sem Fréttablaðið hefur fengið afhentan, fékk hún alls 8 milljónir króna í námsstyrk í MPA-nám við Harvardháskóla í Bandaríkjunum auk 60% hlutfalls af mánaðarlaunum í tólf mánuði. Fékk hún fjórar milljónir greiddar árið 2016 og aðrar fjórar árið 2017.



Mær Guðmundsson.

Samkvæmt heimildum var Ingibjörg með um 1,4 milljónir í mánaðarlaun. Alls átján milljónir króna án kröfu um vinnuframlag.

Samningurinn á rætur í munnlegum samningi sem Mær Guðmundsson, þáverandi bankastjóri, gerði við Ingibjörgu árið 2012 sem var svo skjalfestur í apríl 2016. Í samningnum er ekki gerð krafa um að Ingibjörg snúi aftur til starfa til bankans að náminu loknu.

„Fari svo að Ingibjörg kjósi að starfa á öðrum vettvangi að námi loknu og snúi ekki til starfa hjá bankanum, mun bankinn ekki eiga neina endurkröfu vegna ofangreinds styrks vegna skólagjalda og vegna launa, meðan á námsleyfi stendur,“ segir í samningnum.

Fræðslustefna bankans segir að nám starfsfólks eigi að nýtast bankanum. Greiddar voru 132 milljónir í námsstyrki frá því í ágúst 2009 til maí á þessu ári. Alls veitti Seðlabankinn 906 námsstyrki á tímabilinu. Meðalupphæð námsstyrkjanna var rúmar 145 þúsund krónur. – ab

Vetur heilsar Norðlendingum



Það var heldur vetrarlegt um að litast á Grenivöllum í höfuðstað Norðurlands í gær enda heilsar fyrsti dagur vetrar okkur næsta laugardag. Veðurstofan segir að í dag megi búast við eljum á norðanverðu landinu með takmörkuðu skyggni og erfiðum akstursskilyrðum. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



FME hefur eftirlit með tryggingafélögum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FME finnur að tryggingafélagi

VIÐSKIPTI Fjármálaeftirlitið gerir athugasemdir við fjárfestingaferli Tryggingamiðstöðvarinnar. Um er að ræða niðurstöður vettvangshugunar hjá tryggingafélaginu í maí á þessu ári. Í fyrsta lagi taldi stofnunin að í eftirliti áhættustýringar með fjárfestingaáhættu hafi ekki falist eftirlit með að fjárfestingarheimildum væri fylgt. Þá hafi verklag við verðmat á óskráðum eignum ekki komið í veg fyrir hagsmunarárekstra með fullnægjandi hætti. Að endingu var skjölun fjárfestingaákvæðna talið ábótavant. – bp

Menningin getur lýst upp skammdegið

Eina atvinnuleikhús Vestfjarða, Kómedíuleikhúsið, fékk nýlega afnot af húsnæði á Þingeyri undir starfsemina. Elfar Logi Hannesson leikhússtjóri segir menningarstarfsemi mjög mikilvæga mannlífi á landsbyggðinni.

SAMFÉLAG „Þetta var bara eins og þeir segja stundum á Bíldudal, Bingó! Það var eins og húsið kallaði á okkur,“ segir Elfar Logi Hannesson, leikari og leikhússtjóri Kómedíuleikhússins. Ísafjarðarbær gerði nýlega samkomulag við leikhúsið um að veita því afnot af húsnæði undir nýja Leiklistarmiðstöð Kómedíuleikhússins ásamt því að leikhúsið hlaut styrk úr sjóðnum Öll vötn til Dýrafjarðar.

„Við erum fyrsta og eina atvinnuleikhúsið á Vestfjörðum og erum staðsett hér á Þingeyri en við höfum eiginlega verið á götunni í mörg ár,“ segir Elfar Logi. „Ég hef nú bara haft leikmyndirnar heima hjá mér og þegar svefnherbergið var orðið alveg fullt ákvað ég að nú þyrfti maður kannski að fara að finna sér einhverja aðstöðu,“ bætir hann við.

Elfar Logi hafði samband við Ísafjarðarbæ sem tók vel í verkefnið og úthlutaði leikhúsinu aðstöðu í húsnæði þar sem áður voru bæði bæjarskrifstofur Þingeyrar og bókasafn. „Þetta húsnæði vantaði tilgang svo þetta passaði vel. Hér hafa bara verið slökkt ljós og það er ekki það sem við viljum á landsbyggðinni. Við viljum hafa ljós og líf í húsunum okkar.“

Í húsnæðinu mun fara fram starfsemi leikhússins ásamt því að áhugamannaleikhúsið Höfrungurinn mun hafa þar aðstöðu. „Svo verðum við með ýmis námskeið og viðburði. Í nóvember verðum við til að mynda með einleikjábúðir og grímunámskeið,“ segir Elfar Logi.

„Hér á Þingeyri er rosalega skemmtilegt að rota jólin á þrettándanum. Þá er álfabrenna eins og víða er en þegar henni er lokið dubba krakkarnir sig upp, ganga í



Elfar Logi Hannesson, leikari og leikhússtjóri, og Guðmundur Gunnarsson, bærjastjóri Ísafjarðarbæjar, handsóluðu samkomulagið í síðustu viku.

● ● Hér er bæði mikil nánd við náttúruna og mikil kyrrð og það er mjög mikilvægt en það er líka mikilvægt að hér sé menning og líf.

Elfar Logi Hannesson, leikari og leikhússtjóri Kómedíuleikhússins

hús og syngja fyrir nammi. Á grímunámskeiðið eru allir velkomnir til að gera sér grímur fyrir þrettándann,“ bætir Elfar Logi við.

Spurður að því hvort starfsemi af

þessum toga sé mikilvæg á landsbyggðinni segir Elfar svo vera. „Hér er bæði mikil nánd við náttúruna og mikil kyrrð og það er mjög mikilvægt en það er líka mikilvægt að hér sé menning og líf,“ segir hann.

„Þegar skammdegismyrkur fellur á er það oft listin sem færir okkur birtuna að mínu mati. Listin er líka besta forvörn fyrir fólk á öllum aldri og leiklistin er góður félagsskapur. Svo skilur listin svo margt eftir sig og fær mann til að gleyma amstrinu og puðinu,“ segir Elfar Logi.

„Þegar manni finnst til dæmis allt vera vonlaust og fer á leiksýningu þá er svo auðvelt að gleyma amstri dagsins og manni líður oft miklu betur í sálinni,“ segir Elfar að lokum. birnadrofn@frettabladid.is

Njóttu þess að hlakka til

vita

Tvær ferðir á framandi slóðir

Grand Indókína

1. – 19. febrúar

Páskar í Kína

3. – 17. apríl

Ferðakynning hjá VITA

fimmtudaginn 24. október kl. 17:30 á skrifstofu VITA,

Skógarhlíð 12. Bílastæði og inngangur neðan við húsið.

Fararstjóri: Héðinn Svarfdal Björnsson



ÍSLENSKASÍÐA/SÍÐU 10/19



FRÉTTABLAÐIÐ IS

1 Gísli Pálmi sakaður um stuld: „Má maður bara ekkert lengur“ Rapparinn Gísli Pálmi tjáir sig um ásakanir á Facebook. Spyr hvort ekkert megi lengur.

2 Aukin eftirsókn eftir full-orðinsbleyjum: „Hægt að koma í veg fyrir þetta“ Framleiðsla á bleyjum fyrir fullorðna hefur tvöfaldast á einum áratug.

3 Ferðamaður fór út á Jökulsárlón og neyddist til að synda til baka Ferðamaður sem virti viðvörðunarskilti að vettugi kom sér í sjálfheldu í Jökulsárlóni.

4 „Halló, ég er lokuð hérna inni, getið þið hjálpað mér?“ Við erum hér líka er ný herferð til að opna augu almennings fyrir öryrkjum í samfélaginu.

5 Björgvin Páll opnar sig: „Þegar mesti gráturinn er yfirstaðinn“ Björgvin handboltamaður, opnar sig á Facebook-síðu sinni um andleg veikindi sín.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fánleg á www.frettabladid.is

Ekki refsivert að vanvirða þjóðfánann

ALÞINGI Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómismálaráðherra lagði fram lagafrumvarp um bætur vegna ærumeiðinga á Alþingi í gær. Verði frumvarpið að lögum verða refsingar vegna ærumeiðinga afnumdar.

Áslaug segir ljóst að brýn þörf sé á að endurskoða ærumeiðingar-ákvæði hegningarlaga vegna vankanta á ákvæðum og þeirra áfellisdoma sem íslenska ríkið hefur fengið hjá mannréttindadómstóli Evrópu. Núverandi ákvæði brjóti gegn stjórnarskránni og Mannréttindasáttmála Evrópu.

Í frumvarpinu er einnig lagt til að fella niður lög um að enginn megi óvirða þjóðfánann, hvorki í orði né verki. – ilk

Á fjórða hundrað manns móta útflutningsstefnu

STJÓRNSÝSLA Niðurstöður viðtækra stefnumótunar stjórnvalda og atvinnulífs fyrir íslenskan útflutning verða kynnar á fundi Íslandsstofu í dag. Í tilkynningu kemur fram að stefnumótunin hafi verið unnin í breiðu samráði við útflutningsfyrirtæki um land allt og að tæplega 400 manns hafi komið að vinnunni með beinum hætti í gegnum þrettán vinnustofur sem haldnar voru um allt land.

Vinnan er afleiðing af breytingu

» Sterkur samhljómur er á milli útflutningsgreina um að Ísland ætti að verða þekkt fyrir að vera leiðandi í sjálfbærni.

sem utanríkisráðherra mælti fyrir á lögum um Íslandsstofu í apríl 2018 en þeim var ætlað að skerpa á stöðu stofnunarinnar og styrkja hana í hlutverki sínu. Íslandsstofu

var falið að móta langtímastrategíu um aukningu útflutningstekna. Sú stefna skyldi kveða á um áherslur í markaðsstarfi Íslands á erlendum mörkuðum, velja markaðssvæði og skilgreina mælanleg markmið til að meta árangur.

Undirliggjandi markmið var að tvöfalda útflutningsverðmæti vöru og þjónustu á næstu 20 árum til að viðhalda lífsgæðum hérlendis. Kemur fram að fagaðilar telji nauðsynlegt að stærri hluti verðmæta-

sköpunarinnar komi frá atvinnuvegum sem reida sig ekki á auðlindir heldur frekar hugvit, nýsköpun og tækni.

Í vinnunni var sterkur samhljómur milli útflutningsgreina um að Ísland ætti að verða þekkt fyrir að vera leiðandi í sjálfbærni. Þá voru hefðbundnir útflutningsmarkaðir Íslands, Norður-Ameríka, Vestur-Evrópa og Kína, taldir vera mikilvægastir og stefnan sett á að herja enn frekar á þau svæði. – þp

Sameining gæti þýtt nýtt 5.000 manna sveitarfélag

Nýtt sameinað sveitarfélag á Austurlandi yrði það stærsta að flatarmáli hér á landi með tæplega fimm þúsund íbúa. Sameinað sveitarfélag fengi frá hinu opinbera rúman milljarð króna í meðgjöf. Sveitarstjórnarmenn telja almennt jákvæðan anda fyrir kosningunum næstkomandi laugardag.

SVEITARFÉLÖG Á laugardaginn munu íbúar fjögurra sveitarfélaga á Austurlandi ganga að kjörborðinu og greiða atkvæði um sameiningu sveitarfélaga. Um er að ræða sameiningu Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótshálsáráðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar.



Rúmlega 3.500 kjósendur eru á kjörskrá í sveitarfélögunum fjórum. Langflestir þeirra, eða næstum þrjú af hverjum fjórum, eru búsettir á Fljótshálsáráði. Einungis 94 eru á kjörskrá í Borgarfjarðarhreppi. Þeir sem hafa kosningarétt í þessum kosningum eru allir þeir sem hafa náð átján ára aldri á kjördag.

Ef sameining næst verða sveitarfélögin aðeins fjögur á Austurlandi. Hið nýja sameinaða sveitarfélag auk Vopnafjarðar í norðri, Fjarðabyggðar í austri og örhreppsins Fljótshálsáráðs.

Samkvæmt hugmyndum sveitarstjórnarmanna verður gömlu sveitarfélögunum tryggð ákveðin heimastjórn yfir málefnum sem snúa beint að nærsamfélaginu. Heimastjórnir eru tilraun til að koma til móts við þær áhyggjur að íbúar fámennari sveitarfélaga upplifi minni áhrif eftir sameiningu á þann hátt að stóra sveitarfélagið gleypi þau litlu. Því verður sett upp heimastjórn og í hverri þeirra sitja tveir fulltrúar kjörnir beinni kosningu af íbúum viðkomandi svæðis. Með því móti er tryggt að hver stjórn eigi greiðan aðgang að stjórnsýslunni og hafi enn vald yfir ákveðnum málum.

Íbúar á Fljótshálsáráði eru nokkuð jákvæðir gagnvart samein-

Fjögur sveitarfélög áforma sameiningu



	Karlar	Konur	Alls
Borgarfjarðarhreppur	56	38	94
Djúpavogshreppur	166	149	315
Seyðisfjarðarkaupstaður	264	245	509
Fljótshálsáráð	1.315	1.280	2.595

ingaráformunum að mati Stefáns Boga Sveinssonar, forseta bæjarstjórnar Fljótshálsáráðs. Hann er bjartsýnn á að vel takist til á laugardaginn.

„Við í sveitarstjórnnum höfum auðvitað kappkostað að leggja fram eins mikið af upplýsingum og hægt er svo að íbúar geti tekið ákvörðun byggða á gögnum. Mér finnst andinn vera nokkuð jákvæður og því verður áhugavert að sjá hvernig til tekst um helgina,“ segir Stefán Bogi. Sveitarstjórnin á Djúpavogi, Gauti

Jóhannesson, tekur í sama streng og Stefán Bogi.

„Mér finnst ég finna frekar fyrir jákvæðum anda í garð þessarar atkvæðagreiðslu. Auðvitað eru skiptar skoðanir en í heildina litið sýnist mér menn jákvæðir,“ segir Gauti.

Samgöngumál eru eitt af lykilatriðum í þessum kosningum en sameining sveitarfélaganna þýðir að mikilvægt er að leggja heilsársveg yfir Öxi og að Fjarðarheiðargöng verði einnig að veruleika. Helsta

baráttumál sveitarfélaganna í tilögum að nýrri samgönguáætlun er að þessum framkvæmdum verði flýtt verulega.

Fari svo að sameiningin verði samþykkt mun hið nýja sveitarfélag fá 1,1 milljarð í meðgjöf frá hinu opinbera ef hugmyndir sveitarstjórnarráðherra ganga eftir um sameiningar sveitarfélaga. Þessa fjárhæð verði hægt að nýta til að byggja upp innviði og styrkja svæðið í heild.

sveinn@frettabladid.is

Harpa Rún Kristjánsdóttir hlýtur bókmenntaverðlaun Tómasar í ár

BÓKMENNTIR Harpa Rún Kristjánsdóttir hlaut í gær Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar fyrir ljóðahandritið Edda.

Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar eru veitt ár hvert í minningu borgarskáldsins Tómasar Guðmundssonar fyrir óprentað handrit að ljóðabók. Dórnafnd verðlaunanna er skipuð af borgarráði og er hún skipuð þremur einstaklingum.

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, veitti Hörpu verðlaunin sem nema 800 þúsund krónum.

Harpa Rún er fædd árið 1990. Hún er uppalin í sveit undir Hekklurótum og býr þar enn og starfar sem sauðfjárbóndi. Hún lauk meistaraþrófi í almenntri bókmenntafræði frá Háskóla Íslands árið 2018. Harpa hefur áður birt ljóð í tveimur ljósmyndabókum og í tímaritum



Hin árlegu bókmenntaverðlaun sem kennd eru við borgarskáldið Tómas Guðmundsson voru afhent í gær við hátíðlega athöfn í Höfða við Borgartún. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

en Edda er fyrsta ljóðabók hennar.

Í tilkynningu frá Reykjavíkurborg segir að í ljóðum Eddu megi greina sátt við gang lífsins þótt hann sé sársaukafullur. „Edda er heillandi og

hófstillt verk þar sem hugsanir um æsku og elli fléttast saman, vega salt. Þræðirnir bindast og mynda vef sem sýnir okkur í nýju ljósi svo margt sem við þóttumst vita.“ – þp

Öll rúnstycki á 99 kr.

Björnsbakari
Sími: 561 1433

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35
www.bjornsbakari.is

+PLÚS



Harpa Rún verðlaunuð

Harpa Rún Kristjánsdóttir, sauðfjárþingi og bókmenntafræðingur, hlaut í gær hin eftirsóttu bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar fyrir ljóðahandritið Eddu. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri veitti Hörpu verðlaunin sem nema 800 þúsund krónum.





Way of Life!

SUZUKI S-CROSS ÖRUGGUR FERÐAFÉLAGI

Hönnuðir Suzuki hafa náð að sameina þægindi fólksbíls og öryggi jeppans í Suzuki S-Cross. Fjór hjóladrifið og mikil veghæð gera hann öruggan og rásfastann, mikið afl og skemmtilegir aksturseginnleikar gera Suzuki S-Cross ótrúlega þægilegan borgarbil.

Suzuki S-Cross er sérlega rúmgóður og með ríkulegan staðalbúnað.

4X4

SUZUKI S-CROSS ER
FJÓRHJÓLADRIFINN

VERÐ FRÁ KR.

4.490.000



FLUTT MEÐ
E EIMSKIP

Það er alltaf Suzuki veður!



Suzuki á Íslandi

• Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is



Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

Telur borgina mögulega skaðabótaskylda

REYKJAVÍK Meirihluti skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar kynnti í gær tillögu um breytingar á skólalaldi í norðanverðum Grafarvogi. Þrjú skólar verði í hverfinu í stað tveggja sameinaðra í fjórum starfsstöðvum, þaraf einn sameinaður unglingskóli. Með þessu mun skólalald í Korpu leggjast af og nemendum boðin skólavist í Engjaskóla. Lokunin er mögulega tímabundin, en þangað til fjöldi nemenda í Staðarhverfi á aldrinum 6-12 ára hefur náð tölunni 150 verður tryggður skólaakstur

eða strætókort til frjálsra afnota.

Skúli Helgason, formaður skóla- og frístundaráðs, segir kveikjuna vera samfellda fækkun barna í hverfinu. Munu breytingarnar fela í sér betri menntunarlegan aðbúnað fyrir börnin og bættu nýtingu fjármuna og leiða til meira jafnræðis á borgarvísi.

Nú sé svo komið að kostnaður á hvern nemanda í Korpuskóla er rúmlega tvöfalt meiri en við nemendur í grunnskólum borgarinnar að meðaltali. Á sjö árum hefur nemendafjöldinn farið úr 140 börnum

í 59 en skólinn er byggður fyrir 170 börn.

Áformin hafa mætt töluverðri gagnrýni og foreldrar í hverfinu boðað aðgerðir. „Það er skiljanlegt að foreldrar sérstaklega yngstu barnanna í Staðarhverfi hafi áhyggjur af stöðu mála og við þeim munum við bregðast með því að tryggja yngstu börnunum skólaakstur frá Korpu í Engjaskóla og skipuleggja nauðsynlegar samgöngubætur til að auka öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda,“ segir Skúli.

» Á sjö árum hefur nemendafjöldinn farið úr 140 börnum í 59 en skólinn er byggður fyrir 170 börn.

Varðandi nýtingu húsnæðisins í Korpu segir Skúli að farið verði vel yfir allar góðar hugmyndir. „Vilji okkar stendur til þess að það verði áfram nýtt í þágu skóla- og frístundastarfs.“

Valgerður Sigurðardóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, fór

fram á að málinu yrði frestað á fundi gærdagsins. „Það er ýmislegt sem á eftir að skoða. Það er hætta á að borgin verði skaðabótaskyld ef íbúðaverð lækkar vegna lokunar skólans,“ segir Valgerður.

Vísar hún í kvörtun íbúa til umboðsmanns Alþingis árið 2012 þar sem talað er um að verðmæti fasteigna geti rýrnað. „Ef íbúi getur fært sönnur á það að verðmæti fasteignar hafi rýrnað, þá getur borgin neyðst til að greiða skaðabætur.“

Nánar um málið á fréttablaðið.is. – ab



Justin Trudeau var ánægður með úrslitin. NORDICPHOTOS/GETTY

Trudeau heldur velli í Kanada

KANADA Flokkur Justins Trudeau forsætisráðherra hélt velli í nýafstöðnum þingkosningum í Kanada og er með nógu mörg þingsæti til að leiða minnihlutastjórn.

Mjótt var á munum milli frjálslyndra undir stjórn Trudeau og íhaldsmanna undir stjórn Andrews Scheer.

Frjálslyndir misstu tuttugu sæti, fóru úr 177 niður í 157 sæti, á meðan Íhaldsflokkurinn fór upp um 26 sæti, úr 95 upp í 121.

Rætt hefur verið um kosningar sem þjóðaratkvæðagreiðslu um Trudeau en hann hefur sætt mikilli gagnrýni frá því hann tók við völdum árið 2015.

„Óháð því hvernig þú kaust þá mun teymi okkar vinna hörðum höndum fyrir alla íbúa Kanada,“ sagði Trudeau í ræðu sinni til stuðningsmanna eftir úrslitin.

Donald Trump Bandaríkjaforseti og Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands, hafa báðir óskað forsætisráðherranum til hamingju með sigurinn á Twitter og segjast hlakka til samstarfsins. – ab



Boris Johnson beið enn ósigur.

Boris í bobba

BREXIT Neðri deild breska þingsins hafnaði í gær tillögu Boris Johnson forsætisráðherra um að greiða atkvæði um útgöngusambands Bretlands við Evrópusambandið á næstu þremur dögum. Johnson hafði hótad því að draga samninginn til baka og þrýsta á um þingkosningar ef ekki yrði gengið til atkvæða. Hótanir Johnsons dugðu ekki til. Samkvæmt erlendum miðlum er nú nánast ómögulegt að Bretland geti gengið úr Evrópusambandinu með samningi um mánaðamótin eins og ráðgert hafði verið. – bp

LEIÐRÉTTING

Kristín Halldórsdóttir, hestakona í Þýskalandi, var rangfeðruð á blaðsíðu 12 í Fréttablaðinu í gær. Hún er beðin velvirðingar á því, og aðrir hlutaeigandi.

Löggjöf um bætur nauðsynleg

Hæstaréttarlögmaður segir lagastoð bóta vegna Guðmundar- og Geirfinnsmála nauðsynlega. Frumvarpið var gagnrýnt á þingi. Þrjú lögmenn hafa veitt umsögn um það og telja lagasetningu æskilega.

GUÐMUNDAR- OG GEIRFINNSMÁL Lögmaður afkomenda Tryggva Rúnars Leifssonar telur frumvarp forsætisráðherra um bótarétt þeirra sem sýknaðir voru af aðild að hvarfi Guðmundar og Geirfinns Einarsona nauðsynleg og eðlilegt skref. Þetta kemur fram í umsögn hans um frumvarpið til allsherjar- og menntamálanefndar.

Forsætisráðherra var harðlega gagnrýnd í umræðum um málið á Alþingi fyrir í vikunni. Gagnrýndu lögfræðingar í hópi þingmanna meðal annars að málið væri yfirhöfuð til umfjöllunar á Alþingi en ekki hjá dómstólum þar sem það eigi heima.

Lögmenn Guðjóns Skarphéðinsonar og Kristjánns Viðars Júlíussonar hafa einnig sent umsögn um frumvarpið. Báðir eru þeirrar skoðunar að rétt sé að veita bótagreiðslum sérstaka lagastoð, þótt áherslur í umsögnum lögmanna séu ólíkar.

Í umsögn Páls Rúnars eru fjórar meginástæður gefnar fyrir nauðsyn frumvarpsins.

Í fyrsta lagi kveði frumvarpið á um að samningar um bætur verði undir handleiðslu forsætisráðherra. Lagastoð þurfi til þess að forsætisráðherra geti stigið inn á verkswið ríkislögmans sem hefur það hlutverk lögum samkvæmt að koma fram fyrir hönd ríkisins í bótamálum.

Þá sé mælt fyrir um skattalega meðferð bóta og samspil þeirra við aðrar greiðslur sem eðlilegt sé að mælt sé fyrir um í lögum.

Í þriðja lagi sé rétt að löggjafinn láti sig málið varða með vísan til alvarleika málsins, enda liggi fyrir að um sé að ræða ein alvarlegustu afglöp íslenska ríkisins sem um getur. „Réttarmorð sem gátu ekki átt sér stað nema með því að allar stofnanir íslenska refsivörslukerfisins brygðust hlutverki sínu og skyldum en afleiðingar þess kostuðu þolendur líf þeirra, mann-



Fjölskylda Tryggva Rúnars var í Hæstarétti þegar sýknudómur var kveðinn upp í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÐÖR

lega reisin og manngildi.“

Í fjórða lagi sé rétt að Alþingi samþykki frumvarpið og greiði þannig fyrir því að málið leysist með lög-mætum hætti, en illa hafi gengið að ná lendingu í málinu. Tilraun með svokallaða sáttanefnd hafi mistekist algerlega og aðkoma setts ríkislögmans ekki verið gagnleg.

„Það er ótímabært að stefna inn bótamáli svo lengi sem málið er í eðlilegri þinglegri meðferð. Það er hins vegar allt til reiðu og ljóst að hvergi verður hikað fari svo að málið dragist um of. Að því sögðu verður maður, með hliðsjón af skýlausum bótarétti og afgerandi dómaframkvæmd, að gera ráð fyrir því að íslenska ríkið muni klára þetta mál,“ segir Páll Rúnar aðspurður um málshöfðun.

» Það er allt til reiðu og ljóst að hvergi verður hikað fari svo að málið dragist um of.

Páll Rúnar M. Kristjánsson hæstaréttarlögmaður



Þótt Páll Rúnar mæli með samþykkt frumvarpsins gerir hann athugasemdir við nokkur atriði í því. Hann gagnrýnir mjög tilvísun til dómafordæma í greinargerð en lögð er áhersla á greiðslu bóta á grundvelli fordæmis héraðsdóms í Vegas-málinu svokallaða, en því

máli var ekki afþrýjað. Betri dómafordæmi séu til sem falli betur að máli Tryggva Rúnars og annarra sem frumvarpið tekur til. Sömu sjónarmið eru reifuð í umsögnum annarra lögmanna málsins.

Þá gagnrýnir hann að vísað sé til dóms Hæstaréttar frá 1980 sem rangláts dóms. Í því felist gengisfell-ing á því sem átti sér stað á ábyrgð íslenska ríkisins. Réttast sé að kalla dóminn yfir fólkinu rangan og málsmeðferðina rangláta. Þá hefði mátt gera ungunum aldri folksins skil í greinargerðinni. Tryggvi Rúnar hafi til að mynda borið rangan dóm stærstan hluta lífsins en hann átti alla framtíðina fyrir sér þegar lög-reglan flækti hann í málið. Tryggvi Rúnar lést árið 2009.

adalheidur@frettabladid.is

Munu þjálfar starfsfólk í sýndarveruleika

VIÐSKIPTI Brim hf. hefur undirritað samning við Marels um kaup og uppsetningu á hátækni vinnslubúnaði og hugbúnaði fyrir hvítvínslu. Í tilkynningu fyrirtækjanna segir að aðstæða Brims á Norðurgarði í Reykjavík verði fullkomnasta vinnslustöð fyrir bolffisk á heimsvísu en áætlað er að vinnslukerfið verði sett upp um mitt næsta ár.

Kerfið felur í sér ýmsar nýjungar, þar á meðal öflugt gæðaeftirlitskerfi og nýjustu róbótatækni sem mun sjálfvirkniþæða og straumlinulaga vinnsluna til muna. Athygli vekur að hin nýja lausn Marels var kynnt fyrir stjórnendum Brims í gegnum sýndarveruleika áður en samningur um kaupin var undir-



Marels notar sýndarveruleika í síauknum mæli í starfsemi fyrirtækisins.

» Hin nýja lausn Marels var kynnt fyrir stjórnendum Brims í gegnum sýndarveruleika áður en samningurinn um kaupin var undirritaður.

ritaður. Í tölvuhermiveröld gátu forsvarsmenn Brims gengið eftir öllum stigum vinnslunnar og segir í tilkynningunni að það hafi auðveldað ákvarðanatökuna.

Þá mun þjálfun starfsfólks einnig fara fram í sýndarveruleika þannig að vinnsla getur hafist strax að uppsetningu lokinni. Frá fyrsta degi mun starfsfólk Brims geta starfrækt búnaðinn. – bp

+PLÚS



Frá krýningu Japanskeisara

Þessar myndir voru teknar við krýningarathöfn Naruhito Japanskeisara og Masako keisaraynju í keisarahöllinni í Tókýó í gær. Hann er 126. keisari Japans og fyrsti keisari landsins sem er fæddur eftir seinni heimsstyrjöldina. Gestir voru um 2.500.



NÝ SENDING AF BÍLALEIGUBÍLUM

YFIRFARNIR AF UMBOÐI • GÓÐ VERÐ • GÓÐAR FJÁRMÖGNUNARLEIÐIR



Renault Trafic L3H1

Nýskráður 6/2018, ekinn 69 þús.km.,
dísel, beinskiptur.

Verð kr. 3.990.000

Afborgun krónur 49.795 á mánuði*



Ford Grand C-max Titanium

Ford 5/2018, ekinn 34 þús.km.,
bensín, sjálfskiptur.

Tilboð kr. 2.990.000

Afborgun krónur 37.354 á mánuði*



Honda Civic Comfort

Nýskráður 5/2018, ekinn 12 þús.km.,
bensín, sjálfskiptur.

Tilboð kr. 2.690.000

Afborgun krónur 33.622 á mánuði*



Honda Civic Elegance

Nýskráður 3/2018, ekinn 20 þús.km.,
bensín, sjálfskiptur.

Tilboð kr. 2.890.000

Afborgun krónur 36.110 á mánuði*



Honda Jazz Trend

Nýskráður 6/2017, ekinn 29 þús.km.,
bensín, sjálfskiptur.

Tilboð. 1.790.000

Afborgun krónur 22.426 á mánuði*



Honda CR-V Elegance Navi

Nýskráður 5/2017, ekinn 69 þús.km.,
bensín, sjálfskiptur.

Tilboð kr. 3.490.000

Afborgun krónur 43.574 á mánuði*



Peugeot Partner Tepee Outdoor

Nýskráður 8/2016, ekinn 44 þús.km.,
dísel, beinskiptur.

Verð kr. 1.990.000

Afborgun krónur 24.914 á mánuði*



Peugeot 5008 Style 7 manna

Nýskráður 2/2016, ekinn 79 þús.km.,
dísel, sjálfskiptur.

Verð kr. 2.390.000

Afborgun krónur 29.890 á mánuði*



Peugeot 108 Active

Nýskráður 6/2016, ekinn 60 þús.km.,
bensín, beinskiptur.

Tilboð kr. 790.000

Allt að 100% fjármögnun í boði



Opel Movano 9 manna

Nýskráður 6/2016, ekinn 142 þús.km.,
dísel, beinskiptur.

Verð kr. 1.990.000

Afborgun krónur 24.914 á mánuði*



Honda CR-V Elegance Navi

Nýskráður 6/2017, ekinn 84 þús.km.,
dísel, sjálfskiptur 9 girar.

Tilboð 3.690.000

Afborgun krónur 46.063 á mánuði*



Honda HR-V Comfort

Nýskráður 11/2016, ekinn 94 þús.km.,
bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 2.190.000

Afborgun krónur 27.402 á mánuði*

LÍTIÐ EKNIR OG VIRKILEGA VEL
MEÐ FARNIR BÍLALEIGUBÍLAR
SÖLUMENN OKKAR ERU Í SAMNINGSSTUÐI

Opnunartími

Mánudaga - föstudaga
milli kl. 10:00 og 18:00

Laugardaga
milli kl. 12:00 og 16:00

Opið allan sólarhringinn
á notadir.bernhard.is



NOTAÐIR BÍLAR

Bílaáskjalarnum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

Húsbóndavaldið



Sunna Karen Sigurþórsdóttir
sunnak@frettabladid.is

Það voru vonbrigði að lesa yfirlýsingu menntamálaráðherra í vikunni þar sem tilkynnt var um að skipað hefði verið í nýja fjölmiðlanefnd til næstu fjögurra ára. Fyrri nefnd varð óstarfhæf eftir að Bláamannafélag Íslands dró fulltrúa sinn úr nefndinni sökum vanhæfis hennar og bundnar voru miklar vonir við að ráðherra myndi loks láta verða af því að leggja nefndina niður.

Fjölmiðlanefnd hefur frá stofnun átt sér afar lítinn tilvistargrundvöll, enda er fullkomlega óeðlilegt að opinber nefnd hafi það hlutverk að leggja stein í götu fjölmiðla og þannig þrengja að ritstjórnarlegu mati þeirra. Í stað þess að reyna að berjast fyrir tilvist sinni hefur nefndin farið í vitagagnslausar og furðulegar vegferðir til þess að sekta fjölmiðla, sem þegar berjast í bókum.

Í nýrri nefnd sitja þrjú lögfræðingar og heimspjeningur. Fæstir hafa reynslu af fjölmiðlum. Það verður að teljast í hæsta máta óeðlilegt að fá reynslulaust fólk til þess að skipa öðrum fyrir verkum, líkt og lögfræðingarnir, heimspjeningurinn eða blaðamenn yrðu aldrei fengnir til þess að hafa afskipti af starfi pípara eða annarra sérhæfðra stétta.

Bláamannafélag Íslands hefur ítrekað bent á þessa staðreynd, og félagið raunar líkt afskiptum stjórnvalda við stefnu pólska flokksins Lög og réttur, sem hyggst setja „sérstakar reglur um blaðamenn“ og mun þannig hafa áhrif á fjölmiðlaumfjöllun í landinu.

Fyrirnefndur ráðherra fjölmiðlamála lofaði bót og betrun eftir gagnrýni félagsins, en umbæturnar urðu þó ekki meiri en svo að ráðherra hélt óþörfu starfi nefndarinnar til streitu og skipaði fjóra fjölmiðlanefndarmenn í stað fimm, þar sem engin tilnefning barst frá Bláamannafélagi Íslands.

Ráðherra þarf að átta sig á því að nefnd sem hefur engan skilning á eðli fjölmiðla getur ekki sinnt ráðgefandi hlutverki sínu. Dæmi um vanhæfi nefndarinnar var þegar Ríkisútvarpið ákvað að greiða milljónir í bætur í stað þess að draga fréttir, sem sagðar voru rangar, til baka eða biðjast afsökunar á þeim. Það hefði verið kjörið tækifæri til þess að bregðast við en í stað þess úrskurðar nefndin í gríð og erg um fréttir sem skrifaðar eru upp úr færslum á Facebook.

Það er þess vegna vandséð hvort tilgangur nefndarinnar, sem á að vera efling fjölmiðlalæsis og fjölbreytni, hafi skilað árangri, eða hvort hún hafi aðeins vegið að ritstjórnarfrelsi í landinu.

Ráðherra þarf að átta sig á því að ríkið hefur ekki og má ekki hafa húsbóndavald yfir blaðamönnum. Þeir sem telja á sér brotið geta leitað til síðanefndar BÍ eða dómstóla og það fyrirkomulag hefur gengið þrýðilega undanfarna áratugi. Ráðherra þarf að standa við yfirlýsingar sínar um endurskoðun fjölmiðlala og á sama tíma treysta því að blaðamennska sé unnin af heilum hug. Gott fyrsta skref væri að leggja nefndina niður og þannig spara skattgreiðendum aurinn. Útgönguleiðin gæti verið sú að nefndin uppfyllir ekki lög um fjölmiðla sem kveða á um fimm nefndarmenn.



Fjölmiðlanefnd hefur frá stofnun átt sér afar lítinn tilveru-grundvöll, enda er fullkomlega óeðlilegt að opinber nefnd hafi það hlutverk að leggja stein í götu fjölmiðla.

Halldór



Frá degi til dags

Að tapa með reisu
Í gær lauk 11 mánaða stríði blaðamanna Fréttablaðsins, Ara Brynjólfssonar, um að fá umdeildan námssamning afhentan frá Seðlabanka Íslands. Ari lagði bankann í héraðsdómi og er skeyti með gögnunum frá bankanum barst loks þá hófst hann þegar handa við fréttaskrifin. Stofnun með einhverja sémakennend hefði þá beðið þess sem verða vildi. Fréttar Fréttablaðsins um samninginn. En það var til of mikils mælst.

Á sama augnabliki tók Seðlabankinn þá ákvörðun að birta samninginn í heild sinni á heimasíðu bankans undir fyrirsögninni: „Upplýsingar um námsstyrk, leyfi og einkamáfni starfsmanns.“ Frekar einkenni-legt enda var það beinlínis niðurstaða héraðsdóms að samningurinn væri ekki einkamáfni Ingibjargar heldur ætti erindi við almenning. Það er mikilvægt að kunna að tapa með reisu.

Dramatik á Stundinni
Forsíðufrétt blaðsins í gær var talin marka tímamót í fjölmiðlasögu Íslands að mati ritstjóra Stundarinnar. Í stuttu máli vegna þess að blaðið væri augljóslega orðið verkfæri Evrópusinnaðra auðmanna.

Raunveruleikinn er þó sá að stuttu fyrir prent vantaði skyndilega forsíðufrétt og blaðamaður á vakt er mikill áhugamaður um svæsin rifrildi valdamanna. bjornth@frettabladid.is

Í þjóðarhag – eða sægreifa



Oddný G. Harðardóttir
Þingmaður Samfylkingarinnar

Útflutningur á öðrum fiski fer vaxandi. Einnig fer það í vöxt að stórar útgerðir yfirbjóði á fiskmörkuðum fisk sem fluttur er óunninn til vinnslu í öðrum löndum með þeim afleiðingum að fiskvinnslur hér á landi sem treysta á að geta keypt hráefni á fiskmörkuðum, verða undir.

Um allt land eru fiskvinnslur í þessari stöðu og eru í rekstrarvanda vegna hráefnisskorts og yfirboda þeirra stærri og stöndugri. Margar þeirra hafa sagt upp fólki undanfarið, hafa þurft að draga saman seglin og munu hætta rekstri ef svo heldur fram sem horfir.

Hagkvæmni stærðar útgerðarfyrirtækja sem kaupa og selja óunninn fisk úr landi í stórum stíl og þjóðarhagur fara hér ekki saman. Og því er það þyngra en tatum taki að ráðherra taki málið ekki alvarlega – ekki ráðherra byggðamála, formaður Framsóknarflokksins, Sigurður Ingi Jóhannsson, ekki ráðherra vinnumarkaðsmála, Framsóknarmaðurinn Ásmundur Einar Daðason, ekki fjármálaráðherra, formaður Sjálfstæðisflokksins, Bjarni Benediktsson, né sjávarútvegsráðherra, Sjálfstæðismaðurinn Kristján Þór Júlíusson. Þetta er óheillaþróun sem veldur atvinnuleysi, fólksflotta frá landsbyggð og færir ríkissjóði og sveitarfélögum lægri tekjur.

Eigi fiskvinnslur sem treysta á fiskmarkaði að lifa af þarf strax að finna lausn. Eða er stjórnvöldum alveg sama um þessa þróun? Skiptir gróði og arðgreiðslur stórútgerðarinnar ríkisstjórnina meiru en atvinna og kjör íslenskra samfélaga víða um land? Hverjir vinna allan þennan óunna fisk? Hverjir eru það sem eiga svo gott skjól hjá ríkisstjórninni?

Hvað væri hægt að gera? Við getum t.d. sett í lög að umtalsvert stærri hluti afla fari á markað. Þá væri erfðara að sprengja upp verð og gera fáum stórum aðilum kleift að ryksuga upp afla á markaði og flytja úr landi. Við gætum líka lögleitt hvata til að vinna aflann hér á landi. Eigum við að vera hráefnisnáma fyrir auðuga aðila eða á vinnsla vörunnar að fara fram hér landi? Ýmis úrræði eru í boði til að snúa við þessari óheillaþróun – standi manni ekki á sama um hana.



Eigum við að vera hráefnisnáma fyrir auðuga aðila eða á vinnsla vörunnar að fara fram hér landi?

Stór pakking
á góðu verði í Bónus

Nr.3	- 6-10 kg	- 90 stk.
Nr.4	- 9-14 kg	- 78 stk.
Nr.4+	- 10-15 kg	- 76 stk.
Nr.5	- 11-16 kg	- 72 stk.
Nr.6	- 13-18 kg	- 62 stk.
Nr.7	- 15+ kg	- 58 stk.

1.595 kr./pk.
Pampers Bleiur
6 tegundir

BONUS **EKKERT BRUÐL**

Þorsteinn og Þorsteinn



Kolbeinn Öttarsson
Proppé
Þingmaður
Vinstri grænna

gjalda hafa aukist um rúmlega 200 milljarða króna á ári frá því þessi ríkisstjórn tók við völdum.“

Við fyrsta yfirllestur á greininni hélt ég reyndar að í greininni væri verið að kvarta yfir því að útgjöld hefðu ekki vaxið nægjanlega. Sá misskilningur skýrist af því að ég hlustaði á Þorstein Viglundsson í umræðum á Alþingi 13. september, þar sem hann kvartaði yfir ónógri útgjaldaaukningu. Þetta sagði Þorsteinn þá:

„Það er það sem ég held, þegar við horfum um öxl, eftir þetta hagvaxtarskeið sem nú er að líða undir lok, að við ættum að syrgja hvað mest hvað við höfum leyft innviðunum að drabbast niður, hvað við höfum engan veginn haldið fjárfestingarstigi nægilega háu. Matíð er núna að 350-400 milljarða vanti í innviðafjárfestingar um allt land í vegakerfi, viðhaldi á opinberum byggingum og svo mætti áfram telja. Við náum ekki enn í skottið á okkur þar og þar verðum við að gera betur.“

Hraði og síbreytileiki einkennir nútímamann að mörgu leyti. Dægurmálin koma og fara og athyglin dreifist víða. Ein afleiðing þessa er að við munum síður það sem sagt hefur verið áður. Þorsteinn virðist þannig hafa gleymt því hvað hann sagði á þingi fyrir rúmum mánuði síðan. Það verður hins vegar spennandi að sjá hvað honum finnst eftir mánuð; er hann þá sammála sjálfum sér í september um að það þyrfti að auka útgjöld, eða sammála sjálfum sér í október um að það þurfi að draga úr þeim?

Þorsteinn Viglundsson, varaformaður Viðreisnar, skrifar grein í Fréttablaðið í gær, 22. október, þar sem hefðbundnir frjálshyggjuvindar blása hressilega um röksemdafærsluna. Þorsteinn kvartar yfir sköttum og vitnar í elstu klisju þeirrar umræðu; orð Benjamins Franklín um að ekkert sé öruggt í lífinu nema dauðinn og skattar. Sjálfur tel ég ýmislegt annað öruggt í lífinu, en er ánægður með að Franklín hafi rækilega fest í sessi mikilvægi skattheimtu til að standa straum af samneyslunni. Ekkert er öruggt í lífinu nema dauðinn og sú staðreynd að samfélög taka höndum saman um rekstur velferðarþjónustu, heilbrigðiskerfis, vegakerfis og ýmislegs fleira, er kannski ekki eins sexí í augum frjálshyggjufólks og útlekking Þorsteins á orðum Franklín.

Hitt sem Þorsteinn kvartar yfir eru óhófleg ríkisútgjöld. Hann talar um „taumlausa útgjaldaþenslu“, grípur til þekktra frasa um að „ríkisbáknið“ sé að þenjast út og segir: „Miðað við fjárlagafrumvarp næsta árs munu útgjöld ríkissjóðs án fjármagns-

Eldur í rafbílum



Þórhallur Guðmundsson
viðskiptafræðingur

Mikið er til af slúðursögum um rafbifreiðar. Hálfur sannleikur og slettur hafa fengið næga umfjöllun í fjölmiðlum og hafa fengið marga til að efast um kaup á rafbifreiðum.

Þeir sem halda uppi mótbárum gegn rafbifreiðum eru annaðhvort hagsmunaaðilar sem vilja ekki að rafbifreiðar verði helsti kostur neytenda eða hinir sem vita einfaldlega ekki betur og skortir þekkingu á málaflokknum.

Já, það hafa Teslur orðið eldi að bráð og krassandi fréttum og djörfum fyrirsögnnum verið slegið upp í virtum dagblöðum og tímaritum út um allan heim.

Enginn vill aka bíl sem skyndilega springur upp í loga eða er líklegur til að kvikna í honum eftir árekstur.

En hversu oft kviknar í Tesla-bifreiðum í raun og veru?

Fyrsti tilkynnti eldurinn sem kom upp hjá Tesla varð þann 1. október 2013 eftir að Model S varð eldi að bráð eftir að hafa keyrt á stórt málmsþykki á veginum á miklum hraða.

Síðan þá hefur kviknað í alls 40 Teslum víða um heim. Meirihlut-

inn af þeim eldum kom í kjölfar skelfilegra háhraðaárekstra sem rifu upp Lithium-Ion-raffhlöðupakkana. Allir voru rannsakaðir af staðbundnum yfirvöldum, þar á meðal stofnunum eins og Samgönguöryggisstofu Ameríku. Engin þeirra hefur nokkurn tíma kennt um hönnun eða samsetningu Teslabifreiða.

Og í öllum tilvikum, þar á meðal íkviknun vegna rangt uppsetts hleðslutækis, hefur Tesla skoðað og uppfært öryggiskerfi bilanna til að koma í veg fyrir að þetta vandamál endurtaki sig.

Byggt á síðustu tiltækum tölulegu gögnum, þá kviknar í fimm Teslum fyrir hverja 1,6 milljarða kílómetra sem eknir eru samborið við fimmtíu og fimm elda á 1,6 milljarða kílómetra sem eknir eru á jarðefnaeldsneytisbifreiðum.

Síðustu tölur sem í boði eru frá Forvarnarsamtökum National Fire árið 2015 benda til þess að það hafi verið 174.000 brunar í jarðefnaeldsneytisbifreiðum í Bandaríkjunum það ár eða að meðaltali einn á þriggja mínútna fresti, sem leiddi til 445 dauðsfalla.

Í maí síðastliðnum dóu þrjár einstaklingar þegar bensinstöð í Virginíu sprakk í loft upp. Í febrúar eyðilögðust tveir bílar þegar bensinstöð í Norður-Karólínu brann til kaldra kola.

Hingað til hafa engin dauðsföll í Tesla-bifreiðum eða í öðrum tegundum rafbifreiða verið rakin til elds.

Einnig má nefna að flestir hafa



Og í öllum tilvikum, þar á meðal íkviknun vegna rangt uppsetts hleðslutækis, hefur Tesla skoðað og uppfært öryggiskerfi bilanna til að koma í veg fyrir að þetta vandamál endurtaki sig.

ekki miklar áhyggjur af því að kvikni skyndilega í farsísum, fartölvum, þráðlausum verkfærum eða öðru sem notar raffhlöður þrátt fyrir að þau falli í gólf og brotni.

Á síðasta ári innkallaði Ford 440.000 jarðefnaeldsneytisbifreiðar, 2.000.000 Ford F150 voru innkallaðar vegna eldhættu í búnaði sætisbelta eins skrytið og það hljómar. Einnig á síðasta ári voru innkallaðar 1.600.000 BMW jarðefnaeldsneytisbifreiðar vegna eldhættu. Ekki hefur verið ein innköllun á rafbifreiðum vegna eldhættu.

Því er hægt að fullyrða að bifreiðar sem knúnar eru jarðefnaeldsneyti og sérstaklega metanbifreiðar sem geyma gas undir þrýstingi eru töluvert hættulegri þegar kemur að eldhættu.

Beltone Trust™

Hlustaðu á hjartað þitt

Beltone Trust™ heyrnartækin gera þér kleift að heyra jafnvel minnstu smáatriði – sem stundum reynast þau mikilvægustu. Við hjá Heyrnarstöðinni leggjum allan okkar metnað í að veita góða þjónustu og bjóða upp á hágæða heyrnartæki. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN

Strætósnillingurinn frá Sheffield

Chris Wilder, knattspyrnustjóri Sheffield United, er enginn venjulegur knattspyrnustjóri. Hann hefur verið stuðningsmaður liðsins allt sitt líf, tekur strætó á barinn, er í einstökum tengslum við stuðningsmenn og spilar skemmtilegan og árangursríkan fótbolta.

FÓTBOLTI Knattspyrnustjóri Sheffield United, Chris Wilder, er einhver stórkostlegasti karakter enska boltans. Hann er fæddur í borginni, ólst þar upp og hefur haldið með liðinu alla sína hunds- og kattartíð. Hann gekk í gegnum unglingaakademíu liðsins, var boltastrákur á velli og spilaði tvisvar á ferlinum fyrir félagið sem hann elskar. Hann hefur stýrt uppgangi félagsins og farið upp um tvær deildir á þremur árum. Síðan 2016 tímabilið rúllaði af stað hefur hann unnið fleiri leiki en Jurgen Klopp. Reyndar er það þannig að aðeins Pep Guardiola hefur unnið fleiri leiki. Auðmýkt hans kemur frá rótunum og leiðinni sem hann hefur fetað. Frá því að vera finasti hægri bakvörður í neðri deildunum í að stýra Alfreton Town í neðstu deild og seinna Sheffield United upp í úrvalsdeildina.

Wilder notar strætó og er ekki að stressa sig um of á glamúrlifi enska boltans. Hann tekur strætóleið 51 í Sheffield til að fara á barinn að hitta aðra stuðningsmenn liðsins, hann fór í viðtal við The Telegraph á barnum og er vinsæll meðal fjölmörgu. Fyrir utan allt sem hann gerir utan vallar er hann líka stórsnjall



Kóngurinn Chris Wilder labbar af velli á mánudag sáttur á svip með þumal á lofti eftir að hafa lagt lið Arsenal að velli. NORDICPHOTOS/GETTY

knattspyrnustjóri. Það er alveg ástæða fyrir að hann var valinn knattspyrnustjóri ársins eftir síðasta tímabil af enska knattspyrnustjórasmanninum og hafði betur en Pep Guardiola og Jurgen Klopp, sem flestir eru sammála um að séu þeir tveir bestu.

Á mánudag sýndu Wilder og lið hans af hverju þeir eru í efri hlut-

anum þegar liðið vann Arsenal 1-0. Sheffield United og Arsenal eru ekki miklir vinir eftir bikarleik þar sem sigurmark Arsenal kom eftir óíþróttamannslega hegðun frá Nwankwo Kanu. Wilder sat svo í stúkunnni með öðrum stuðningsmönnum þegar David Seaman sýndi einhverja stórkostlegustu markvörslu síðari ára og kom Ars-

enal í bikarúrslitin árið 2003. Leikir liðsins hafa lengi verið eftirminnilegir og það er lítil vinátta á milli félaganna.

Wilder breytti rútinu liðsins í aðdraganda leiksins. Hann gaf leikmönnum fjögurra daga frí áður en þeir sneru aftur til að æfa í tvo daga undir miklu álagi. Gaf þeim svo helgarfrí. Annar fridagur kom svo á fimmtudag. Eftir þann dag má nánast segja að Wilder hafi læst leikmenn sína inni á Shirecliffe æfingavæðinu.

Hann einbeitti sér að varnarleik Arsenal í föstum leikatriðum. Eðlilega, enda aðeins Watford og Everton sem hafa fengið á sig fleiri mörk úr slíkum atriðum. Og það virkaði. Markið sem Sheffield skoraði kom eftir hornspyrnu. Liðið leyfði Arsenal að vera með boltann en varðist af stakri snilld. Pepe, sem kostaði Arsenal formúu, klikkaði á besta færi Arsenal. Aðdáendur íslenska landsliðsins hafa elskað að horfa á hvernig liðið varðist.

Sheffield United hélt hreinu og situr nú í níunda sæti deildarinnar með bestu vörn deildarinnar ásamt Liverpool. Bæði lið hafa fengið á sig sjö mörk. Þetta var í 25. skipti sem

félagið heldur hreinu síðan 2018-2019 tímabilið hófst.

Í grein Athletic um Wilder segir að hann hafi hlaupið heiman frá sér og að Bramall Lane rennandi blautur í morgunte með Kevin McCabe, fyrrverandi eiganda félagsins. Sá ber honum vel söguna. Segir að hann sé ekki vitlaus. „Hann hleypur oft hingað enda er þetta allt niður í móti frá húsinu hans. Hann fær þó far með konunni sinni til baka eða tekur strætó,“ segir McCabe.

Flestir spáðu Sheffield falli

Sheffield United var 12 ár utan ensku úrvalsdeildarinnar. Uppgangur félagsins hefur verið hraður undanfarin ár síðan Wilder tók við. Sheffield vann C-deildina fyrir tveimur árum með 100 stigum og endaði svo í tíunda sæti í Championship-deildinni. Sheffield náði öðru sæti í fyrri, á kostnað Leeds, og fylgdi þar með Norwich upp í úrvalsdeildina. Fáir spáðu liðinu góðu gengi. Enginn íslenskur leikmaður hefur spilað með Sheffield en bakvörðurinn George Baldock var á mála hjá ÍBV árið 2012 undir stjórn Magnúsar Gylfasonar. benediktboas@frettabladid.is

NOTAÐIR LÚXUSBÍLAR

SÝNINGARSALUR - HESTHÁLSI 6



RANGE ROVER SPORT P400e HSE

Nýskr. 5/2019, ekinn 8 þús. km, bensín, rafmagn, sjálfskiptur.

Verð 13.690.000 kr.

Rnr. 420243.



JAGUAR I-PACE S EV400 AWD

Nýskr. 9/2019, ekinn 1 þús. km, rafmagn, sjálfskiptur.

Verð 9.490.000 kr.

Rnr. 420244.



AUDI SQ5 TDI

Nýskr. 5/2015, ekinn 54 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

Verð 6.890.000 kr.

Rnr. 420171.



PORSCHE CAYENNE S e-hybrid

Nýskr. 1/2017, ekinn 24 þús. km, bensín/rafmagn, sjálfskiptur.

Verð 9.490.000 kr.

Rnr. 392121.



JAGUAR F-PACE R-sport 3.0 V6

Nýskr. 12/2017, ekinn 32 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

Verð 9.490.000 kr.

Rnr. 420242.



RANGE ROVER EVOQUE SE

Nýskr. 6/2018, ekinn 10 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

Verð 6.990.000 kr.

Rnr. 146153.



JAGUAR F-PACE Prestige

Nýskr. 7/2017, ekinn 33 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

Verð 7.490.000 kr.

Rnr. 420228.



JAGUAR XJ R-sport

Nýskr. 9/2018, ekinn 10 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

Verð 10.590.000 kr.

Rnr. 420230.

APPROVED
CERTIFIED PRE-OWNED

Allir bílar sem merktir eru **APPROVED** hafa farið í gegnum gæðafærli notaðra Jaguar og Land Rover bíla. Sjón er sögu ríkari – komdu í reynsluakstur strax í dag.


JAGUAR - LAND ROVER
Hesthálslí 6-8 / 110 Reykjavík
525 6500 / jaguarlandrover.is

Rubi kynning fyrir fagmenn

Í dag 23. október
frá 13:00 til 17:00



Sérfræðingur frá Rubi á staðnum



Finndu okkur á facebook

30
ÁRA
2018
Flísabúðin

Flísabúðin
Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

TÍMAMÓT



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Helga Jóhanna Kristjánsdóttir

Gnoðarvogi 20, Reykjavík,

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund fimmtudaginn 3. október.

Útförin fer fram frá Langholtskirkju 24. okt. kl. 13.00.

Kristjana G. Magnúsdóttir **Egill Jónsson**
Erla G. Magnúsdóttir
Helgi M. Magnússon **Ingunn G. Björnsdóttir**
Hafdis Magnúsdóttir **Hjörleifur L. Hilmarsson**
Jóna Björg Magnúsdóttir
Smári Magnússon **Regina Ásdísardóttir**
 barnabörn og barnabarnabörn.



Elsku sambylíismaður minn, bróðir, pabbi, tengdapabbi, afi og langafi okkar,

Ágúst Svavarsson

lést fimmtudaginn 10. október á heimili sínu í Þýskalandi.

Að ósk hins látna fór bálfor fram í Þýskalandi en útför verður frá Fossvogskirkju 29. október kl. 13.00.

Annette Rupp og Adrian Sigrún Sigríður Svavarsdóttir
Kristján Orri Ágústsson, Daniel, Bjarki, Karítas og Eva Maren
Erla Björk Ágústsdóttir, Kristinn Jóhannsson, Hekla og Vaka



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

Þórarinn Brynjar Þórðarson

Pósthússtræti 3, Keflavík,

lést á Landspítalanum v/Hringbraut sunnudaginn 20. október.

Útförin fer fram frá Keflavíkukirkju, fimmtudaginn 7. nóvember kl. 13.

Jóhanna Valtýsdóttir
Þórunna Þórarinsdóttir **Kristmann Klemensson**
Valdís Þórarinsdóttir
Kristján Þórarinsdóttir **Erla Sólbjörg Kjartansdóttir**
Brynjar Þórarinsson **Hulda Guðlaug Sigurðardóttir**
Ásta Þórarinsdóttir **Árni Þór Árnason**
Sigurþór Þórarinsson **Inga Sif Gísladóttir**
 barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.



Hannesína Tyrfringsdóttir

Sisi

Vallarbraut 10, Njarðvík,

lést í faðmi fjölskyldunnar miðvikudaginn 9. október.

Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir til starfsfólks D-deildar Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja fyrir yndislega umönnun.

Andrés Magnús Eggertsson
Eggert Þór Andrésson **Guðrún Arthúrsdóttir**
Sæunn Andrésdóttir **Tryggvi Einarsson**
Þórunna Andrésdóttir **Halldór Reinhardtsson**
Tyrfringur Andrésson **Guðriður Kristjánsdóttir**
 Barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Kristján Jóhann Kristjánsson

Miðvangi 31, Hafnarfirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi laugardaginn 19. október.

Anna Guðbjörg Erlendsdóttir
Anna Karen Kristjánsdóttir **Björn H. Arnar**
Kristína V. Kristjánsdóttir
 barnabörn og barnabarnabörn

Hljómar vel í hellum Papa

Baldur Þórhallsson stjórnmálafræðingur er meðal þeirra sem standa að átaki í að varðveita og standsetja manngerða hella við Hellu og halda þar menningarviðburði.

Við ætlum að fagna vetri á laugardaginn klukkan 20 með dagskrá þar sem fram koma Guðrún Gunnarsdóttir söngkona, Bjarni Harðarson bóksali með meiru, ég sjálfur og Karlakór Hreppamanna undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar,“ segir Baldur Þórhallsson stjórnmálafræðingur. Hann er einn þeirra sem hafa unnið að því að gera fjóra hella í landi jarðarinnar Ægissíðu við Hellu, aðgengilega. „Þegar hafa komið hópar og skoðað hellana með leiðsögn og fram undan er röð viðburða,“ lýsir hann, kampakátur.

Baldur er nefnilega sveitastrákur, fæddur og uppalinn á Ægissíðu á vesturbakka Rangár, þar sem faðir hans býr enn. „Það var mjög gaman að alast upp á þessum slóðum, við krakkarnir voru alltaf að leika okkur í hellunum og við vorum ekki gömul þegar við fórum að sýna ferðafólki þá því þeir voru í flestum ferðahandbókum á þeim tíma. Við sögðum fólki sögurnar sem afi sagði okkur og forfeður hans höfðu sagt honum.“ Sunnlendingar trú á því að Papar hafi gert hellana og búið í þeim fyrir landnám norrænna manna, að sögn Baldurs. „Hellarnir eru gerðir af miklum hagleik og hafa tæpast verið gerðir fyrir skepnur upphaflega. Í enda eins þeirra er kapella með fallega höggvinn kross sem bendir til veru kristinna manna þar.“

Tólf manngerðir hellar eru á jörðinni Ægissíðu og milli Hveragerðis og Víkur eru um 200 manngerðir hellar sem vitað er um. „Hellarnir voru nýttir af bændum þar til þeir gátu farið að byggja sér almennileg hús á 20. öld. Afi geymdi jarðávexti, sultur og saft í einum en eftir að hann hætti að geta haldið inngangi hellanna við, hefur ekki verið hægt að skoða þá fyrr en núna,“ upplýsir Baldur. Hann segir fjóra hella hafa verið gerða sýningarhæfa.



Inngangar hellanna þurfa viðhalds við. Hér er Baldur að vinna í einum.

„Okkur langar að varðveita þá, gera þá aðgengilega og erum að undirbúa margs konar menningardagskrá í þeim á næstu misserum, enda hljómar

vel í hvelfingum þeirra. Hlöðuhellir er einstakur tónleikastaður, segir mér fólk sem hefur vit á músík.“
gun@frettabladid.is



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigrún Jóhanna Jónsdóttir,

Kjálalandi 9, Garði,

lést þann 4. október.

Útför hennar fer fram frá Lindakirkju föstudaginn 25. október kl. 15.

Hafsteinn Á. Ársælsson

Ragnar Lövdal **Kristín Halldórsdóttir**
Jóhann Lövdal **Inga Þórsdóttir**
Ólafía Lövdal
Sigrún Edda Lövdal **Rögnvaldur Ólafsson**
Ingiberg Baldursson **Steinunn Kristinsdóttir**
Sigurgeir Gunnarsson
Ársæll Hafsteinson **Ingvaldur Ýr Jónsdóttir**
Bergþóra Hafsteinsdóttir **Ólafur S. Hauksson**
Klara Guðrún Hafsteinsdóttir
 ömmu- og langömmubörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Þorleifur Hjalti Þórarinsson

lést á Sjúkrahúsinu á Akranesi þann 16. október sl. Jarðsungið verður frá Háteigskirkju 25.10. 2019 kl. 13.00.

Helena Drifa Þorleifsdóttir **Atli H. Sæbjörnsson**
Þórarinn F. Þorleifsson **Anna Bára Kristjánsdóttir**
 barnabörn og barnabarnabörn.



Elsku eiginmaður minn, pabbi okkar, sonur, bróðir og tengdasonur,

Lárus Dagur Pálsson

lést laugardaginn 19. október sl.

Anna Sif Ingimarsdóttir
Páll Ísak Lárusson
Ingimar Albert Lárusson
Kolfinna Katla Lárusdóttir
Páll Dagbjartsson **Helga Friðbjörnsdóttir**
Svanhildur Pálsdóttir
Kolbrún Pálsdóttir
Helga María Pálsdóttir
Ingimar Ingimarsson **Kolbrún Ingólfsdóttir**



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

Þórður Eydal Magnússon

dr. odont.

Suðurlandsbraut 62,

lést að Víflsstöðum laugardaginn 19. október síðastliðinn.

Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju fimmtudaginn 24. október kl. 15.00.

Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir.

Kristín S. Guðbergsdóttir
Magnús Þórðarson **Kristín Kristjánsdóttir**
Björn Eydal Þórðarson **Dögg Káradóttir**
 barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 23. október 2019

39. tölublað | 13. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

		<p>Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi</p> <p>MICHELSEN 1909</p> <p>Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is</p>
---	--	--



Standu uppi í hárinu á alþjóðlegum rísa

Verðbréfamiðstöð Íslands er fullfjármögnuð eftir 300 milljóna hlutafjárúkningu Innviða sem eignuðust við það 67 prósentu hlut. Þar með getur samkeppni við einu verðbréfamiðstöð landsins, sem rekin er af Nasdaq OMX, hafist. 6

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



»2

Helmingi færri konur stofnuðu fyrirtæki

Helmingi færri konur en karlar hafa stofnað fyrirtæki á síðustu 15 árum samkvæmt nýrri skýrslu um nýsköpun. Hlutdeild kvenna vaxið töluvert á tímabilinu. Fjórðungslikur á því að fyrirtæki verði gjaldþrota.

»4

„Við hefðum viljað ganga lengra“

Formaður SA segir að stjórnvöld hafi mátt ganga enn lengra við gerð frumvarps um breytingu á samkeppnislögmum. Sérfræðingur í samkeppnisrétti segir það óheillaspor að afnema málskotsheimild SKE.

»10

Stærsta ógnin

„Því miður er það svo að krónan er enn of sterk til að ferðaþjónustan geti dafnað á sjálfbæran hátt, miðað við það erfiða rekstrarumhverfi sem hún hrærist í,“ segir Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, í aðsendri grein.

NÝ VERSLUN OPTICAL STUDIO HEFUR OPNAÐ Á HAFNARTORGI



Optical Studio
SMÁRALIND • HAFNARTORG • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

DITA

FME hafi ekki ástæðu til að naga sig í handarbökin

Við viljum auðvitað ekki vera á þessum lista, og okkur finnst skömm að því, en ég hef trú á því að við verðum fljótt tekin af honum," segir Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri FME, í samtali við Markaðinn. Ísland er sem kunnugt er komið á gráan lista alþjóðlegu samtakanna FATF vegna ófullnægjandi aðgerða gegn peningabætti. Vinna íslensk stjórnvöld nú að því að koma því í lag sem FATF hefur sett út á. Unnur segir að fjármálaeftirlitið hafi staðið vaktina hvað þetta varðar, þótt alltaf megi gera betur og því verði niðurstaða FATF ekki sérstaklega rakin til aðgerðaleysis af hálfu stofnunarinnar.

„Við getum alltaf gert betur en það er ekkert sem við erum að naga okkur í handarbökin yfir, síður en svo. Við hvílum ágætlega vel í okkar skinni vegna þess að við höfum haft strangt eftirlit með aðgerðum gegn peningabætti um langt skeið. Því er þó ekki að neita að ábendingar FATF hafa haft áhrif á vinnu okkar síðustu misseri. Við höfum til að mynda lagt meira í vettvangsathuganir sem beinast sérstaklega að aðgerðum gegn peningabætti.“

Unnur var á meðal þeirra fulltrúa íslenskra stjórnvalda sem sóttu fund FATF í París í síðustu viku þar sem ákvörðunin var tekin. Hún segir að mörg ríki hafi sýnt Íslandi skilning.

„Mér fannst margir tjá sig um, og



Unnur Gunnarsdóttir

gera það af sannfæringu, að Ísland væri ekki ógn við fjármögnun hryðjuverka og peningabætti í heiminum, og þetta væru of harðar aðgerðir. Aðrir sögðu að þetta væri einfaldlega niðurstaðan eftir hlutlægt mat fagaðila," segir Unnur. „Ég held að það hafi ekki verið margir á þessum fundi sannfærðir um að við værum ósamvinnuþýtt ríki í þessum efnun, eða að heimsbyggðinni stæði ógn af okkur. En við erum að sýna seyðid af því hvað við komum illa út úr úttektinni 2017.“

Spurð hvort FME þurfi að róa erlendar stofnanir vegna niðurstöðunnar svarar Unnur að hún viti ekki til að það sé sérstök þörf á því. „Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum verða afleiðingarnar ekki skelfilegar. Það geta komið upp ófyrirséð vandamál á einhverjum sviðum en aðallega hefur þetta að gera með áreiðanleikakannanir þegar stofnað er til viðskipta erlendis. Þá þarf að fara fram svokölluð aukin áreiðanleikakönnun sem þýðir að ferlið getur verið fyrirhafnarmeira en ella," segir Unnur. -tff

Kaupa í Marel fyrir 13 milljarða

Erlendir fjárfestingasjóðir, sem komu margir fyrst inn í hluthafahóp Marel í útboði í júní, hafa að undanförmu keypt í félaginu um 22 milljónir hluta að nafnvirði, eða fyrir um 13 milljarða króna miðað við núverandi gengi bréfa.

Þetta má lesa út úr gögnum greiningarfyrirtækisins Morningstar sem heldur utan um eignarhluti erlendra eignastýringarféлага sem eiga bréf í Marel í gegnum kauphöllina í Amsterdam. Tuttugu stærstu félögin á lista Morningstar áttu samanlagt um 90 milljónir hluta í Marel í lok september en það jafngildir um 12 prósent eignarhlut.

EKKI er hægt að fullyrða hvort þessi aukna fjárfesting sjóðanna

453

milljarðar er virði Marel.

í Marel sé á milli mánaða eða nái aðeins lengra aftur í tímann. Á meðal þeirra sem hafa bætt hvað mest við sig í Marel eru sjóðir í stýringu Blackrock en eignastýringarinn var hornsteinsfjárfestir í útboði félagsins. Aðrir sjóðir í hluthafahópnum eru meðal annars á vegum Investec, SEI Investments, Threadneedle, Baron, BAMCO, Miton, AXA Investment Managers, Vanguard og Janus Henderson. - hae

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Hörður Egiðsson hordur@frettabladid.is

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is



Skýrslan verður kynnt á fundi Íslandsbanka um frumkvöðla og nýsköpun í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Helmingi færri konur stofnuðu fyrirtæki

Helmingi færri konur en karlar hafa stofnað fyrirtæki á síðustu 15 árum samkvæmt nýrri skýrslu um nýsköpun. Hlutdeild kvenna vaxið töluvert á tímabilinu. Reynslan sýnir að fjórðungslíkur eru á að fyrirtæki verði gjaldþrota.

Helmingi færri konur en karlar hafa stofnað nýtt fyrirtæki á síðustu 15 árum en hlutdeild kvenna í stofnun fyrirtækja hefur þó vaxið töluvert á tímabilinu. Þetta er á meðal þess sem kemur fram í nýrri skýrslu Reykjavík Economics sem var unnin fyrir Íslandsbanka en hún verður kynnt í dag á fundi sem bankinn stendur fyrir.

„Hlutdeild kvenna kemur á óvart, sérstaklega í ljósi þess að ferðapjónustu hefur vaxið fiskur um hrygg á síðustu árum. Það er fagnaðarefni að hlutdeild kvenna sé að vaxa en það má gera enn betur. Stjórnvöld kynntu á dögnum nýsköpunarstefnu sína og má því velta fyrir sér hvort tilefni sé til þess að rannsaka frekar hvaða ástæður geti legið að baki og skoða hvernig fjölga megi konum í sjálfstæðum atvinnurekstri," segir Magnús Árni Skúlason, hagfræðingur Reykjavík Econometrics, sem tók saman ýmsar tölur sem varpa ljósi á stöðu og þróun nýsköpunar á Íslandi.

Á árunum 2005 til 2019 voru stofnuð 79.022 fyrirtæki á Íslandi. Þar af stofnuðu konur 24.775 fyrirtæki, eða tæplega þriðjung af heild-

arfjöldanum. Hlutdeild kvenna í stofnun fyrirtækja nam aðeins 24 prósentum á árinu 2005. Á næstu árum óx hún hratt og náði hápunkti í um 35 prósentum árið 2014. Á árunum 2015 til 2017 fór hlutdeildin niður í 32 prósent en tók síðan aftur við sér og nemur hún tæplega 35 prósentum það sem af er árinu 2019.

Í skýrslunni er líftími fyrirtækja eftir stofnari tekið saman. Tæplega þriðjungur af þeim fyrirtækjum sem voru stofnuð árið 2005 hafa orðið gjaldþrota fram til ársins 2019 en eðli málsins samkvæmt lækkar hlutfallið eftir því sem nær dregur árinu 2019. Frá árinu 2009 hefur rúmlega fimmtungur þeirra fyrirtækja sem voru stofnuð það ár orðið gjaldþrota.

„Það er áhugavert að sjá áhættuna af því að stofna fyrirtæki svart á hvítu og kannski má segja sem svo að það séu að minnsta kosti fjórðungslíkur á að fyrirtæki verði gjaldþrota eftir nokkurra ára skeið. Það undirstrikar mikilvægi þess að sýna umburðarlyndi gagnvart fólki sem er að stofna fyrirtæki og reyna að skapa ný tækifæri og störf. Það mistekst í mörgum tilvikum samkvæmt þessum tölum.“

Þá varpar Magnús þeirri spurningu fram hvort lágvaxtaumhverfið

24%

stofnaðra fyrirtækja á árinu 2005 voru stofnuð af konum.

sem Vesturlönd búa við í dag muni stuðla að aukinni fjárfestingu í nýsköpun.

„Vextir hafa farið lækkanði úti í heimi og hér á Ísland. Við erum að horfa fram á að hér verði nýtt vaxtastig sem ekki hefur þekktst áður. Þá geta lífeyrissjóðir ekki treyst á að fjárfesta bara í ríkisskuldabréfum og íbúðabréfum. Þeir gætu í auknum mæli farið að beina fjármunum í nýsköpun og áhættumeiri fjárfestingar," segir Magnús.

„Vandi nýsköpunarfyrirtækja á Íslandi hefur verið að erfitt er að komast út úr vaxtarfasanum og yfir í næsta fasa. Það krefst jafnan verulegs fjármagns. Ef við tökum tónlistarveituna Spotify sem dæmi þá hefði það fyrirtæki aldrei náð að blómstra hér á landi vegna þess að það reiddi sig á gríðarmikla fjármuni til að ná forskoti á markaðinum. Slíkir peningar hefðu aldrei verið í boði á Íslandi.“

thorsteinn@frettabladid.is



Ekkert mál hjá Vodafone

Það skiptir okkur máli að vera í góðu sambandi 24 tíma sólarhringsins. Ég þarf bara að biðja um það sem þarf og Vodafone sér um restina.

Nánar á vodafone.is/fyrirtaeki

Framtíðin er spennandi.

Ertu til?


vodafone
fyrirtæki

Sterkt og gott samband


GUARRI

Iðnaðar- og skrifstofuhúsnæði laust til leigu



Vesturvör 32B, 200 Kópavogi

Til leigu glæsilegt iðnaðar- og skrifstofuhúsnæði við Vesturvör í Kópavogi.

Húsnæðið er vandað í alla staði og uppfyllir allar kröfur hvað varðar brunavarnir (sprinklerkerfi) og umhverfismál, þ.m.t. olúskiljur.

Húsið skiptist í iðnaðarrými með allt að 7 metra lofthæð, skrifstofu- og starfsmannarými. Á húsinu eru alls níu innkeyrsludyr, þar af tvær 6,4 m háar og 6 m breiðar og fjórar sem eru 4,2 m á hæð og 3,7 m á breidd.

Gólf í iðnaðarhlutanum eru máluð, en á skrifstofuhlutanum og er steinteppe.

Góð malbikuð bílastæði eru allt í kringum húsið.

- 1.000 m² til 3.700 m² rými í boði
- Góð lofthæð
- Laust samkvæmt samkomulagi

Malasíski risinn gengur frá kaupunum á Geirsgötu 11

Dótturfélag malasísku fyrirtækjasamsteypunnar Berjaya Corporation, sem keypti í sumar 75 prósent hlutafjár í Icelandair Hotels, hefur gengið frá kaupum á fasteigninni að Geirsgötu 11 á Miðbakka við Gömlu höfnina í Reykjavík.

Frá þessu er greint í tilkynningu sem félagið sendi til kauphallarinnar þar í landi í síðustu viku. Heildarvirði samningsins, eins og greint var frá í Markaðinum í febrúar þegar samkomulagið var undirritað með fyrirvörum, nemur 14 milljónum Bandaríkjadala, jafnvirði 1.750 milljóna króna. Þar af kaupir malasíska félagið, sem ber heitið Berjaya Land Berhad, allt hlutafé í eignar-

haldsfélaginu Geirsgötu 11 ehf. fyrir 1,4 milljónir dala og greiðir auk þess upp 12,6 milljóna dala skuld umrædds eignarhaldsfélags við Útgerðarfélag Reykjavíkur.

Seljendur eru félögin Fiskitangi og Útgerðarfélag Reykjavíkur sem eru að stærstum hluta í eigu Guðmundar Kristjánssonar, útgerðarmanns og forstjóra HB Granda.

Berjaya, sem var stofnað af milljarðamæringnum Vincent Tan, eiganda breska knattspyrnufélagsins Cardiff City, hefur sagt að kaupin á Geirsgötu 11 myndu gefa félaginu tækifæri til þess að hefja fjárfestingar, svo sem á sviði fasteignarþróunar og sér í lagi hóteltarfermi, á Íslandi. Félagið, sem átti í lok



Heildarkaupverðið nemur 1.750 milljónum króna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

október í fyrra eignir upp á alls 390 milljarða króna, rekur hótél víða í suðausturhluta Asíu sem og í Lundúnum.

Fasteignin, sem er gömul vöruskemma, hefur staðið að mestu ónotuð undanfarin ár og er farin að láta á sjá. Ekki hefur legið fyrir hvort leyfi fái til byggingar hótels á svæðinu.

Þannig samþykkti stjórn Faxaflóahafna haustið 2018, að tillögu skipulagsfulltrúa hafnarinnar, að biða með framkvæmdir og uppbyggingu á Miðbakka þar til framkvæmdum við Austurhöfn lýkur og ljóst yrði með hvaða hætti skipulag umferðar um Austurbakka og starfsemi á jarðhæð hússins verður. – hae

„Við hefðum viljað ganga lengra“

Formaður Samtaka atvinnulífsins segir að stjórnvöld hafi mátt ganga enn lengra við gerð frumvarps um breytingu á samkeppnislögmum. Sérfræðingur í samkeppnisrétti segir það hins vegar óheillaspor að afnema málskotsheimild Samkeppniseftirlitsins.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Samkeppnislögin hér eru meira íþyngjandi en víðast hvar annars staðar í Evrópu og því eru þessar breytingar skref í rétta átt. Heilt yfir erum við jákvæð, en við hefðum viljað ganga lengra,“ segir Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, í samtali við Markaðinn.

Heimild Samkeppniseftirlitsins til að skjóta úrskurðum áfrýjunarnefndar samkeppnismála til dómstóla verður afnumin samkvæmt nýju frumvarpi atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra þar sem boðaðar eru miklar breytingar á samkeppnislöggjöfinni. Frumvarpið felur einnig í sér að það verði á ábyrgð fyrirtækjanna sjálfra að meta hvort þau megi eiga í samstarfi. Þá verða veltumörk tilkynningarskyldra samruna hækkuð nokkuð frá því sem nú er.

Halldór segir að samkeppnislögin séu til staðar til að gæta hagsmuna almennings og minni fyrirtækja. Stærstur hluti aðildarfyrirtækja SA séu lítil og meðalstór fyrirtæki, og því láti samtökin sig hagsmunum þeirra varða.

„Stærsti hluti aðildarfyrirtækja SA eru lítil og meðalstór fyrirtæki þannig að við látum hagsmunum þeirra okkur varða. Lögin ættu að vera skýr og sambærileg því sem gerist í Evrópu. Þau þurfa að feta ákveðinn milliveg, því ef þau standa í vegi fyrir eðlilegri hagræðingu í atvinnulífinu þá mun það á endanum bitna á almenningi í hærra verðlagi. Eðli málsins samkvæmt eru allir markaðir á Íslandi litlir sem ætti að kalla



Stórir samrunar hafa átt sér stað á smásölumarkaði á undanförunum árum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

á meiri sveigjanleika, ekki enn meira íþyngjandi reglur heldur en eru í samkeppnislöndum okkar.“

Séríslenskt fyrirbæri

Spurður um málskotsheimild Samkeppniseftirlitsins segir Halldór að íslensk stjórnvöld sé þannig uppbyggð að lægra sett stjórnvöld taki ákvarðanir sem borgarar geta kært til æðra settra stjórnvalda, annað hvort áfrýjunarnefnda eða ráðuneyta. Ef borgararnir sætti sig ekki við niðurstöðu æðra settra stjórnvaldsins geti þeir skotið málum sínum til dómstóla.

„Málskotsréttur Samkeppniseftirlitsins er séríslenskt fyrirbæri en það er eina stjórnvaldið á Íslandi sem hefur svona opna heimild til að

Gætu saknað lagalegrar vissu

Samkvæmt frumvarpinu verður sem áður segir á ábyrgð fyrirtækjanna sjálfra að meta hvort þau megi eiga í samstarfi. Núgildandi lög kveða hins vegar á um að Samkeppniseftirlitið veiti undanþágu vegna samstarfs. Eggert telur ekki óeðlilegt að þessi leið sé afnumin.

„Ég hef í raun aldrei skilið af hverju þessu undanþágufæri var haldið inni í samkeppnislögmum eftir svokallaða nútímavæðingu samkeppnisreglna ESB og EES. Annað mál er að ég er aðeins smeykur um að fyrirtæki séu ekki í stakk búin til að meta fullkom-

lega hvenær þau eru innan og hvenær þau eru utan bannsvæðis samkeppnisreglna þegar þau ráðast í samstarf með öðrum fyrirtækjum,“ segir Eggert.

„Eitt er vist að það er ekki verið að auka svigrúm fyrirtækja til samstarfs sem takmarkar viðskiptalegt sjálfstæði þátttakenda í samstarfinu eða sem fela í sér hættu á „samráðssmiti“ yfir á önnur starfssvið en samstarfið lýtur beinlínis að. Það kann líka að koma upp úr durnum að fyrirtæki sakni þeirrar lagalegrar vissu sem undanþága Samkeppniseftirlitsins veitti.“

skjóta málum æðra settra stjórnvalda til dómstóla. Auðvitað eiga lægra sett stjórnvöld að hlíta niðurstöðum æðra settra stjórnvalda og það er málsaðila að ákveða hvort þeir vilji skjóta málum til dómstóla,“ segir Halldór.

„Þessi málskotsréttur Samkeppniseftirlitsins væri sambærilegur því að héraðsdómari gæti skotið niðurstöðu Landsréttar, sem hefði snúið niðurstöðu hans við, til Hæstaréttar.“

Hækkunin tímasekkja

Eggert B. Ólafsson, sérfræðingur í samkeppnisrétti, nefnir að tveir af stærstu samrunum Íslandssögunnar hafi nýlega átt sér stað, og vísar þar til samruna Haga og Olis annars vegar og Festar og N1 hins vegar. Mikilvægt sé að samkeppnisvöld haldi vöku sinni hvað varðar samþjöppun á mörkuðum sem stórir samrunar snerta.

„Mér sýnist að hækkun á veltuviðmiði samruna fyrir tilkynningarskyldu sé tímasekkja í þessu ljósi. Það kemur líka fram í greinargerð með frumvarpinu að nýja viðmiðið sé ívið hærra en þau sem notast er við í Skandinavíu miðað við landsframleiðslu ríkjanna. Ég held að hið smáa íslenska hagkerfi og samtengda atvinnulíf með miklum persónulegum tengslum manna á milli þurfi á meira fremur en minna samrunaeftirliti að halda,“ segir Eggert.

Eggert telur að það sé óheillaspor að afnema málskotsheimild Samkeppniseftirlitsins. Hins vegar megi takmarka heimildina þannig að hún taki aðeins til lagaatriða en ekki matskenndra atriða eins og skilgreiningar á markaðsráðandi stöðu. „Ef málskotsheimild Samkeppniseftirlitsins verður takmörkuð tel ég hættu á því að við sitjum árum saman uppi með skilgreiningar úrskurðaraðila á stjórnvöldum,“ segir Eggert.

Ég held að hið smáa íslenska hagkerfi og samtengda atvinnulíf með miklum persónulegum tengslum manna á milli þurfi á meira fremur en minna samrunaeftirliti að halda.

Eggert B. Ólafsson, sérfræðingur í samkeppnisrétti



Allir markaðir á Íslandi eru litlir sem ætti að kalla á meiri sveigjanleika, ekki enn meira íþyngjandi reglur heldur en eru í samkeppnislöndum okkar.

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA



þ.e. áfrýjunarnefndarinnar, á lagaatriðum eins og hvað telst ólöglegt samráð, hvenær EES-samningurinn eigi við eða hvað sé samkeppnislandi samningur,“ segir Eggert. Fordæmið fyrir atvinnulífið og neytendum verði þá úrskurður valdhafa á stjórnvöldum en ekki dómstóla.

„Það er oft miklum erfiðleikum bundið fyrir einstaklinga og lítil fyrirtæki að sækja rétt sinn fyrir dómstólum vegna kostnaðar og hættu á að verða sett út af sakramentinu hjá markaðsráðandi fyrirtæki sem dómsmál varðar. Ég tel mjög mikilvægt að Samkeppniseftirlitið sé á að gæta hagsmuna neytenda í viðtækasta skilningi þess hugtaks geti fylgt málum eftir í gegnum allt dómskerfið þegar um mikilvæg atriði er að ræða,“ segir Eggert og nefnir Mjólkursamsölumálið því til stuðnings.

„Ef Samkeppniseftirlitið hefði ekki haft heimild til skjóta úrskurði áfrýjunarnefndar til dómstóla í því máli er hætt við að staðan væri enn sú að keppinautar MS þyrftu að sæta því að fá hráefni til vinnslu mjólkurafurða á mun hærra verði en Mjólkursamsalan sjálf.“

Þá segist Eggert sakna þess að löggjöfin skuli ekki hafa nýtt tækifærið til að skerpa á rétti og möguleikum neytenda og fyrirtækja til að sækja sér skadabætur til fyrirtækja sem brjóta samkeppnislög. Evrópusambandið samþykkti tilskipun þess efnis árið 2014 en hún sé ekki orðin hluti af EES-samningnum.

HÓTEL
HAFNARFJALL

Hafnarskógi · 311 Borgarnesi
Sími, 437 2345 · www.hotelhafnarfjall.is

Fyrir einkasamkvæmi fyrirtækja/klúbba

Laus eru nokkur kvöld í nóvember og desember (fö&lau).

Gisting og morgunmatur
Þriggja rétta máltíð eða hlaðborð.
Leitið verðtilboða.

Hótél Hafnarfjall hentar mjög vel fyrir 20-40 manna hópa sem vilja vera út af fyrir sig.

Gott svæði til útivistar og heilsuþótar í nágrenninu.

Hefja samstarf við lyfjarisann Pfizer

Íslenska tæknifyrirtækið SidekickHealth er komið í samstarf við þriðja stærsta lyfjafyrirtæki heims. Þróa stafræna heilbrigðis meðferð við reykingum. Mikill ávinningur af slíku samstarfi fyrir lyfjafyrirtæki sem og sjúklingana. Ný hlutafjárútkning á næsta ári.

Íslenska heilbrigðis tæknifyrirtækið SidekickHealth er komið í samstarf við lyfjarisann Pfizer sem mun meðal annars fela í sér þróun á svokallaðri stafrænni heilbrigðis meðferð við reykingum.

„Þetta hefur gríðarlega mikla þýðingu fyrir okkur og býður upp á enn fleiri tækifæri með Pfizer og öðrum lyfjafyrirtækjum. Það að vera með Pfizer sem samstarfsaðila gefur okkur gæðastimpil í öðrum samningaviðræðum,“ segir Tryggvi Þorgeirsson, framkvæmdastjóri og annar af stofnendum SidekickHealth.

Fyrirtækið hefur þróað stafræna heilbrigðis meðferð, þar sem tækninni er beitt til að bæta meðferð fólks með langvinna sjúkdóma svo sem sykursýki, bólgusjúkdóma og hjarta- og æðasjúkdóma. Fréttablaðið greindi frá því í sumar að Novator, fjárfestingafélag Björgólfs Thors Björgólfssonar, og tengdir fjárfestar hefðu lokið við hundrað milljóna króna innspýtingu í SidekickHealth en fjárfestahópurinn hefur lagt fyrirtækinu til hundruð milljóna frá stofnun þess. Stefnt er að því að sækja nýtt hlutafé á næsta



Tryggvi Þorgeirsson, framkvæmdastjóri Sidekick. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

ári til að fjármagna áframhaldandi vöxt.

Tryggvi segir að stafræn heilbrigðis meðferð feli í sér mikinn ávinning fyrir sjúklinga í lyfjameðferð. Hann vísar til þess að í vor hafi SidekickHealth verið notað samhliða lyfjameðferð í fyrsta sinn. Niðurstaðan var sú að sjúklingar fundu fyrir meiri orku, leið betur og þeir voru virkir alla meðferðina. Þá voru þeir betur í stakk búnir til að takast á við þær áskoranir sem fylgja sjúkdómnum.

„Lyfjafyrirtækin sjá einnig hag sinn í að veita stafræna heilbrigðis meðferð. Við erum að sjá heilbrigðis tryggingakerfið færast meira og meira í átt að því sem kallast „value-based reimbursements“ sem þýðir að lyfjafyrirtækin þurfa á hverju einasta ári að rökstyðja lyfjaverð gagnvart kaupendum sínum með því að sýna fram á að lyfin bæti heilsu og líðan sjúklinga,“ segir Tryggvi.

„Með því að tengja lyfjameðferðina við töl eins og SidekickHealth, sem tekur á öllum þeim lífsstílsþáttum sem lyfin sjálf ná ekki að taka á, eykst árangurinn af lyfjameðferðinni.“

Ætla má að stórfyrirtæki á borð

við Pfizer fái fjölda fyrirspurna og tilboða um samstarf. Aðspurður segir Tryggvi að forsenda fyrir því að landa samningi við Pfizer hafi verið öll sú rannsóknar- og þróunarvinna sem liggur að baki SidekickHealth. Í kjölfar beta-útgáfu forritsins árið 2015 var ráðist í klínískar rannsóknir sem sýndu góðar niðurstöður og voru fyrstu niðurstöður kynntar á vísindapeningi í Bandaríkjunum árið 2017.

„Það að þróa stafræna heilbrigðis meðferð er dálítið eins og að þróa lyf vegna þess að ferlið er bæði kostnaðarsamt og tímafrekt. Það eru meira en 300 þúsund heilsuópp á markaðnum en aðeins örfá bjóða upp á stafræna heilbrigðis meðferð sem byggist á rannsóknnum. Við hefðum aldrei komist í samstarf við Pfizer án þess að vera með góða vöru sem er sannreind með klínískum rannsóknum. Það var algjör lykilorðsenda,“ segir Tryggvi. Þá vísar hann til þess að í nýlegri úttekt alþjóðlega matsfyrirtækisins Orcha, sem metur smáforrit í heilbrigðisgeiranum, var SidekickHealth í efsta 0,1 prósentinu hvað gæði varðar.

thorsteinn@frettabladid.is

TM

HLUTHAFAFUNDUR Í TRYGGINGAMIÐSTÖÐINNI HF. 13. NÓVEMBER 2019

Stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf. boðar til hluthafafundar í félaginu sem haldinn verður miðvikudaginn 13. nóvember 2019 kl. 16:00 í fundarsal félagsins að Síðumúla 24, Reykjavík, 4. hæð.

Dagskrá

1. Tillaga um samþykki fyrir ákvörðun stjórnar félagsins um kaup á öllu hlutafé í lánaþyrtingu Lykill fjármögnun hf.
2. Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins.
3. Tillaga um heimild stjórnar til að hækka hlutafé í félaginu.
4. Önnur mál löglega fram borin.

Um tillögu samkvæmt dagskrárlíð 1

Félagið hefur samið við Klakka ehf. um kaup á öllu hlutafé Lykils fjármögnunar hf. og kaupsamningur þess efnis var undirritaður þann 10. október 2019. Viðskiptin eru háð samþykki Fjármálaeftirlitsins, Samkeppniseftirlitsins, svo og samþykki hluthafafundar í Tryggingamiðstöðinni hf. Stjórn félagsins leggur til að hluthafar samþykki kaup félagsins á öllu hlutafé Lykils fjármögnunar hf. enda er það álit stjórnar að viðskiptin séu félaginu hagfelld.

Um tillögu samkvæmt dagskrárlíð 2

Lögð er fyrir fundinn svohljóðandi tillaga um breytingar á samþykktum félagsins:

- a. 1. gr. samþykktanna hljóði svo: „Félagið er hlutafélag. Nafn þess er TM hf.“
- b. 3. gr. samþykktanna hljóði svo: „Tilgangur félagsins er eignarhald á hlutum í félögum á sviði fjármála-, lána- og fjárfestingastarfsemi, váttryggingastarfsemi og annars skylds reksturs. Enn fremur eignarhald og rekstur fasteigna, eigin fjárfestingarstarfsemi og þjónusta við dótturfélög.“

Um tillögu samkvæmt dagskrárlíð 3

Til að fjármagna kaup á Lykli fjármögnun hf. leggur stjórn til að henni verði veitt heimild til að hækka hlutafé félagsins um allt að kr. 125.000.000 að nafnvirði með útgáfu nýrra hluta. Tillaga stjórnar felur í sér að hluthafar hafi forgangsrétt til nýrra hluta sem verða gefnir út á grundvelli heimildarinnar í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995 og samþykktir félagsins. Efnit verður til almenns hlutafjárútbóts til að safna áskriftum að hinum nýju hlutum þar sem núverandi hluthafar njóta forgangsréttar í samræmi við hlutafjáreign sína en almennum fjárfestum verður gefinn kostur á að skrá sig fyrir þeim hlutum sem forgangsréttarhafar nýta sér ekki. Í útbótsferlinu er stjórninni veitt heimild til að ákvarða útbótsgegngi hluta, áskriftar- og greiðslufresti og sölureglur að öðru leyti.

Arion banka hf. verður falið að hafa umsjón með útbóðinu sem mun fara fram jafnskjótt og útbóðsýsing hefur verið gerð og skylt er gefa út í tengslum við útbóðið.

Í tillögu stjórnar felst jafnframt breyting á samþykktum félagsins á þann veg að við þær bættist eftirfarandi ákvæði til bráðabirgða:

„Stjórn félagsins er heimilt að auka hlutafé félagsins um allt að kr. 125.000.000 að nafnvirði með útgáfu nýrra hluta. Hluthafar njóta forgangs til áskriftar að hinum

nýju hlutum í samræmi við hlutafjáreign sína en almennum fjárfestum verður gefinn kostur á að skrá sig fyrir þeim hlutum sem forgangsréttarhafar nýta sér ekki. Andvirði hlutafjárútkningarinnar skal notað til fjármögnunar á kaupum félagsins á öllu hlutafé Lykils fjármögnunar hf. Stjórn félagsins ákveður útbótsgegngi þessara hluta, sölu-reglur, fresti til áskriftar og fresti til greiðslu þeirra. Stjórn félagsins skal heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins í tengslum við útgáfuna. Heimild þessi fellur úr gildi eigi síðar en 31. mars 2021.“

Um dagskrárlíð 4

Hluthafar hafa heimild til að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á fundinum og skal kröfu þar um fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun sem berast skal stjórn félagsins skriflega eða rafrænt á netfangið stjorn@tm.is í síðasta lagi 3. nóvember næstkomandi.

Nánar um fundinn og framkvæmd hans

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð á eyðublaði eða í samræmi við eyðublað sem aðgengilegt er á vef félagsins, tm.is/fjarfestar. Rafrænt umboð skal sent félaginu á netfangið stjorn@tm.is áður en fundur hefst.

Ekki verður unnt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Óski hluthafi að taka fyrir fram þátt í atkvæðagreiðslu skriflega og fá sendan atkvæðaseðil skal hann gera skriflega kröfu þar um til félagsins eigi síðar en fimm dögum fyrir fundinn. Að auki er unnt að greiða atkvæði á skrifstofu félagsins á venjulegum opnunartíma (kl. 09:00 til 16:00) til og með þriðjudeginum 12. nóvember 2019, en fyrir lokun þann dag skal einnig skila þangað útsendum atkvæðaseðlum. Nánar fer um atkvæðagreiðsluna og gildi atkvæða samkvæmt henni eftir reglum félagsins um atkvæðagreiðslu utan hluthafafundar, settum af stjórn félagsins 18. desember 2013.

Dagskrá hluthafafundarinnar og tillögur sem fyrir hann verða lagðar, svo og aðrar nauðsynlegar upplýsingar um fundinn má finna á vef félagsins (www.tm.is/fjarfestar).

Hluthafar og umboðsmenn geta skráð sig á fundinn á fundarstað hálfri klukkustund áður en hann hefst og fengið fundargögn afhent.

Stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf.

Helgi Vífill
Júliusson
helgivi@frettabladid.is



Framtakssjóðurinn Innviðir fjárfestingar, sem er að stærstum hluta fjármagnaður af lífeyrissjóðum, hefur eignast 67 prósentu hlut í Verðbréfamiðstöð Íslands samhliða um 300 milljóna króna hlutafjárúknuningu í félaginu. Fyrir í hluthafahópnum eru lífeyrissjóðir, Arion banki og Íslandsbanki auk einkafjárfesta sem fara með um átta prósentu hlut.

„Fyrirtækið er fullfjármagnað eftir hlutafjárúknunina og mun hefja starfsemi á næstu mánuðum. Segja má að við séum á flugbrautinni og munum brátt taka á loft,“ segir Sigbrúður Ármann, stjórnarformaður Verðbréfamiðstöðvarinnar. Hún er jafnframt stofnandi og framkvæmdastjóri Exedra sem er umræðuvettvangur fyrir konur í pólitík, opinbera geiranum og atvinnulífinu.

„Það er einkar ánægjulegt að fá Innviði, sem samanstanda af um 20 lífeyrissjóðum, í hluthafahópinn,“ segir Sigbrúður.

Þetta er önnur fjárfesting sjóðsins en í haust keypti hann 13 prósentu hlut í HS Veitum. Innviðum er stýrt af Summu rekstrarfélagi í samstarfi við Ursus, fjárfestingafélag Heiðars Guðjónssonar, forstjóra Sýnar.

Erla Hrönn Aðalgeirsdóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, bendir á að verðbréfamiðstöð sé kerfislega mikilvægur fjármálainnviður því hún tengi saman fjármálamarkaði og fjármálafyrirtæki með uppgjöri verðbréfavíðskipta.

Verðin hækkuðu verulega

Hvers vegna var farið af stað með að stofna Verðbréfamiðstöð?

Fyrir á markaðnum er fyrirtæki sem er í eigu Nasdaq OMX-samstæðunnar.

Sigbrúður: „Tilgangur félagsins er að koma á samkeppni á markaði sem í dag ríkir algjör einokun á og lækka þann háa kostnað sem innheimtur hefur verið af þjónustu við rafræn verðbréf. Verðin höfðu hækkað verulega frá árinu 2006.

Viðskiptavinir höfðu falast eftir verðlækkunum en ekki haft erindi sem erfiði. Því var látinn slagur standa og komið á fót verðbréfamiðstöð til að tryggja samkeppni og val viðskiptavina á markaðnum.

Við sjáum fram á að markaðurinn hafi möguleika á því að spara tugi milljóna með tilkomu Verðbréfamiðstöðvar Íslands.“

Erla Hrönn: „Markaðurinn hefur nú þegar notið góðs af tilkomu Verðbréfamiðstöðvarinnar því keppinauturinn hefur lækkað verðið þrisvar sinnum frá stofnun fyrirtækisins. Og reksturinn er ekki enn hafinn.“

Sigbrúður: „Það sýnir enn og aftur hvað samkeppni er samfélaginu mikilvæg.“

Erla Hrönn: „Okkar markmið er að veita viðskiptavinum skilvirka og örugga þjónustu á samkeppnishæfum verðum. Eignarhaldið er íslenskt, líkt og það var þegar Verðbréfaskráning Íslands var upphaflega stofnuð árið 1997 og starfsemi félagsins lýtur eftirliti innlendrar eftirlitsaðila.“

OMX, sem rak verðbréfamarkaði á Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjunum, keypti Kauphöllina og Verðbréfaskráningu Íslands árið 2006. Síðar fóru alþjóðlegu fyrirtækin Nasdaq og OMX saman í eina sæng snemma ársins 2008 og var nafninu þá breytt í Nasdaq verðbréfamiðstöð. Samstæðan rekur átta kauphallir og verðbréfamiðstöðvar.

Fjögur ár í undirbúningi

Hvað er langt síðan undirbúningur hófst við að koma fyrirtækinu á fót?

Erla Hrönn: „Starfsemi Verðbréfamiðstöðvar Íslands hefur verið í undirbúningi í fjögur ár. Fyrirtækið var stofnað síðla árs 2015. Að



Erla Hrönn Aðalgeirsdóttir er framkvæmdastjóri Verðbréfamiðstöðvar Íslands og Sigbrúður Ármann er stjórnarformaður. Erla segir að umsókn um starsfleyfi kep

Eru á flugbrautinni eftir fjögurra ára vinnu

Verðbréfamiðstöð Íslands er fullfjármögnuð eftir hlutafjárúknuningu. Innviðir er með meirihluta í félaginu að henni lokinni. Ekki tókst að knýja fram gjaldskrárlækkanir og því var ákveðið að stofna aðra verðbréfamiðstöð.

mörgu þarf að huga og það þarf að vanda vel til verka.“

Hvað er verðbréfamiðstöð?

Sigbrúður: „Hafa ber í huga að kauphöll og verðbréfamiðstöð eru ekki það sama. Það er tvennt ólíkt. Þar fyrir utan eru þetta tvö aðskilin fyrirtæki með tvö starsfleyfi.“

Erla Hrönn: „Kauphöll er markaðstorg þar sem viðskipti með verðbréf fara fram. Hlutverk verðbréfamiðstöðva er að annast uppgjör viðskiptanna samkvæmt fyrirætlunum og tryggja að peningar og verðbréfskipti um hendur á réttum tíma þannig að réttindi þeirra sem eiga rafrétt séu tryggð á hverjum tíma.

Verðbréfamiðstöð rekur uppgjörskerfi fyrir rafrétt svo sem skuldabréf og hlutabréf, hlutdeildar-

skírteini sjóða og víxla. Þannig eru viðskipti sem eiga sér stað í kauphöll gerð upp eftir ákveðnum reglum og ferlum.

Hlutverk verðbréfamiðstöðvar er að vera vettvangur fyrir útgáfu rafréfa. En útgáfa rafréfa fer oftast þannig fram að reikningsstofnun eða þátttakandi í verðbréfamiðstöð óskar eftir fyrir hönd útgefanda að gefa út rafrétt.

Það er síðan verðbréfamiðstöðvar að tryggja að þær útgáfur sem skráðar eru séu eins og kveðið er á um og allar forsendur og réttindi séu réttar, það er tryggja þarf heilindi útgáfu.

Samkvæmt lögum um rafræna skráningu verðbréfa er þannig gert ráð fyrir að skráning verðbréfamið-

stöðvar á bréfunum hafi tiltekin réttaráhrif í för með sér þar sem hún veitir hinum skráða eiganda lögformlega heimild fyrir réttindum samkvæmt bréfinu og hefur þar með áhrif á forgangsröðun ósamrýmanlegra réttinda.

Verðbréf og aðrar útgáfur þurfa ekki að vera skráðar í kauphöll til að það sé akkur í skráningu í verðbréfamiðstöð. Því fylgir til dæmis hagræði að hlutabréf séu skráð rafrænt bæði fyrir hluthafana sjálfa og hlutafélagið, meðal annars til að tryggja eignarrétt hluthafa á hverjum tíma og aðgang félagsins að hluthafalista.

Að lokum er það eitt af hlutverkum verðbréfamiðstöðvar að halda verðbréfareikninga. Verðbréf sem

skráð eru á verðbréfareikninga hjá fjármálafyrirtæki eru raunverulega hýst hjá verðbréfamiðstöð, en þátttakendur í verðbréfamiðstöð, sem þá eru fjármálafyrirtæki og aðrir samkvæmt lögum, hafa umsjón með þeim. Það myndast ákveðin keðja.“

Arðsemiskröfu stillt í hóf

Hvernig getur Verðbréfamiðstöð Íslands boðið betra verð en stórt alþjóðlegt fyrirtæki sem starfað hefur á markaðnum lengi?

Sigbrúður: „Fyrirtækið er rekið með lítilli yfirbyggingu. Við horfum í hverja krónu án þess að það komi niður á öryggi og lipurri þjónustu til að geta boðið upp á góð verð.“

Erla Hrönn: „Öðrum verkefnum en þeim sem sérhæfðir starfsmenn á sviði uppgjóra, útgáfupjónustu og þekkingar á tölvukerfinu sinna, er útviðað. Má þar nefna tækniþjónusta, bókhald og lögfræðiráðgjöf.“

Sigbrúður: „Arðsemiskröfunni er jafnframt stillt í hóf. Keppinauturinn hefur hagnast verulega á umliðnum árum og greitt sér myndarlegan arð. Þegar allt kemur til alls eru það eigendur verðbréfa sem greiða fyrir þessa þjónustu.“

Blaðamaður valdi af handahófi ársreikning Nasdaq verðbréfamiðstöðvar fyrir árið 2015 og nýjasta ársreikninginn sem er fyrir síðasta

HEIMILI

MIDVIKUDAGUR 23. OKTÓBER 2019

Heimili



**EINSTAKT
KOLLAGEN
FYRIR ANDLITIÐ**



Fæst í betri apótekum, Heilsuver,
www.tyfja.is og www.heilsanheim.is

Allir geta tekið þátt í hrekkjavökuhátíðinni

Regína Ósk byrjaði að halda upp á hrekkjavökuhátíðina á síðasta ári með flottum búningum og óhugnanlegum skreytingum. Hún er spennt fyrir hátíðinni í ár og segir að hún sé ólík öskudegi því hún sé fyrir alla aldurshópa. ➔

Framhald af forsiðu →

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Sífelld fleiri Íslendingar halda upp á hrekkjavökuhátíðina, sem fer fram á fimmtudag í næstu viku, 31. október. Hátíðin hefur notið síaukinna vinsælda á Íslandi á undanförunum árum og söngkonan Regína Ósk er ein þeirra sem hafa tekið henni með opnum örmum. Í fyrra hélt hún upp á hrekkjavöku af krafti í fyrsta sinn og í ár ætlar hún að leggja enn meira í hátíðarhöldin.

„Ég hélt fyrst upp á hrekkjavökuhátíðina fyrir tveimur árum, en það var smá aðdragandi að því. Elsta dóttir mín á afmæli í október og þegar hún var 13 ára hélt hún hrekkjavökuafmæli, sem varð kveikjan að því að ég keypti fyrstu skreytingarnar,“ segir Regína Ósk. „Við fluttum svo í einbýlishús fyrir tveimur árum og það er alveg svona ekta hús til að skreyta fyrir jól eða hrekkjavöku, þannig að í fyrsta tókum við þetta alla leið í fyrsta skipti og það var ótrúlega skemmtilegt. Það myndaðist mikil stemning og krakkarnir í hverfinu voru duglegir að koma til okkar og fá nammi og svona. Þetta var bara geggjá!“

Óskur og draugagangur

„Við vorum búin að finna upp-tökur af öskrum og alls konar óhljóðum á netinu og spiludum þau í hátalara þannig að þau heyrðust innan úr íbúðinni þegar maður opnaði hurðina,“ segir Regína Ósk. „Við vorum líka með reykt úr brúsa og alls konar lituð ljós sem við notuðum til að lýsa bæði úti og inni og baða heimilið í alls konar óhugnanlegri birtu. Við bílskúrinn settum við líka upp fyllta hettupeysu þannig að það leit út eins og einhvern hefði lent undir bílskúrshurðinni!“

Í ár ætlum við að halda þessu svolítið drungalegu. Við verðum með útskorið grasker og appelsínugul liturinn fær að njóta sín. Við verðum líka með stóra gervikönguló og köngulóarvefi út um allt,“ segir Regína Ósk. „Ég keypti líka límmiða með blóðugum handaförum sem verða á bílskúrnum og það verður líka settur upp lögreglu-

Að sjálfsögðu skipar útskorna graskerið heiðursess.

Parf að gera lífið skemmtilegt Regína telur að ástæðan

borði eins og er notaður til að girða af. Þetta tínist smám saman til.

Við verðum líka með myndvarpa og ætlum að varpa einhverju draugalegu í gluggana. Maðurinn minn er æstur í þetta og hann sér um tæknilegu hliðina, en ég sé um nammið og skrautið, það er svaka metnaður í þessu hjá okkur,“ segir Regína Ósk og hlær.

„Ég er komin með ágætis kassa af hrekkjavökuskrauti sem ég passa upp á eins og jólasakraitið. Það eina sem er leiðinlegt við að skreyta fyrir hrekkjavökuna er hvað þetta er í stuttan tíma, bara einn dag,“ segir Regína Ósk. „En við ætlum að reyna að halda þessu uppi í viku. Kransinn er kominn upp, en svo bætist hægt og rólega í þangað til þetta nær hápunkti á hrekkjavökukvöldinu sjálfu.“

Auðvelt að fá skraut í dag

Regína segist fá hrekkjavökuskraut mjög víða. „Það er miklu meira af hrekkjavökudóti til í búðunum núna en þegar ég hélt hrekkjavökuafmælið fyrir dóttur mína fyrir fjórum árum. Núna er allt til, en fyrst þurfti ég að búa til skraut sjálf,“ segir Regína Ósk. „Það er mikið í Costco, Partýbúðinni, Tiger og í rauninni bara úti um allt, en það er kannski mest af stóru skrauti í Costco. Þetta smálega, eins og hauskúpur og beinagrindur og alls konar fæst á flestum stöðum núna, það vilja allir vera með.“

Hrekkjavaka er á uppleið á Íslandi og maður fylgir bara með,“ segir Regína Ósk. „Skólarnir eru til dæmis farnir að halda bekkjar-kvöld þar sem fólk hittist og sker út grasker og þá er líka boðið upp á veitingar í hrekkjavökustil, eins og pylsur með tómatósú sem líta út eins og blóðugir puttar.“

Við verðum með grasker fyrir utan eins og ég sagði, en í hverfinu okkar er reglan sú að ef fólk er með grasker með ljósi fyrir utan hjá sér

þýðir það að fólk sé tilbúið að taka á móti börnum,“ segir Regína Ósk. „Milli fimmm og sjö 31. október má svo sníkja nammi. Í fyrra keypti ég fullt af nammi en þurfti samt að fara og kaupa meira, því það komu svo margir. Þannig að við keyptum meira núna.“



Regína Ósk hélt fyrst upp á hrekkjavöku af alvöru í fyrra en setur meiri kraft í hátíðarhöldin í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Í fyrra leit út eins og einhver hefði lent undir bílskúrshurðinni.

fyrir uppgangi hrekkjavökunnar sé einfaldlega sú að Íslendingar hafi gaman af því að lyfta sér upp, sérstaklega í skammdeginu.

„Okkur Íslendingum finnst gaman að halda partí og skreyta og skammdegið er oft erfitt, þannig að það er mikil áhersla á veislu- og hátíðarhöld. Okkur finnst þetta bara gaman. Hrekkjavakan er líka ólík öskudegi af því að þetta er fyrir alla, en ekki bara börnin,“ segir hún. „Unga fólkíð er með partí, foreldrar eru að taka á móti krökkum og allir elska að fara í búning. Það er engin ástæða til að hafa ekki bara gaman af þessu. Á öskudag þurfa börnin líka að vinna fyrir namminu með því að syngja, en á hrekkjavöku er bara nóg að vera í búningi. Þetta er komið til að vera hjá okkur og við höldum að minnsta kosti áfram á meðan börnin eru ung.“

Regína segir að það sem henni finnst skemmtilegast sé undirbúningurinn og svo hvað börnunum finnst þetta skemmtilegt.

„Maður verður enn þá meira jólabarn þegar maður verður foreldri og þetta virkar eins. Það er svo gaman að halda upp á þetta með börnunum og maður er að búa til minningar, sem er ótrúlega mikilvægt. Þegar maður verður fullorðinn þá eru það svona stundir sem maður man eftir, samveran,“ segir Regína Ósk. „Svo verður maður líka bara að hafa eitthvað skemmtilegt fram undan, það kemur ekki af sjálfu sér, maður þarf að gera lífið skemmtilegt.“



Blóðug handaförin á bílskúrnum eru vísbending um einhvern ósæðan hrylling. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Maðurinn minn er æstur í þetta og hann sér um tæknilegu hliðina, en ég sé um nammið og skrautið, það er svaka metnaður í þessu hjá okkur.



Óhugnanlegur hrekkjavökukransinn er þegar kominn upp og svo ætlar Regína Ósk að bæta við skrauti hægt og rólega. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Slitsterk **TEPPI** fyrir stigaganga

GERUM TILBOÐ FYRIR HÚSFÉLÖG

ALFABORG
- síðan 1986 -

Skútuvoði 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnaræfni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **Ábyrgðarmaður:**
Torg ehf. Jóhanna Helga Viðarsdóttir

Sölumenn: **Arnar Magnússon**, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann**, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson**, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103,

Umsjónarmenn efnis: **Elin Albertsdóttir**, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson**, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 550 5768 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir**, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir**, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Vetraradekk

MIÐVIKUDAGUR 23. OKTÓBER 2019

Kynningar: Harðkornadekk, N1, Klettur

Umhverfisvæn og endingargóð – byggð á íslensku hugviti

Green Diamond harðkornadekk eru sérlega umhverfisvæn og hönnuð fyrir íslenskar aðstæður. Þau henta að mörgu leyti betur en nagladekk og hafa þá sérstöðu að missa mun síður grip en önnur dekk þegar þau slitna. ➔2

Green Diamond harðkornadekk eru umhverfisvæn dekk úr náttúrulegu gæðagúmmii. Þau eru sérstaklega hönnuð fyrir íslenskar aðstæður og endast einstaklega vel. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Umhverfisvæn Green Diamond harðkornadekk

Öruggasti valkosturinn í stað nagladekkja*

*www.hardkornadekk.is/pages/profanir-dekk

Þegar þú velur Green Diamond Harðkornadekk stuðlar þú að bættum loftgæðum, endurvinnslu og sjálfbærni og eykur um leið öryggi þitt. Nagladekk valda svifryki og skemmdum á malbiki auk þess sem sýnt hefur verið fram á að þau geta skert öryggi við algengustu aðstæður.



GREEN DIAMOND
- Íslenskt hugvit og þróun

PANTIÐ Á:
panta@hardkornadekk.is
611 7799
www.hardkornadekk.is





Kristinn Sigurðsson, seljandi dekkjanna, segir að Green Diamond dekkinn séu einu umhverfisvænu og vistvænu dekkinn sem bjóðast fyrir einkabíla á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Framhald af forsiðu →

Green Diamond harðkornadekk eru íslensk hönnun fyrir íslenskar aðstæður sem henta í flestum tilvikum betur en nagladekk, menga margfalt minna og endast einstaklega vel. Green Diamond eru einu umhverfisvænu og vistvænu dekkinn sem bjóðast fyrir einkabílinn hér á landi.

„Það sem er kannski skemmtilegast við þetta er ekki bara að framleiðsla dekkjanna sé byggð á íslensku einkaleyfi, heldur hvað þetta er flott vara.“ segir Kristinn Sigurðsson, seljandi dekkjanna. „Að sjálfsögðu notum við 100% náttúrulegt gæðagúmmi í slitlagið og við blöndum iðnaðardemanti í allt slitlag Green Diamond dekkja. Virknin varir því allan líftíma dekkisins, en það eru á bilinu 300-400 grömm af iðnaðardemanti í hverju fólksbíladekki. Sumir leyfa sér að auglýsa harðkornadekk sem hafa kannski 20 grömm af iðnaðardemanti, sem er mulningur í efsta yfirborðinu. Mér finnst það vera hrein og klár vörusvik.“

Það stuðlar mjög að sjálfbærni að endurnýta dekk

Það bregður sumum þegar ég nefni að dekkinn séu endursóluð, en það eru þau dekk þar sem belgurinn er endurnýttur og nýr gúmmislitflötur settur á. Tækninni í endursólun hefur fleygt fram og gallatíðni er sambærileg við ný dekk, við framleiðsluna er notuð sambærileg tækni og þekkist hvort tveggja hjá Formúlu 1 og í flugvélabransanum,“ segir Kristinn. „Belgurinn sem við notum er líka framleiddur til að vera endurnýttur, en hann er allt að 75% af nýja dekkinu. Við spörum nálægt 100 lítra af jarðefnaeldsneyti á einum dekkjagangi og það er engin spurning að við verðum að endurnýta allt sem við getum. Hvert einasta kolefnisspor skiptir miklu máli og margt smátt gerir eitt stórt. Þeir sem hafa fylgst með fréttum síðustu daga og umræðunni um loftgæðamál hljóta allir að vera sammála mér.“

Koma vel út í prófunum

„Við eigum próf frá annarri af tveimur stofnunum í heiminum sem hafa alþjóðlega vottun til að gera samanburðarrannsóknir á dekkjum, VTI (Vej og Teknik Institut), sem er hliðarfyrirtæki við sænsku vegamálastofnunina,“

Guðmundur Sigurðsson, eigandi og framkvæmdastjóri ferðaþjónustufyrirtækisins Gateway to Iceland:

„Ég hef verið atvinnubílstjóri í 47 ár. Green Diamond dekkinn eru bestu vetrardekk sem ég hef ekið á. Við hjá Gateway to Iceland höfum notað Green Diamond dekkinn í rúm 5 ár. Dekkin hafa alveg ótrúlegt grip. Bílarnir skriða aldrei til að aftan, þeir eru eins og negldir við veginn. Það er sama hversu mikið Green Diamond dekkinn slitna, það er alltaf frábært grip í dekkjunum.“



segir Kristinn. „Samkvæmt upplýsingum frá Umferðarstofu þá eru algengustu óhappaskilyrðin hér á höfuðborgarsvæðinu þegar það er blautur ís við frostmark og þau skilyrði voru endursköpuð á rannsóknarstofunni. Green Diamond reyndist hafa 36% meiri virkni í bremsuprófi en það dekk sem kom næst og 32% meiri virkni í beygjuprófi. Hér skilur milli lífs og dauða.“

Nagladekk eru barn síns tíma og veita falskt öryggi

„Green Diamond harðkornadekk hafa mikilvæga kosti fram yfir nagladekk. Ítarleg rannsókn dr. Haraldar Sigþórssonar umferðarverkfræðings gefur í fyrsta lagi sterkar vísbendingar um að naglarnir geti gefið falskt öryggi og öikumenn á negldum hjólbörðum valdi hlutfallslega fleiri slysum en aðrir,“ segir Kristinn. „Öikumenn á nögglum keyra hraðar, sem þýðir lengri bremsuvegalengd, og á höfuðborgarsvæðinu er oftast keyrt á þurru eða blautu malbiki, en við slík skilyrði er hemlunarvegalengd bifreiða á nagladekkjum almennt lengri. Þá þekkist það við ákveðnar aðstæður að bílar á nögglum geta „skautað“ og það skapar hættu.“

Ég leyfi mér bara að orða það þannig að naglar drepa. Læknar segja að allt að 80 Íslendingar deyja ótímabærum dauða árlega vegna svifryksmengunar og mörg hundruð glíma við heilsufarsvandamál. Það má rekja allt að 25% af uppsprettu svifryks til nagladekkja,“



Iðnaðardemanturinn í Green Diamond dekkinu er vel sjáanlegur nær í gegnum allt slitlag dekkisins, sem þýðir að virknin varir allan líftíma dekkisins

segir Kristinn. „Þegar naglarnir sverfa göturnar myndast líka djúp hjólför sem fyllast af vatni og geta skapað slysaheitu, auk þess sem tjaran úr malbikinu sest á dekk og minnkar veggrip. Green Diamond dekkinn sverfa vegina hins vegar 14 sinnum minna. Nagladekk eru barn síns tíma.“

Traustir viðskiptavinir og áhersla á umhverfisvernd

„Það er alveg ljóst að forgangsbifreið Björgunarsveitarinnar á Flúðum væri ekki búin að vera á Green Diamond dekkjum í sjö vetur ef þau væru ekki að virka,“ segir Kristinn. „Ef Green Diamond virkar í uppsveitum Árnessyslu þá þarf engin nagladekk á suðvestur horni landsins. Það er komin góð reynsla á notkum Green Diamond

dekkja frá traustum og ábyrgum aðilum en við erum m.a. í traustu sambandi við Hafnarfjarðarbæ, Isavia, Ístak og fjölda annarra stórra aðila. Ístak kaupir af okkur nálægt 150 dekk á hverju ári. Þessi viðskipti eru eðlilega komin til vegna almennrar ánægju með dekkinn en einnig sannarlega vegna þeirrar stefnu fyrirtækjanna og stofnananna að stuðla að aukinni sjálfbærni og umhverfisvernd.“

Í ljósi stöðugt aukinnar umræðu um mikilvægi umhverfisverndar og bættra loftgæða þá trúum við því að mörg fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög hljóti að skoða til hlítar þann möguleika að setja bifreiðar sínar á umhverfisvæn Green Diamond harðkornadekk.“

„Green Diamond reyndist hafa 36% meiri virkni í bremsuprófi en það dekk sem kom næst og 32% meiri virkni í beygjuprófi.“

Kristinn Sigurðsson



GREEN DIAMOND

Einstakt grip allan líftíma dekkisins fækkar tjónum

„Athuganir sýna að það virðast allt að þrisvar sinnum meiri líkur á að öikumenn á slitnum hjólbörðum valdi árekstri en aðrir og flestöll dekk byrja strax að missa grip þegar þau slitna,“ segir Kristinn. „Green Diamond dekkinn halda virkninni aftur á móti miklu betur af því að iðnaðardemanturinn er í öllu slitlaginu, en ekki bara efst, og það er sama góða gúmmið í öllu dekkinu. Green Diamond dekkinn geta því fækkað tjónum heilmikið og þannig sparað þjóðarþúinu hluta af þeim kostnaði sem fylgir umferðaróhöppum, en samkvæmt Samgöngustofu er hann áætlaður yfir 30 milljörðum á hverju ári.“

Eru Green Diamond dekkinn samkeppnishæfi verði?

„Já, þau eru það. Green Diamond dekkinn eru ekki ódýrustu dekkinn á markaðnum, en maður ætti aldrei að gefa afslátt af öryggi og þau eru mjög endingargóð, þannig að þetta eru sannarlega hagstæð kaup,“ segir Kristinn. „Það er vel þess virði að fjárfesta í gæðadekkjum, bæði til að tryggja öryggi, vernda umhverfið og spara umfelgun.“

Nánari upplýsingar má finna á www.hardkornadekk.is og í síma 611 7799. Einnig má senda póst á panta@hardkornadekk.is. Þegar ákvörðun um kaup liggur fyrir þá er dekkjunum komið á tiltekið dekkjaverkstæði.



Hér er Fannar Pálsson með flotta felgu á hjólbarðaverkstæðinu í Fellsmúla. Þar er mikið úrval af felgum fyrir þá sem vilja eiga aukafelgur fyrir sumar- eða vetrardekk. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Aukafelgur fyrir vetrardekk

Færst hefur í aukana á undanförunum árum að hafa vetrardekk á aukafelgum. N1 hefur verið leiðandi í því síðustu ár að bjóða felgur á hagstæðu verði fyrir flest ökutæki.

Kostir þess að hafa vetrardekk á aukafelgum eru margvíslegir svo sem tímasparnaður, aukin þægindi og minni kostnaður.

N1 hefur átt í áratuga samstarfi við Alcar sem er austurrískur felguframleiðandi í fremstu röð í Evrópu. Alcar leggur mikið upp úr gæðum og má nefna að felgur frá þeim eru sérvarðar gegn seltu



N1 hefur átt í áratuga samstarfi við Alcar sem er austurrískur felguframleiðandi í fremstu röð í Evrópu.

og henta því einstaklega vel fyrir íslenskar aðstæður eins og reynsla síðustu áratuga hefur sýnt.

Úrval felgna er að finna inni á www.n1.is en þar að auki er hægt að hafa samband við næsta

útsöluastað upp á að panta felgur með stuttum fyrirvara frá Alcar ef þær eru ekki til á lager eða um sérstakar óskir er að ræða.

„Nýir bílar í dag koma í auknum mæli á stærri felgum heldur en áður þekktist. Í Skandinavíu hefur

sú þróun átt sér stað á síðustu áratugum að nánast allir seldir bílar eru með belgmeiri vetrardekkjum á minni felgum þar sem um ódýrari kost er að ræða auk þess sem þægindin yfir veturinn eru mun meiri. Billinn verður mýkri í akstri

auk þess sem grip eykst til muna ásamt því að minni líkur eru á skemmdum felgum. Íslendingar hafa ekki fylgt alveg eftir í þeim málum en þó hefur orðið vakning á síðustu árum þar sem fólk gerir sér grein fyrir kostum þess að hafa vetrardekk á aukafelgum,“ segir Fannar Pálsson, vörustjóri bílaþjónustu hjá N1.

Ef viðskiptavinur geymir dekk á felgum á dekkjahótel N1 þá eru þau yfirfarin fyrir vor og haust, loft er mælt, felgur þrífna og jafnvægisstilltar og er því ekkert eftir nema að skrúfa þau undir þegar hentar. Þannig spara ökumenn tíma við skiptin ásamt kostnaði við umfelganir auk þess sem það fer betur með dekk og felgur.

N1 býður upp á fyrsta flokks hjólbarðþjónustu þar sem metnaður og reynsla starfsfólks endurspeglast í faglegum og öruggum vinnubrögðum.

Hægt er að panta tíma í dekkjaskipti á www.n1.is en með því er hægt að lágmarka biðtíma. Ekki láta veturinn koma á óvart.

Frekari upplýsingar á heimasíðu N1 www.n1.is

Mynstrið og gúmmið ólíkt

Nú þurfa allir bifreiðaeigendur að fara að huga að því að skipta yfir á vetrardekk. En hver skyldi vera munurinn á sumar- og vetrardekkjum og hví skiptir svo miklu máli að skipta um þessi dekk?

Oddur Freyr
Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Frá 1. nóvember til 14. apríl þarf að hafa vetrardekk undir bifreiðum á Íslandi. Vetrardekk eru, eins og nafnið gefur til kynna, sérhönnuð til að gagnast bifreiðum á veturna, í hálfu, snjó og ís. Munurinn á þeim og sumardekkjum er gúmmið í þeim og breidd og dýpt mynstursins. Í vetrardekkjum eru líka oft naglar til að auka grip á ís, en þeir tæra líka götuna og skapa aukið vegryk, ásamt því að mynda djúp hjólför á yfirborði vega. Það er misjafnt milli landa hvort slík dekk eru leyfð, enda eru þau víða alveg ónauðsynleg.

Gúmmið í vetrardekkjum er ekki eins og í sumardekkjum og það er mýkra. Samspil gúmmisins í dekkinu og yfirborðs vega er svo breytilegt eftir hitastigi og hefur áhrif á veggrip. Sumardekk harðna þegar hitinn fellur undir sjö gráður en vetrardekk haldast sveigjanleg í kulda.

Mynstrið á dekkjunum bitur sig fast í snjó, ís og slyddu, dreifir vatni hraðar til að koma í veg fyrir að bílar fljóti ofan á hjólförum og tryggir betra grip á vegum og



Það er svo sannarlega full þörf á negldum hjólbörðum á þjóðvegum landsins yfir vetrartímann. NORDICPHOTOS/GETTY



Mynstrið á vetrardekkjunum bitur sig fast í snjó, ís og slyddu, dreifir vatni hraðar og tryggir betra grip á vegum og betri stjórn. NORDICPHOTOS/GETTY

betri stjórn. Aukin dýpt hjálpar mynstrinu að grípa í snjó, sem gefur betra grip á þökkuðum snjó. Vetrardekk sem hafa staðist veggripspróf hafa rétt á að vera merkt með þriggja tinda fjalli með snjó-korni.

Stifari sumardekk henta svo mun betur og gefa betra veggrip í hlýrra veðri, ásamt því að valda minni mengun.

Ábendingar Samgöngustofu

Hér eru nokkur atriði sem Samgöngustofa bendir fólki á að hafa í huga varðandi hjólbarda fyrir veturinn.

- Bifreiðar ættu að hafa góða heilsárs- eða vetrarhjólbarda sem hæfa aðstæðum, með gripgóðu mynstri og réttum loftþrýstingi.
- Söluaðilar verða að merkja nýja hjólbarda svo niðurstöður staðlaðra prófana sjáist. Það sem á að sjást er hve miklu eldsneyti þeir eyða, hvernig veggrip þeirra er í bleytu og hve mikill hávaði stafar af þeim, í desibelum.
- Ef dekk eru tjöruhreinsuð reglulega yfir veturinn eykst veggrip þeirra mikið. Tjaran myndar sleipa húð á mynstri hjólbardanna sem er mikilvægt að hreinsa af með vistvænum efnum.
- Nagladekk verða svo bönnuð aftur frá 15. apríl til 31. október nema aðstæður gefi tilefni til annars. Yfir vetrartímabilið skal mynsturdýpt allra hjólbarda vera að minnsta kosti þrjú milli-metrar.



JEPPADEKK.IS

Vönduð amerísk jeppadekk sem henta frábærlega fyrir íslenskar aðstæður. Stærðir 29"-44".



nokian
HAKKAPELIITTA® 44
44" radíal.
Hannað í samstarfi Arctic Trucks og Nokian.



nokian
TYRES
35" radíal.
Frábært neglt vetrardekk!



AT315

38" radíaldekk sem hefur margsannað sig á hálendi Íslands.



AT405



kr. 39.900,-



kr. 39.900,-

FELGUR
Gott úrval Margar stærðir



kr. 49.900,-



kr. 49.900,-




kr. 49.900,-

DEKKJAÞJÓNUSTA
TÍMAPANTANIR Í SÍMA 540 4900

Arctic Trucks Ísland ehf.
Kletthálsi 3
110 Reykjavík

Sími 540 4900
Netfang info@arctictrucks.is
Vefur www.arctictrucks.is





Á nýju dekkjahótel Kletts eru sérsmíðaðir rekkar sem fara einkar vel með dekk og felgur.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Það tekur um hálf tíma að skipta um dekk á bílum en það er sá tími sem tekur að drekka góðan kaffi-bolla hjá Kletti.

Dekkjahótel Kletts er vinsælt enda þægilegt að losna við umstangið.

Nýtt bókunarkerfi og enn stærra dekkjahótel hjá Kletti

Það er ys og þys hjá Kletti þessa dagana. Risið er nýtt dekkjahótel og nýtt bókunarkerfi sparar viðskiptavinum tíma og fyrirhöfn. Flaggskip Kletts eru vetrardekk frá Goodyear, Sava og Nexen.

Þegar kemur að akstri í snjó, hálfu og vetrarfærð er öryggi efst í huga okkar hjá Kletti. Því mælum við eindregið með því að fólk velji vönduð og traust vetrardekk undir bíla sína enda eru ódýrari dekk gjarnan með meira plast blandað í gúmmíð sem gerir þau bæði harðari og hálli í vetraraðstæðum," segir Geir Ómarsson, rekstrarstjóri hjólarða hjá Kletti.

Hann mælir líka hiklaust með að öikumenn séu á góðum vetrardekkjum á veturna í stað heilsársdekkja enda séu heilsársdekk hvorki með jafn gróft munstur né eins mjúkt gúmmí.

„Með því að vera á réttum dekkjum fyrir hvern árstíma; góðum, öruggum vetrardekkjum á veturna og góðum sumardekkjum á sumrin, fæst betri ending á dekkjum og bíllinn eyðir minna, sem, þegar upp er staðið, veldur



Vönduð, traust vinnubrögð eru í hávegum höfð á dekkjaverkstæði Kletts.



Nýtt dekkjahótel Kletts hefur aukið öryggi og þægindi starfsfólks til muna.

umhverfisvænni lífsstíl," segir Geir.

Nýtt og stærra dekkjahótel

Klettur opnaði á dögunum nýtt og enn stærra dekkjahótel.

„Dekkjahótel Kletts er nú búíð

nýjum rekkum sem eru sérstaklega hannaðir til að geyma dekk en áður vorum við með dekkinn í gámum. Það breytir ásýnd fyrirtækisins og eykur öryggi og þægindi starfsfólks við vinnuna. Í nýju rekkunum fer klárlega betur

» Með því að vera á réttum dekkjum á vetrum og sumrum fæst betri ending á dekkjum og bíllinn eyðir minna, sem veldur umhverfisvænni lífsstíl.

um dekkinn, ekki sist þau sem eru á felgum," segir Geir á dekkjahótelinu, sem verður æ vinsælla.

„Það er alltaf að aukast að fólk velji að geyma dekk sín á dekkjahótelinu enda er víða bannað að vera með dekk í sameignum og margir vilja ekki geyma dekk í geymslunni heima," upplýsir Geir og kostir þess að geyma dekk á dekkjahótelinu Kletts eru ótvíræðir.

„Það er mikill kostur fyrir viðskiptavinum að þurfa ekki að rogast með dekk á milli bæjarhluta, skíta út bílinn og jafnvel rispa innréttingu bílsins með nagladekkjum," segir Geir.

Bókunarkerfið sparar tíma

Hjá Kletti var nýverið tekið upp bókunarkerfi sem slegið hefur í gegn hjá viðskiptavinum.

„Á dekkjatarnatímum var iðulega mikið álag á símkerfinu okkar og erfitt að ná í gegn. Nýja bókunarkerfið léttir á því og hefur hitt í mark enda mikil hagræðing, tímasparnaður og þægindi. Nú geta viðskiptavinir bókað tíma til dekkjaskipta á netinu og þurfa ekki lengur að bíða tímum saman í röð. Í stað þess eiga þeir pantaða fastan tíma og hinkra yfir góðum molasopa á meðan skipt er um dekk á bílnum sem tekur ekki lengri tíma en hálf tíma," segir Geir en til að bóka tíma er farið inn á heimasíðu Kletts, klettur.is.

Viðurkenndir og vandaðir hjólarðar

Bandaríski dekkjaframleiðandinn Goodyear/Dunlop er flaggskip Kletts í dekkjum en fyrirtækið selur einnig dekk frá Sava og Nexen.

„Nexen er einn hraðast vaxandi dekkjaframleiðandi í heiminum og er nýtt merki hjá Kletti. Dekkin eru framleidd í Suður-Kóreu og þykja einstaklega góð á frábæru verði. Nexen hefur komið vel út úr könnunum og bílaframleiðendur í heiminum velja þau í auknum mæli undir nýja bíla sína sem er ákveðinn gæðastimpill. Gúmmí í dekkjunum er vandað og vetrardekk Nexen henta einkar vel fyrir íslenskar aðstæður," upplýsir Geir.

Sava er undirmerki Goodyear og sömuleiðis framúrskarandi hjólarðar.

„Þegar Goodyear kemur með nýjan dekkjaárgang verður gamla týpan að Sava, sem eru klárlega góð dekk líka," segir Geir.

Frá Goodyear fást nú einnig hljóðlátari dekk með hljóðeinangrun.

„Þau henta einstaklega vel fyrir hljóðláta bíla en það á við um marga nýja bíla og ekki sist hybrid- og rafmagnsbíla. Á dekkjunum kemur fram fjöldi desibela sem gefur til kynna hversu mikið veghljóð þau gefa frá sér í akstri. Þeir sem eru á rafmagnsbílum leggja mikið upp úr því að vera á hljóðlátum dekkjum enda takmarka þau áreiði af þungum dekkjanið inni í bílnum," útskýrir Geir.

Klettur er í Klettagörðum 8-10. Símanúmer 590 5100. Tímantani og nánari upplýsingar á klettur.is

Áhugaverðar staðreyndir um dekk

Líkt og með heilsuna, sem við tökum gjarnan sem sjálfsgöðum hlut þar til við verðum veik, þá er það oft ekki fyrr en dekkið springur sem við áttum okkur á því hve það er ómetanlegt fyrirbæri.

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserne@frettabladid.is



Hér eru nokkrar áhugaverðar staðreyndir um dekk.

- Afkastamesti dekkjaframleiðandinn er líka sá minnsti, ef svo má að orði komast, en það er leikfangaframleiðandinn LEGO sem framleiðir meira af dekkjum en nokkur annar framleiðandi. Talið er að fyrirtækið framleiði í það minnsta um 318 milljónir (smá)dekkja árlega.
- Dekk voru upprunalega hvít að lit. Bæði er gúmmið sem dekk eru gerð úr hvítt auk þess sem



Dekk voru lengi vel hvít á litinn en svarti liturinn kom fram í kringum 1917.

gerði þau enn þá endingabetri en sinkoxíðið.

- Kinrok getur aukið slitþol gúmmis allt að hundraðfalt og togþol um allt að 1008%.
- Tilurð þess að lita dekk svört má rekja til byrjunar 20. aldarinnar þegar fyrirtæki að nafni Binney & Smith hóf sölu á kinroki til dekkjaframleiðandans Goodrich. Síðar meir fóru Binney & Smith að framleiða skólavörur og endurnefndu fyrirtækið Crayola Crayons, sem flestir ættu að þekkja.
- Flestir þekkja hinn sumarlega túnfífil, en það sem færri vita er að ekki er aðeins hægt að vinna gúmmi úr honum heldur er markvisst verið að þróa dekk gerð úr tæðu gúmmi. Miklar vonir eru bundnar við þessa umhverfissvænu lausn sem er væntanleg á markaðinn innan fárra ára.
- Bílaviðgerðarmenn hafa fundið ýmsa furðulega hluti fasta í dekkjum. Meðal þess má nefna skráfjárn, byssukúlur, skæri, hreindýrshorn, billykla og skeið.
- Stærsta dekk veraldar er að finna í Michigan. Dekkið, sem er ríflega 24 metrar á hæð og vegur tólf tonn, var byggt með það að markmiði að það þyldi kraftmikla vinda fellibylja. Dekkið var framleitt í samstarfi við Uniroyal og var notað sem Parísarhjól á Heimssýningunni í New York árin 1964 og 1965.
- Orðið „tire“ er rakið aftur til miðalda, eða nánar tiltekið 16. aldar. Orðið er talið koma af „attire“ sem visar til tækja, klæðnaðar eða einhvers sem hylur. Er því talið að það hafi átt að lýsa því hvernig dekkið klæðir hjólið.
- Árlega er framleiddur um einn milljarður dekkja. Í dag eru sjaldnast varadekk í nýjum

bílum. Er það talið stafa af því að bílframleiðendur vilji draga úr þyngd bílanna og eldsneytiseyðslu.

- Dekkjabrennur eru þekktar fyrir að vera sérstaklega erfiðar viðfangs. Í teiknimyndapáttunum um Simpson-fjölskylduna var grínast með þá staðreynd en í þáttunum hefur verið vísað í „dekkjabrunann í Springfield“ sem á að hafa varað í 25 ár og lyktin á að finnast í 46 ríkjum. Þessi dekkjabruni kemur fram í inngangi þáttanna og er því eitt af því fyrsta sem áhorfendur sjá í hvert skipti sem horft er á þættina.
- Þá eiga dekk sér líka myrka sögu en þau hafa verið notuð í aftökum við aftökuaðferð sem kölluð er hálsfestun eða „necklacing“. Þessi aðferð var til dæmis vinsæl í S-Afríku um miðbik 9. áratugarins þar sem mikil átök geisðuð vegna aðskilnaðarstefnunar. Aðferðin gekk út á að setja dekk, fyllt með bensini, utan um háls og handleggi fórnarlamba og svo var kveikt í. Fórnarlambið, sem gat ekki hreyft sig, þurfti því að upplifa sérstaklega sársaukafullan dauðdaga sem gat tekið allt að tuttugu mínútur.

MICKEY THOMPSON
M/T
TIRES & WHEELS

VETURINN NÁLGAST! ERUÐ ÞIÐ TILBÚIN ?

Mickey Thompson jeppadekk í miklu úrvali

Ice-track ehf
773-4334

www.mtdekk.is

mtdekk@mtdekk.is




VAKA

ALLIR UPP Á DEKK!

HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA OG
GOTT ÚRVAL DEKKJA

www.vaka.is



DEKKJASALAN

Dekk og flottar felgur



ALLT Á EINUM STAÐ



Miðjustýrirngar



Felgurær og felguboltar fyrir flestar gerðir bíla



Forritanlegir loftþrýstingsskynjarar



Samgöngustofa mælir eindregið með því að setja vönduð vetrardekk undir bíla. NORDICPHOTOS/GETTY

Verum örugg í vetrarfærðinni

Tími vetrarhjólbarða er að ganga í garð og mikilvægt að huga vel að vali á þeim, viðhaldi og eiginleikum. Afar brýnt er að ökumenn noti ávallt dekk sem hæfa aðstæðum sem þeir aka í hverju sinni.

Samkvæmt umferðarlögum ber ökumönnum ekki skylda til að nota vetrarhjólbarða þegar vetrarfærð ríkir þótt mælt sé eindregið með því.

Keðjur og neglda hjólbarða má einungis nota frá 1. nóvember til 15. apríl, nema þess sé þörf vegna akstursaðstæðna. Hjólbarðar mynda einu snertingu bilsins við veginn og því afar mikilvægt að þeir séu alltaf í góðu lagi.

Heimild: umferdastofa.is



Metið var innan við ein mínúta.

Dekkjamet

Þann 12. september árið 2015 var slegið hradamet í að skipta um öll fjögur dekkinn á fólksbíl. Það tók fjóra starfsmenn dekkjaverkstæðisins Reifen Umert í Þýskalandi 58,43 sekúndur að skipta um dekk á bíl af gerðinni Ford Focus. Inni í þeim tíma var tíminn sem tók að tjakka bílinn upp með handaflí og nota hefðbundinn felgulyki, ekki rafstýrðan, til að losa rærnar. Sama dag slóu starfsmenn sama dekkjaverkstæðis heimsmet í að raða upp hæsta dekkjastaflanum. Hann var 6,14 metrar og alls 30 dekk.

Mynsturdýpt hjólbarða

Í gildi eru reglur sem kveða á um mynsturdýpt hjólbarða. Þannig er lágmarks mynsturdýpt 3 mm yfir vetrartímamann, frá 1. nóvember til 14. apríl, en utan þess tíma þarf mynsturdýptin að vera að lágmarki 1,6 mm. Þessar kröfur ná til fólksbíla, vörubíla og rúta og eru reglurnar settar til að tryggja sem best veggrip hjólbarða og þar með öryggi allra vegfarenda.

Auknar kröfur eru gerðar til þeirra bíla sem ætlaðir eru til neyðaraksturs, en mynsturdýpt hjólbarða skal í þeim tilvikum vera að lágmarki 4 mm að vetrarlagi en 2 mm yfir sumartímamann.

Gæðamerkingar hjólbarða

Einnig eru í gildi reglur sem kveða á um að seljendum hjólbarða sé skylt að hafa hjólbarða merkta

með upplýsingum um samræmdar gæðaprófanir. Þannig getur kaupandi gert áreiðanlegan samanburð á gæðum og öryggi hjólbarðanna.

Merkingar, mynstur og loftþrýstingur

Í nóvember 2012 tóku gildi reglur sem kveða á um að seljendum hjól-

barða sé skylt að hafa upplýsingar um samræmdar gæðaprófanir hjólbarða á merkingum sem límdar eru á hjólbarðana. Með þessu getur kaupandi gert áreiðanlegan samanburð á gæðum, kostum og öryggi hjólbarðanna.



Af vef [Samgöngustofu](http://Samgöngustofu.is).

ERU
NAGLADEKKIN
ÖRUGGLEGA
NAUÐSYNLEG
FYRIR ÞIG?

Sjá nánar: www.reykjavik.is/thjonusta/tokum-nagladekkinn-ur-umferd

Reykjavíkurborg

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



HYUNDAI i30. Árgerð 2017, ekinn 121 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 7 girar. Verð 1.790.000. Rnr.360725.



TOYOTA Yaris Live. Árgerð 2017, ekinn 107 Þ.KM, bensín, 5 girar. Verð 990.000. Rnr.360693.



MAZDA Cx-3 Optimum. Árgerð 2017, ekinn 17 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 6 girar. Verð 3.390.000. Rnr.117066.



TOYOTA Auris Live. Árgerð 2017, ekinn 82 Þ.KM, bensín, 6 girar. Verð 1.490.000. Rnr.213838.



TOYOTA Land Cruiser 150 GX 7 manna. Árgerð 2017, ekinn 151 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 girar. Verð 5.490.000. Rnr.117054.



KIA Sportage ex. Árgerð 2017, ekinn 143 Þ.KM, dísel, 6 girar. Verð 2.480.000. Rnr.213812.

Nýja bílahöllin
Eirhófa 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.nyja.is

Bílar til sölu



DODGE RAM 1500
V-8 5,9 L. ek. 229þ.km. Margt nýtt. Verð 490þ. uppl. 820-5181

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Garðyrkja

SKRÚÐGARÐYRKJA OG RÁÐGJÖF.

Tek að mér haustklippingar, þrif á lóðum og alla almenna garðyrkju og tek einnig að mér ráðgjöf varðandi stærri breytingar.

Hjörleifur Björnsson
skrúðgarðyrkjufraeðingur
s:662-6625

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., planófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÜRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

Keypt & Selt

Til sölu



Kassagítarar á tilboði

Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

Óskast keypt

STADGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUD ÚR OG MÁLVERKI!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

Opíð mán - fös 11-16,
Skípholt 27, 105

Uppýsingar í síma 782 8800

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnasklæðning, paníll, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolia. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.


Heimilið

Barnavörur



VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA

Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is



Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM

165 og 285 fm bíl með allt að 9 m loft hæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

Atvinnuhúsnæði

IÐNADAR- EÐA LAGERHÚSNÆÐI TIL LEIGU

Til leigu 180-270 fm. atvinnuhúsnæði í Bolholti 4 (bakhús) 105 Rvk. Laust strax.

Uppl. í s: 893-8166 eða grensas@gmail.com. Grensás ehf. / Ragnar

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Atvinna

Atvinna í boði

NULL

Starfskraftur óskast á Prist BA 36. Sæbjúgnaveiðar uppl í síma 8410863 Jón.

MOSAGATA 5-7

210 Garðabæ

OPÍÐ HÚS
miðvikudaginn 23. október kl 17:30- 18:00

BÓKIB SKOÐUN

10 íbúðir í litlu fjölbýli við Urriðaholt

Nokkrar útsýnisíbúðir með sér bílskúr

Dæmi: 111,5 fm íbúð á 3ju hæð

Verð frá: **56,9 millj.**


MIKLABORG 569 7000 • Lágmúla 4 • miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

89%

Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til **89%** lesenda dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu.



Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770
www.radum.is • radum@radum.is

FYRIR AÐSTOÐ INNLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar

VILT ÞÚ SELJA HÚSIÐ ÞITT?

STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

535-1000

Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

Capacent_

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífni og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent.is

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

Aðalskipulagsmál

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:

1. Breyting á gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Ósbakki L165463, Flóahreppi.

Kynnt er deiliskipulags- og matslýsing sem tekur til 2 ha lands Ósbakka (L165463) sem í gildandi aðalskipulagi Flóahrepps er skilgreint sem frístundabyggð (F36) og er áætlað að breyta landnotkun í landbúnaðarland. Áætlað er að byggja upp nýtt íbúðarhús og hesthús/skemmu. Samhlíða aðalskipulagsbreytingunni er kynnt skipulags- og matslýsing vegna deiliskipulags á svæðinu.

Deiliskipulagsmál

Samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar skipulagslýsingar fyrir eftirfarandi deiliskipulagsverkefni:

2. Deiliskipulag fyrir Ósbakka, L165463, í Flóahreppi. Íbúðarhús, reiðskemma, hesthús, vélarskemma. Kynnt er deiliskipulags- og matslýsing vegna tillögu til deiliskipulags sem tekur til 2 ha spildu Ósbakka, L165463, í Flóahreppi. Tillagan gerir ráð fyrir að heimilt verði að byggja allt að 200 m² íbúðarhús og allt að 350 m² hesthús/skemmu. Fyrir er á landspildunni 70 m² frístundahús.

3. Deiliskipulag. Kringla 4, L227914, Grímsnes- og Grafningshreppi. Frístundabyggð.

Kynnt er deiliskipulagslýsing vegna tillögu til deiliskipulags sem tekur til um 22.6 ha svæði á jörðinni Kringlu 4, í Grímsnes- og Grafningshreppi. Gert er ráð fyrir 33 nýjum frístundahúsalóðum frá 5000-8753 m² að stærð. Aðkoma að svæðinu er um Sólheimaveg og inn Árveg. Deiliskipulagstillagan er í samræmi við gildandi aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 m.s.br. og hefur skilgreiningu frístundasvæði F52.

Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt skipulagstillaga fyrir eftirfarandi deiliskipulagsverkefni:

4. Nýtt deiliskipulag fyrir Nýjadal á Sprengisandsleið, L165352, Ásahreppi.

Kynnt er deiliskipulagstillaga, greinargerð/umhverfisskýrsla og uppráttur fyrir Nýjadal á Sprengisandsleið, nánar tiltekið á Holtamannafrétti. Skálasvæðið er innan Vatnajökulsþjóðgarðs við mynni Nýjadals sunnan Fjórðungskvísar. Þá er skálasvæðið innan Þjóðlendu. Svæðið sem deiliskipulagstillagan nær yfir er um 6 ha að stærð og í um 800m hæð. Samkvæmt aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022, er svæðið skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði. Helstu stefnumið deiliskipulagsins eru að staðfesta lóðarmörk og ákvarða byggingarreiði og leyfilegt byggingarmagn fyrir starfsmannahús, gístiskála og aðra þjónustu fyrir ferðamenn.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:

5. Deiliskipulagsbreyting. Sandlækur 1. land 2., L201307, Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti þann 21. ágúst 2019 að auglýsa tillögu/upprátt og greinargerð að breytingu á gildandi deiliskipulagi frístundabyggðar Sandlækjar 1, lands 2, í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Breytingin fellst í að landnotkun svæðisins sem telur 6 lóðir verður nú íbúðarbyggð í stað frístundabyggðar. Tillagan er í samræmi við gildandi aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 og einnig í samræmi við aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps sem er á lokastigi skipulagsferils.

Við gildistöku deiliskipulags íbúðarbyggðar fellur úr gildi deiliskipulag frístundabyggðar fyrir sama svæði sem dælaðist gildi 14. mars 2018.

6. Deiliskipulag Stóra Hof L208877 og L203207. Markagilsflöt og Brúnir. Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti þann 21. ágúst 2019 að auglýsa tillögu, upprátt og greinargerð, deiliskipulags sem gerir ráð fyrir að á skipulagssvæðinu, sem er um 12,4 ha, verði stofnað 6 lóðir fyrir verslun og þjónustu og 1 lóð fyrir íbúðarhús og geymslu. Þá er einnig sótt um ný heiti í samræmi við reglugerð um skráningu staðfanga nr. 577/2017. Við samþykkt á þessu nýja endurskoðaða deiliskipulagi mun eldra gildandi deiliskipulag svæðisins sem var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 28. apríl 2015 falla úr gildi. Tillagan er í samræmi við endurskoðað aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 sem er á lokastigi skipulagsferils.

7. Deiliskipulagsbreyting. Hnaus 2 L192333 í Flóahreppi. Stækkun hótellóðar og afmörkun nýrra lóða.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti þann 1. október 2019, að auglýsa breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Hnaus 2, L192333. Breytingin tekur til eftirfarandi þátta: Stækkun á hótellóð um 1,3 ha, stækkun á byggingarreið, geymslu og aðstöðu fyrir starfsfólk. Kvöð er sett um almenna umferð á skógarstig sem liggur sunnan hótellsins og að landamörk til suðurs mót Hurðarbaki eru leiðrétt í samráði við vilja beggja

landeigenda Hnauss og Hurðarbaks. Þrjár lóðir, Mosató nr. 1, 2 og 5 (eftir breytingu) verða íbúðarlóðir til samræmis við breytt aðalskipulag. Frístundalóð sem áður hét Mosató 4 (fyrir breytingu) fær breytta lögun og stofnaðar eru 2 nýjar lóðir beggja vegna við hana, Mosató 6 og 8. Lóðarnúmer breytast til samræmis við það. Stofnaðar eru 4 nýjar frístundalóðir sunnan við bæjarhús á Hnaus 2, Hnausás 1, 2, 3 og 4. Eftir breytingu eru frístundahúsalóðir því samtals 9 og breytast númer á nokkrum stöðum. Jafnframt er stofnuð lóð undir skemmu neðan við bæinn Hnaus 2.

8. Deiliskipulagsbreyting. Vatnsleysa land B, L188581, Bláskógabyggð. Breytt notkun lands.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti þann 1. október 2019 að auglýsa breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Vatnsleysu land B, L188581, í Bláskógabyggð. Gildandi deiliskipulag frá 21. apríl 2017, tekur til þriggja lóða úr landi Vatnsleysu þar sem á hverri lóð er gert ráð fyrir frístundahúsi og 25 m² geymslu eða gestahúsi með nýtingarhlutfall allt að 0,03. Í breytingu á gildandi deiliskipulagi fellst eftirfarandi: Skipulagssvæði stækkar til vesturs og sameinast landi B. Í samræmi við aðalskipulagsbreytingu sem er í ferli breytist notkun Vatnsleysu land B og verður svæðið landbúnaðarland að breytingu lokinni og fær nýtt staðfang - Kriki, og verður heimilt að byggja einbýlishús og stofna nýtt lögbýli.

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst niðurstaða sveitarstjórnar fyrir eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:

Mosató 1, L226312; Hnaus II Frístundabyggð. Breytt landnotkun í íbúðarbyggð. Óveruleg breyting á gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029.

Niðurstaða/rökstuðningur sveitarstjórnar Flóahrepps vegna athugasemda Skipulagsstofnunar. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum 3. apríl 2019 óverulega breytingu á gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Breytingin felur í sér breytta landnotkun lóðarinnar Mosató 1, L226312, úr landi Hnaus 2 í Flóahreppi. Landnotkun lóðarinnar er breytt úr frístundabyggð í íbúðarbyggð. Ekki er talin þörf á grenndarkynningu og hefur breytingin engin umhverfisleg áhrif sem geta talist veruleg.

Athugasemdir Skipulagsstofnunar dags.3.7.2019 voru eftirfarandi:

1. Að rökstyðja beri hvernig breytingin samræmist 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga þar sem talað er um áhrif á einstaka aðila á aðliggjandi svæði.
2. Gera grein fyrir hvernig skipulagsbreytingin samræmist gildandi aðalskipulagi þar sem talað er um að ekki sé gert ráð fyrir nýjum svæðum fyrir íbúðabyggð með tilliti til fordæmisgildis.
3. Í breytingunni skuli gera grein fyrir breytingu á greinargerð þar sem fram komi heiti og stærð íbúðabyggðar ásamt skipulagsákvæðum sem heimila uppbyggingu og vísun í töflu á bls. 7 í greinargerð aðalskipulags.
4. Lagfæra skuli upplýsingar um mælikvarða í innsendum gögnum til samræmis við gildandi gögn aðalskipulags Flóahrepps 2017-2029.

Niðurstaða/rökstuðningur sveitarstjórnar Flóahrepps 10. september 2019:

Að mati skipulagsnefndar UTU vikur tillagan ekki verulega frá megin stefnu aðalskipulagsins og samræmist ágætlega núverandi ástandi á svæðinu. Umfang landnýtingar eykst óverulega við þá nýtingu sem fyrir er þar sem um afar litla og staka lóð er að ræða samkvæmt skipulagi. Svæðið nýtur enngar verndar vegna náttúru- og/eða menningarmínja. Stækkun reits og umfang nýs landnotkunarreits er óverulegt og vel undir 3ha sem horft er til sem viðmið um verulega breytingu þó það sé ekki altækt. Breytingin felur ekki í sér ákvæði um byggingarmagn er hefur áhrif á stórt svæði né er hún líkleg til að hafa veruleg áhrif innan eða utan við skipulagssvæðið. Breytingin mun ekki hafa áhrif á einstaka aðila innan svæðisins þar sem hún er unnin í nánú samráði við alla hagsmunaaðila. Breytingin leiðir ekki til þess að verðmæti eða hagnýting fasteignar skerðist umfram það sem vænta má miðað við óbreytta landnýtingu eða óbreytt skipulag þar sem umrætt íbúðarhús er þegar risið og í fullri sátt við umhverfi og íbúa svæðisins. Áhrif tillögunnar eru óveruleg á byggingarmagn og starfsemi innan jarðarinnar auk þess sem gert er ráð fyrir því í Aðalskipulagi Flóahrepps að heimilt sé að byggja íbúðarhús í dreifbýli, þó svo þau séu ekki í beinum tengslum við landbúnað. Eftir á að hyggja hefði kannski verið rétt að hafa breytinguna skv. ákvæðum um stök íbúðarhús í kafla 2.4.1 og 2.4.9 í aðalskipulagi. Þar sem búið er að auglýsa tillöguna og við hana komu engar athugasemdir, hvorki frá sveitarstjórn, eiganda jarðarinnar né öðrum íbúum er lagt til að hún verði klárúð skv. því sem hér er lagt til. Breytingin hefur engin áhrif á greinargerð aðalskipulagsins, þar sem svæðið sem breytingin nær til er undir 3ha og því ástæðulaust að færa svæðið inn sem íbúðasvæði í töflu á bls. 7 í aðalskipulagi og áhrifin því óveruleg. Breytingin hefur ekki áhrif á aðliggjandi svæði og aðkoma er sú sama og verið hefur. (sbr. leiðbeiningar um óverulegar aðalskipulagsbreytingar Skipulagsstofnunar frá jan 2016) Mælikvarði í haus hefur verið leiðréttur.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 vegna Mosató 1, L226312, þar sem landnotkun lóðar er breytt úr frístundabyggð í íbúðarbyggð, sem óverulega breytingu á aðalskipulagi skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og er skipulagsfulltrúa falið að senda Skipulagsstofnun gögn málsins til varðveislu og auglýsa breytingu aðalskipulags í B-deild Stjórnartíðinda. Þá skal auglýsa niðurstöðu sveitarstjórnar Flóahrepps í samræmi við 2. mgr. 36. gr.

Ofangreindar skipulagslýsingar/skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast lýsingar og tillögur á vefslóðinni <http://www.utu.is>. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: <https://www.blaskogabyggd.is>; <https://www.gogg.is>; <https://www.fludir.is>; <https://skleidgnup.is>; <https://www.floahreppur.is>; <http://asahreppur.is/>

Skipulagslýsingar og tillögur nr. 1 - 4 eru í kynningu frá 23. október til 13. nóvember 2019, en tillögur nr. 5 - 8 eru í auglýsingu frá 23. október til 4. desember 2019. Athugasemdir og ábendingar við tillögum nr. 1 - 4 þurfa að berast skipulagsfulltrúa eigi síðar en 13. nóvember 2019, en fyrir tillögum nr. 5 - 8 eigi síðar en 4. desember 2019. Athugasemdir og ábendingar og skulu vera skriflegar.

Rúnar Guðmundsson
skipulagsfulltrúi
runar@utu.is



pinautarins hafi verið nokkrar blaðsíður. „Okkar umsókn var yfir þúsund blaðsíður.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

rekstrarár. Árið 2015 var arðsemi eiginfjár 57 prósent og eiginfjárlutfallið hátt eða 66 prósent. Það ár nam hagnaðurinn 328 milljónum króna.

Afkoman var með svipuðum hætti árið 2018. Arðsemi eiginfjár var 48 prósent, eiginfjárlutfallið 60 prósent og hagnaðurinn var 270 milljónum króna.

Helstu leikendur í fjármálakerfinu eru um borð í hluthafahópi fyrirtækisins. Erud þið búin að tryggja ykkur viðskipti?

Sigprúður: „Við erum valkostur sem leggur áherslu á öruggt og skilvirkt tölvukerfi, góða þjónustu og betri verð. Við erum raunhæfur valkostur fyrir hluthafa okkar og aðra.“

Erla Hrönn: „Við höfum gert aðildarsamninga við nokkra þátttakendur um að tengjast kerfinu okkar og höfum loforð um að útgáfur verði skráðar rafrænt hjá okkur.“

Stofnendur VBM

Hvaða einkafjárfestar eru í hluthafahópnum?

Sigprúður: „Stofnendur Verðbréfamistöðvarinnar eru einkafjárfestarnir í hluthafahópnum. Stofnendurnir eru Braml í eigu Arnar Arinbjarnarsonar, G60 í eigu Einars Sigurjónssonar sem starfar hjá Verðbréfamistöðinni og var áður framkvæmdastjóri hennar og lögmannsstofan Lagahvoll. Eig-

Markaðurinn hefur nú þegar notið góðs af tilkomu Verðbréfamistöðvarinnar því keppinaturinn hefur lækkað verðið þrisvar sinnum frá stofnun fyrirtækisins. Og reksturinn er ekki enn hafinn.

Erla Hrönn Aðalgeirsdóttir

endur hennar hafa mikla reynslu af störfum á fjármálamarkaði.“

Einar starfaði áður sem framkvæmdastjóri Verðbréfaskráningar Íslands. Lagahvoll er í eigu héraðsdómslögmannanna Daða Bjarnarsonar og Jóhanns Tómasar Sigurðssonar.

Eru þið tvær í hluthafahópnum?

Sigprúður: „Nei, hvorug okkar. Ég er óháður stjórnarmaður. Það er ein af kröfum nýju Evrópureglugerðarinnar CSDR, sem er í frumvarpsdrögum hérlendis, að þriðjungur stjórnarmanna sé óháður. Öll stjórnin hefur verið óháð fram að þessu. Eðli málsins samkvæmt verður efnt til hluthafafundar í lok mánaðar í kjölfar þess að Innviðir hafa eignast meirihluta í félaginu og

mun stjórnin þá taka breytingum.

Samkeppnissjónarmið gegna veigamiklu hlutverki samkvæmt CSDR og er eitt meginmarkmiða þeirrar samræmdu lagasetningar sem CSDR felur í sér að stuðla að aukinni samkeppni milli verðbréfamistöðva með einsleitu regluverki. Það skiptir máli að löggjafinn líti til þess.“

Hvað geta stjórnvöld gert til þess?

Sigprúður: „Laga- og regluramminn þarf að vera skýr. Það er brýnt að frumvarp til laga um verðbréfamistöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerna sem lagt verður fram á yfirstandandi þingi, mæli skýrlega fyrir um nokkur mikilvæg atriði þannig að skapaður sé jarðvegur fyrir virkan samkeppnismarkað milli verðbréfamistöðva. Á það við þegar útgæfendur rafbréfa kjósa að segja upp skráningu hjá einni verðbréfamistöð og flytja hana til annarrar. Einnig þarf sá möguleiki að vera fyrir hendi, líkt og er í núgildandi lögum, að hægt sé að flytja hluta útgáfu yfir til annarrar verðbréfamistöðvar. Skiptir máli í því samhengi að fyrri verðbréfamistöð geti ekki rukkað fullt gjald þrátt fyrir að búið sé að flytja hluta eða alla útgáfu yfir til annarrar verðbréfamistöðvar. Það má líkja þessu við þegar skipt er um fjar-skiptafyrirtæki, þá er hægt að færa

Kvörtuðu til Samkeppniseftirlitsins

Forsvarsmenn Verðbréfamistöðvar Íslands kvörtuðu í fyrra til Samkeppniseftirlitsins vegna háttsemi Nasdaq sem þeir segja ómálefnalega og til þess fallna að vinna gegn því að nýr keppinatur geti haslað sér völl á markaðinum.

Þeir telja að Nasdaq verðbréfamistöð hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína með því að halda áfram að innheimta svokölluð vörslugjöld af reikningsstofnunum vegna verðbréfa sem hafa verið flutt frá Nasdaq til Verðbréfamistöðvarinnar.

Nasdaq verðbréfamistöð hafnaði öllum ásökunum um að félagið hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína. Í yfirlýsingu sem verðbréfamistöðin sendi frá sér í fyrra segir að hún fylgi kröfum evrópskra eftirlitsaðila í einu og öllu.

„Mjög skýr og rík lagaumgjörð

er um starfsemi verðbréfamistöðva. Staðlar og kröfur sem eftirlitsaðilar í Evrópu hafa sett fram gera ráð fyrir að samkeppni fari fram með tengingum á milli verðbréfamistöðva. Fylgir Nasdaq verðbréfamistöð þeim kröfum í einu og öllu,“ segir í yfirlýsingunni.

„Það sem Verðbréfamistöð Íslands kallar flutning á verðbréfum á milli verðbréfamistöðva [...] er í reynd ekki flutningur, heldur tenging við Nasdaq verðbréfamistöð. Tengingar á milli verðbréfamistöðva í Evrópu eru algengar og er ávallt tekið gjald fyrir þær enda óhjákvæmilegur kostnaður sem felst í því að þjónusta slíkar tengingar. Allar skyldur Nasdaq verðbréfamistöðvar er lúta að útgáfu og utanumhaldi verðbréfanna haldast óbreyttar, óháð tengingu á milli verðbréfamistöðva.“



Keppinaturinn hefur hagnast

verulega á umliðnum árum og greitt sér myndarlegan arð.

Sigprúður Ármann

símanúmerið á milli fyrirtækja. Viðskiptavinir vilja ekki lenda í þeirri aðstöðu að þurfa að borga fyrir símaþjónustu hjá tveimur fyrirtækjum. Það er ekki til hagsbóta fyrir neytendur.“

Sjaldgæft en þekkt

Eru oft reknar nokkrar verðbréfamistöðvar á hverju landi fyrir sig?

Erla Hrönn: „Það er frekar sjaldgæft en það eru þó dæmi um það. Það eru þrjár verðbréfamistöðvar í Belgíu, þrjár í Lúxemborg og tvær í Frakklandi svo dæmi séu tekin.“

Hún segir að eignarhaldi á verðbréfamistöðvum sé háttáð með ýmsum hætti í ólíkum löndum. Stundum séu þær í eigu notenda, í ákveðnum tilvikum í eigu kauphalla, það þekkt einnig að þær séu í eigu hins opinbera, hvort sem það sé í nafni seðlabanka eða ríkisins, stundum sé eignarhaldið blandað og það þekkt einnig að þær séu í eigu fagfjárfesta á borð við lífeyrisjóði eins og í tilviki Verðbréfamistöðvar Íslands.

Er rými fyrir tvær verðbréfamistöðvar á Íslandi?

Sigprúður: „Það hefur sýnt sig að aukin samkeppni á þessum markaði eins og öðrum er holl. Eins og við sögðum áðan hefur keppinaturinn lækkað verð í þriggja eftir að Verðbréfamistöð Íslands var stofnuð. Það mætti snúa spurningunni við og spyrja hvort það sé æskilegt að það sé einungis rekin ein verðbréfamistöð á Íslandi.“

Hverjar eru helstu áskoranirnar við það að hleypa af stokkunum verðbréfamistöð?

Sigprúður: „Það fór mikil vinna í að fá starfsleyfi. Fjármálaeftirlitið kallaði eftir því að horft væri til CSDR-reglugerðarinnar jafnvel þótt hún hafi ekki enn tekið gildi hér á landi. Umsóknin var því afar umfangsmikil. Það var hollt fyrir okkur að fara í gegnum þá vinnu og við erum því í stakk búin að mæta nýju lagaumhverfi.“

Það fór enn fremur mikil vinna í að velja tölvukerfið. Við horfðum til margra þátta og fengum góða ráðgjöf.

Þá hefur þurft að fjármagna verkefnið og hefur félagið farið í hluta-fjárukningar vegna þessa með þátttöku núverandi og nýrra hluthafa.“

Mun viðameiri umsókn

Erla Hrönn: „Nýja löggjöfin mun taka gildi á komandi mánuðum og við það tilefni munu aðilar sem

reka verðbréfamistöðvar þurfa að sækja aftur um starfsleyfi. Við búum að þeirri miklu vinnu sem lögð var í umsóknina.

Ég hef það fyrir víst að þegar sótt var um leyfi fyrir verðbréfamistöðina sem fyrir er á markaðnum hafi umsóknin verið nokkrar blaðsíður. Okkar umsókn var öllu víðameiri eða yfir þúsund blaðsíður. Það hefur margt breyst á þessum tíma.“

Er tölvukerfið stærsta fjárfestingin?

Erla Hrönn: „Stærsta fjárfestingin liggur í tölvukerfinu og innleiðingu á því. Það þarf að setja upp kerfið, læra á það, gera viðamiklar prófanir á því og tengingum. Lögð er höfuðáhersla á öryggi tölvukerfisins og skilvirkni.“

Við höfum nú þegar farið í gegnum eina úttekt á upplýsingakerfum og öryggi þeirra samkvæmt tilmælum Fjármálaeftirlitsins án þess að hafa formlega hafið rekstur og var heilmikill lærdómur fölginn í þeirri vinnu og hollt fyrir okkur að fara í gegnum hana. Slíka úttekt þarf að gera einu sinni á ári af óháðum aðila.“

Hver er þinn bakgrunnur, Erla Hrönn?

Erla Hrönn: „Ég er viðskiptafræðingur að mennt og með verðbréfavíðskiptapróf og vann í tæplega 20 ár hjá Landsbankanum og dótturfélaginu Landsbréfum sem forstöðumaður. Mín reynsla liggur í stjórnun á bakvinnslu fyrir fjárfestingar- og viðskiptabankastarfsemi, hérlendis og erlendis. Hluti af því var frágangur verðbréfa- og gjaldveirviðskipta, vörsluþjónusta og fleira er tengist umsýslu verðbréfa. Ég þekki því að kaupa þjónustu af verðbréfamistöð og ferli viðskiptanna. Núna er ég komin hinum megin við borðið.“

Ég var fyrst ráðin til Verðbréfamistöðvar Íslands sem ráðgjafi en tók við sem framkvæmdastjóri árið 2018. Ég hef gegnt starfi framkvæmdastjóra í rúmlega eitt ár. Við Sigprúður höfum unnið þétt saman.“

Hvernig kom til að þú varðst stjórnarformaður, Sigprúður?

Sigprúður: „Ég er lögfræðingur að mennt með MBA-gráðu. Ég tók sæti í stjórninni þegar félagið var stofnað árið 2015 og í janúar 2018 tók ég við sem stjórnarformaður.“

Ég hef lengi haft áhuga á stjórnarstörfum, hef sótt námskeið þess efnis hjá IESE Business School, Harvard Business School sem og Háskólanum í Reykjavík. Áður starfaði ég sem lögfræðingur hjá Viðskiptaráði Íslands og kom þar að vinnu við góða stjórnarhætti.

Einnig hef ég reynslu af fjármálamarkaði og starfaði um tíma hjá MP Banka, sem nú er Kvika. Þá var ég lögfræðingur hjá hugbúnaðarfyrirtæki og má segja að fjölbreytt reynsla mín í gegnum tíðina hafi komið sér vel við stofnun Verðbréfamistöðvar Íslands.“

Gervigreind er þolinmótt langhlaup

Brynjólfur Borgar Jónsson, framkvæmdastjóri Data Lab, segir að ef fyrirtæki innleiðir gervigreind með góðum árangri muni keppinautar ekki vilja sitja eftir heldur leggja af stað í sömu vegferð. Þannig verði gervigreind innleidd hér á landi yfir lengra tímabil.

Helgi Vífill
Júliússon
helgivifill@frettabladid.is



Gervigreind er ekki bylting sem á sér stað á augabragði hjá fyrirtækjum. Þetta er langhlaup. Það þarf að hefjast handa og sýna þolinmæði, segir Brynjólfur Borgar Jónsson, framkvæmdastjóri Data Lab, sem starfað hefur við fagið í tíu ár, meðal annars hjá Capacent.

„Hagnýting gervigreindar er ekki enn efst á baugi hjá fyrirtækjum en þetta er allt að koma. Langflestir eru meðvitaðir um gervigreind og að rétt sé að hagnýta hana í rekstri,“ segir hann. „Það er ekki erfitt að ímynda sér að eftir fimm ár verði hver atvinnugreinin á fætur annarri farin að tileinka sér gervigreind hér og þar.“

Brynjólfur Borgar segir að með gervigreind sé verið að sjálfvirknivæða aðgerðir sem áður þurfti mannlega greind til að sinna. Þekkt dæmi um gervigreind sé meðmælakerfi í netverslunum. Amazon bendi til dæmis á að þeir sem hafi keypt tiltekna bók hafi jafnframt keypt nokkrar aðrar bækur. Hann grípur til annars dæmis og nefnir að talið sé að 80 prósent af áhorfi á Netflix megi rekja til meðmælakerfis fyrirtækisins.

Hann bendir á að það megi nýta tæknina á ýmsa vegu, til dæmis til að bæta innri ferla, draga úr sóun, minnka áhættu og í starfsmannamálum.

Kveikja á perunni

„Íslenskar verslanir eru að kveikja á perunni,“ segir Brynjólfur Borgar og vísar í meðmælakerfi netverslana. „Við erum eitt af þeim fyrirtækjum sem aðstoða við að þróa tækni á borð við þessa.“

Innleiðing á meðmælakerfi geti leitt til þess að það sé selt meira að meðaltali í hvert skipti. „Það getur breytt samkeppnishæfni fyrirtækja. Keppinautar taka eftir því og vilja bjóða upp á sams konar lausnir. Þau vilja ekki fara á mis við tækni sem skiptir sköpum fyrir reksturinn. Á örfáum árum munu fleiri stökka á vagninn og innleiða gervigreind. Þannig verður gervigreind innleidd á Íslandi. Það mun gerast á löngum tíma,“ segir hann.



Brynjólfur Borgar segir að starfsmenn geti óttast að sjálfvirknivæða eigi störfin þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

●● Það er ekki erfitt að ímynda sér að eftir fimm ár verði hver atvinnugreinin á fætur annarri farin að tileinka sér gervigreind hér og þar.

Að hans sögn þurfi fyrirtæki að prófa sig áfram og gera mistök. Lykillinn sé að gera mistökin hratt, sættast við það og leggja aftur af stað. „Við hjá Data Lab höfum þróað lausnir sem hafa ekki virkað, það var góður skóli. Við viljum ekki að sú lausn malli í langan tíma heldur hendum henni og byrjum á þeirri næstu. En við höfum líka þróað lausnir sem virka vel og þá er rétt að láta þær malla og bæta ofan á þær.“

Hægt er að taka sem dæmi að veðurfar hafi áhrif á sölu tiltekinnar

vöru. Í fyrstu útgáfunni af gervigreind væri veðrið ekki tekið með í reikninginn en í annarri útgáfu væri veðurspá bætt við líkanið. Mögulega myndi það leiða til mun meiri sölu.

Eftir tvö ár, þegar stöðugt hefur verið bætt við kerfið, er búið að skapa tæknilausn sem stjórnendur fyrirtækisins myndu ekki vilja vera án. Þeir gætu ekki hugsað sér að snúa til baka,“ segir hann.

Ræði við starfsmenn

Að hans sögn sé æskilegt að stjórnendur ræði við starfsmenn um þá vegferð sem fyrirtækið sé á í gervigreind eftir að hafa öðlast reynslu í kjölfar nokkurra tilraunaverkefna. Það þurfi að ræða spurningar eins og: Hverju höfum við áorkað? Hvað viljum við gera? Hvað megum við gera? Hvað er samfélagslega ábyrgt að gera?

Brynjólfur Borgar bendir á að starfsmenn geti óttast að sjálfvirknivæða eigi störfin þeirra og

●● Fyrirtæki á markaði eiga að segja opinberlega frá því hvernig þau hyggjast nýta gervigreind. Það mun efla tiltrú markaðarins á þeim.

það valdi kurr á meðal þeirra. Það sé því nauðsynlegt að ræða þann ótta enda mikilvægt að hafa starfsmenn með sér í liði í vegferðinni. „Við hafa orðið til ný störf innan fyrirtækja með sjálfvirknivæðingu,“ bendir hann á.

Aðspurður hvort það sé dýrt að tengja gervigreind inn í rekstur fyrirtækja segir Brynjólfur Borgar að það sé ekki dýrt að hefjast handa og prófa sig áfram. „Í flestum tilfellum myndi ég halda að það væri innleiðingin sjálf sem væri dýrust.

Gervigreind stýrir heita vatninu

Data Lab hefur meðal annars smíðað gervigreind fyrir Orkuveitu Reykjavíkur sem spáir fyrir um eftirspurn eftir heitu vatni. „Það koma kuldaköst á veturna,“ bendir Brynjólfur Borgar og nefnir að það sé ekki hægt að þrýsta á takka og við það aukist framboð á heitu vatni samstundis. Heita vatnið sé í borholum uppi á heiði og því þurfi einhvern fyrirvara til að bregðast við óskum um aukið heitt vatn.

„Við þróuðum gervigreind sem spáir fyrir um eftirspurn eftir heitu vatni hjá Orkuveitunni. Hún hefur samband við stjórnstöð sem skráfrá frá heitu vatni eftir þörfum. Mannshöndin kemur þar hvergi nærri. Tölvukerfið annast vinnuna,“ segir hann og nefnir að eftirlit sé haft með þeirri framkvæmd.

Það þarf að breyta ferlum, þjálfa fólk, breyta skipulagi og jú fjárfesta í tækni,“ segir hann.

Brynjólfur Borgar segir stjórnendur fyrirtækja ekki ræða mikið um það opinberlega hvernig gervigreind sé nýtt í rekstri. „Líklega er það vegna þess að fyrirtækin eru að prófa sig áfram og velja vöngum yfir því hvort lausnirnar séu að virka. Það væri stór áfangi ef við kæmumst þangað,“ segir hann og nefnir að af þeim sökum geti reynst erfitt að nefna fyrirtæki sem standi framarlega á þessu sviði hafi fólk ekki vitneskju um það frá fyrstu hendi.

„Fyrirtæki á markaði eiga að segja opinberlega frá því hvernig þau hyggjast nýta gervigreind. Það mun efla tiltrú markaðarins á þeim,“ segir Brynjólfur Borgar og nefnir að það geti verið góð leið til að laða að gott starfsfólk.

„Það er fjöldi fólks að ljúka masternámi og jafnvel doktorsnámi sem hefur tileinkað sér gervigreind. Við fáum atvinnuumsóknir nánast vikulega frá fólki sem hefur menntun á þessu sviði. Slikir starfskraftar vilja starfa hjá fyrirtækjum sem standa framarlega á þessu sviði. Þau langar að halda áfram að læra í sínu nýja starfi. Þau vilja ekki vinna hjá risaæðlum og staðna,“ segir hann.

Hvernig má auka gagnsæi og virkni á hlutabréfamarkaði?



Aðalsteinn Eymundsson
forstöðumaður verðbréfaeftirlits, hjá FME



Páll Friðriksson,
framkvæmdastjóri markaða og viðskiptahátta hjá FME

markaðinn, að lifeyrissjóðir eru afar fyrirferðarmiklir á markaðnum og fleira.

Eitt atriði sem áhugavert er að skoða nánar er hvernig viðskipti fara fram á markaði og hvaða reglur gilda um gagnsæi kaup- og sölutilboda. Á undanförunum árum hefur umfang tilkynnta viðskipta að jafnaði verið yfir 60% af viðskiptum í kauphöllinni. Í slíkum viðskiptum semja tveir markaðsaðilar um viðskiptin utan viðskiptakerfis kauphallar, t.d. í gegnum síma eða spjallforrit, og tilkynna þau eftir á. Fyrirkomulag viðskiptanna felur í sér að ekkert gagnsæi er til staðar áður en þau fara fram, þ.e. að aðilar sem framkvæma viðskiptin setja ekki fram kaup- og sölutilboð í kerfi kauphallarinnar sem eru sýnileg almenningi. Í þessum tilvikum eru fjármálfyrirtæki að nýta sér undanþágur frá gagnsæi tilboda (e. pre-trade transparency waivers), sem Fjármálaeftirlitið getur leyft að vissum skilyrðum uppfylltum. Ljóst er að auka mætti gagnsæi á markaði með því að draga úr notkun á fyrrnefndum

undanþágum. Þannig væru kaup- og sölutilboð í auknum mæli sýnileg almenningi og endurspegluðu betur framboð á og eftirspurn eftir þeim hlutabréfum sem um ræðir. Einnig væri verðmyndunin gagnsærri þar sem viðskipti með hefðbundinni þörun kaup- og sölutilboda sem eru sýnileg í viðskiptakerfi kauphallar myndu að öðru óbreyttu aukast. Breytt framkvæmd gæti því mögulega stuðlað að meiri virkni og aukinni tiltrú á markaði.

Til stendur að innleiða í íslensk lög tilskipun ESB nr. 2014/65/ESB (MiFID II) og reglugerð ESB nr. 600/2014 (MiFIR). Einn megintilgangur með MiFID II og MiFIR er að auka gagnsæi á markaði. Í þeim eru ýmis úrræði sem geta gagnast stjórnvöldum við að ná fram því markmiði. Eftir innleiðingu verður t.d. hægt að skilgreina hlutabréf allt að fimm útgefenda sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði sem hlutabréf með virkan markað óháð því hvort þau uppfylli viðmið þar um. Til að hlutabréf teljist hafa virkan markað þurfa tiltekin

●● Það að enginn hlutabréfaútfandi sem er skráður á markaði á Íslandi uppfyllir viðmið um virkan markað þýðir að gagnsæi í aðdraganda viðskipta getur orðið töluvert minna hér á landi.

skilyrði að vera uppfyllt en engin hlutabréf á Íslandi uppfylla öll viðmiðin. Skilyrðin varða meðal annars lágmarksfjölda viðskipta og veltu.

Þegar félag er með virkan markað fylgja því takmarkanir á notkun tiltekinnna undanþága frá gagnsæi áður en viðskipti fara fram. Það þýðir að eingöngu er hægt að nýta undanþágurnar þangað til svokallað veltupak virkjast (e. double volume cap). Ekki er hægt að nýta undanþágurnar í tiltekinn tíma eftir að veltupakið virkjast sem þýðir að öðru óbreyttu aukði

gagnsæi þar sem aðilum á markaði eru settar þröngar skorður varðandi önnur viðskipti en þau sem fara fram í gegnum hefðbundna þörun kaup- og sölutilboda í viðskiptakerfi kauphallar. Það að enginn hlutabréfaútfandi sem er skráður á markaði á Íslandi uppfyllir viðmið um virkan markað þýðir að gagnsæi í aðdraganda viðskipta getur orðið töluvert minna hér á landi, þar sem auðveldara er að eiga viðskipti án þess að birta opinberlega kaup- og sölutilboð.

Fjármálaeftirlitið hefur nú til skoðunar hvort skilgreina eigi hlutabréf allt að fimm útgefenda á Íslandi sem hlutabréf með virkan markað á grundvelli MiFID II og MiFIR regluverksins. Þann 7. október sl. sendi Fjármálaeftirlitið dreifibréf til aðila á hlutabréfamarkaði þar sem óskað var sjónarmiða um framangreint. Dreifibréfið má finna á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins. Greinarhöfundur hvetja alla þá sem hafa áhuga á að styrkja íslenskan hlutabréfamarkað til að kynna sér málið vel og senda sjónarmið sín til Fjármálaeftirlitsins.

Með puttana í hönnun veitingastaða

Svipmynd

Kristjana Ósk Jónsdóttir

Nám:

MSc í fjármálum fyrirtækja frá HR og BS í markaðsfræði frá HÍ.

Störf:

Markaðsstjóri hjá Reitum fasteignafélagi síðan 2012. Sit einnig í stjórn Grænni byggðar, Icelandic Green Building Council.

Fjölskylduhagir:

Gift Braga Skaftasyni, heimspekingi og veitingamanni á Vinstúkunninni Tíu sopum. Eigum tvö börn, Þorra 12 ára og Helgu 8 ára.

Kristjana Ósk Jónsdóttir hefur verið markaðsstjóri fasteignafélagsins Reita, eiganda Kringlunnar, frá árinu 2012. Hún segir áhugamálin tengjast hönnun og arkitektúr, og að hún hafi fengið að hafa puttana í hönnun tveggja veitingastaða. Áhuginn nýtist einnig í vinnunni.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Áhugamál mín tengjast flest hönnun og arkitektúr, ég hef aðeins fengið að hafa puttana í hönnun tveggja veitingastaða og áhuginn nýtist stundum í vinnunni líka. Einnig hef ég mikinn áhuga á umhverfismálum og hef sókkt mér ofan í þau mál m.a. í gegnum starfið hjá Grænni byggð. Annars er þetta vöðalega klassískt hjá mér, ferðalög og að njóta frítímans með fjölskyldu og vinum.

Hvernig er morgunrúttin þín?

Ég vek börnin ef þau vakna ekki sjálf, gef þeim morgunmat og set nesti í töskurnar. Ég tek alltaf lýsistöflur eða omega 3, collagen og vítamín. Yfirleitt grip ég með mér í bílinn flatkökku eða banana og bruna í vinnuna hugsandi um tvöfalda latte bollann sem biður þar.

Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?

Ég hlusta mikið á hljóðbækur, sjaldnast skáldsögur heldur finnst



Kristjana hlustar mikið á hljóðbækur en sjaldnast skáldsögur. Frekar kafi hún í ný viðfangsefni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

mér áhugaverðast að kafa ofan í ný viðfangsefni, þar koma bækurnar frá The Great Courses mjög sterkar inn. Ég heft.d. sókkt mér ofan í sögu matar, ólíka menningarheima og enska orðsifjafræði en mín uppáhaldsbók frá The Great Courses heitir The Other Side of History. Bækurnar Abundance og Bold eftir Steven Kotler og Peter Diamandis höfðu mikil áhrif á mig á sínum tíma. Þær fjalla um tækniþróun og áhrif hennar á samfélagið. We Are Our Brains fannst mér líka áhuga-

verð bók, hún er eftir skemmtilegan hollenskan taugavísindamann og segir frá helstu breytingum sem verða á heilanum yfir lífsskeiðið og í tengslum við ýmislegt sem við göngum í gegnum.

Hverjar eru helstu áskoranirnar og tækifærin í rekstri Reita næstu misserin?

Við sjáum mikil tækifæri í þróun Kringlusvæðisins en þar erum við að undirbúa blöndu af íbúðum, verslun og þjónustu, menningu og listastarfsemi. Svæðið hefur alla

burði til að verða öflugt akkeri í borginni og meiri samkomustaður borgarbúa en nú er. Til að vel takist til þurfum við að huga vel að samsetningu húsnæðis þannig að það styðji við það samfélag sem við viljum skapa. Einnig viljum við bæta aðgengi að svæðinu og efla tengingararnar við Hlíðarnar og Safamýrina. Þetta er ekki einfalt og okkar helstu áskoranir felast einmitt í því að leysa ýmis praktísk úrlausnarefni tengd þróuninni.

Hver eru mest krefjandi verkefni

Kringlusvæðið hefur alla burði til að verða öflugt akkeri í borginni og meiri samkomustaður borgarbúa en nú er.

Kristjana Ósk Jónsdóttir

í starfi markaðsstjóra fasteignafélags á borð við Reiti?

Oft rata verkefni á mitt borð sem tengjast ekki hefðbundnum markaðsmálum og það getur stundum verið krefjandi að setja sig inn í ný verkefni og að fylgjast samtímis með þróun á mörgum sviðum. Nýlega breyttum við áýnd Reita til að endurspeglar betur okkar rúmlega 30 ára arfleifð og framsýni okkar, bæði í þróunarverkefnum og þegar við klæðskerasniðum framtíðarhúsnæði fyrir viðskiptavinum. Það var gífurlega skemmtilegt og krefjandi verkefni að skoða fyrirtækið frá mörgum sjónarhornum og leggja línurnar saman að nýjum áherslum.

Hvers hlakkarðu mest til þessa dagana?

Mér finnst haustin alltaf skemmtilegur tími og frábært að sökkva mér niður í vinnu og njóta rútínunnar með fjölskyldunni, sérstaklega eftir svona frábært sumar. Næst á dagskrá er svo lestarferðalag með börnunum þar sem við stefnum á að skoða náttúruuminjasafnið í London og Disneyland í París.

Ef þú þyrftir velja allt annan starfsframa, hver yrði hann? Mér hefur lengi þótt heilbrigðisvísindi áhugaverð, ætli ég myndi ekki byrja á að prófa að læra eitthvað eins og næringarfræði. Svo finnst mér tilhugsunin um að vera ekki við tölvu heldur að hreyfa mig úti mjög heillandi, gæti hugsað mér að vera garðyrkjufræðingur.

Hvar séru þig eftir 10 ár?

Fyrst og fremst vona ég að ég og allt mitt fólk verði hraust og hamingjusamt.

Skilvirkara Samkeppniseftirlit



Hallmundur Albertsson

lögmaður hjá VÍK Lögmannsstofu og sérfræðingur í samkeppnisrétti

Í byrjun vikunnar kynnti atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra lagafrumvarp til breytinga á samkeppnislögum. Er breytingunum ætlað að bæta framkvæmd laganna og uppfæra hluta þeirra til samræmis við gildandi EES-rétt. Um er að ræða veigamiklar breytingar og sætir frumvarpið því miklum tíðindum. Í þessari grein verður sjónum beint að þeim nauðsynlegu og tímabæru breytingum sem stuðla munu að skilvirkara samkeppniseftirliti.

Til að samkeppniseftirlit virki sem skyldi er skilvirkni þess grundvallaratriði svo ábati samkeppninnar skili sér til neytenda. Að samkeppnisyrðöld geti leyst með skjótum hætti úr þeim málum sem eru fyrirbyggjandi samhliða því að ekki er slegið af kröfum um vandaða málsmeðferð og nægjanlega rannsókn í hverju máli. Samkeppnisyrðöldum á Íslandi hefur gjarnan verið legið á hálsi að málsmeðferð í kvörtunarmálum sé tímafrek og loksins þegar niðurstæða liggur fyrir í málum sé það langt liðið frá þeirri háttsemi sem var til

skoðunar að niðurstæðan hefur takmarkaða þýðingu.

Undanfarin ár hefur umfang samrunamála aukist verulega hjá Samkeppniseftirlitinum og hefur eftirlitið því forgangsraðað í þágu þeirra mála. Samkeppniseftirlitinum hefur því verið enn þengri stakkur sniðinn til að sinna sínu mikilvægasta hlutverki sem er að uppræta ólögmaðtt samráð og vinna gegn öðrum samkeppnishömlum á markaði.

Afleiðingar þessarar stöðu eru m.a. þær að fyrirtæki veigra sér við að senda Samkeppniseftirlitinum erindi vegna óvissu um tímalengd mála og það hvort erindi ná yfirhöfuð inn á forganglista eftirlitsins enda dæmi um að mál séu ekki tekin til formlegrar efnismeðferðar sökum anna eftirlitsins.

Mikilvægasta breytingin er í 3. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að skylda fyrirtækja til að leita heimildar Samkeppniseftirlitsins til að fá undanþágu fyrir samstarfi verði afnumin. Oftast er þá um að ræða samstarf fyrirtækja á sama sölustigi (lárétt samstarf) eða fyrirtækja sem starfa á sitt hvoru sölustiginu innan sömu vörðisæðju (lóðrétt samstarf). Tillagan sækir fyrirmynd sína í reglugerð ESB sem tók gildi í flestum ríkjum EES-svæðisins 1. maí 2004. Í stuttu máli felur breytingin í sér, að í stað þess að fyrirtæki leiti eftir samþykki Samkeppniseftirlitsins til að eiga með sér samstarf þá bera þau sjálf ábyrgð á því að samstarf þeirra brjóti ekki í bága við

Rétt eins og of litil reglubyrði getur skaðað neytendur ef fyrirtæki nýta sér það dregur of mikil reglubyrði úr samkeppnishæfni fyrirtækja sem skaðar á endanum hagsmunum neytenda og þjóðfélagið sem heild.

skilvirkni samkeppniseftirlits í flestum samkeppnislögum. Við það mat njóta þau leiðbeininga sem Samkeppniseftirlitinum verði skylt að gefa út að evrópskri fyrirmynd. Í stað óvissu sem fylgir bið eftir niðurstöðu stjórnvalda í undanþágumáli geta fyrirtæki því efnt til samstarfs en verða þó að gæta þess að samningar þeirra á milli og öll samskipti brjóti ekki gegn banni við samkeppnishamlandi samstarfi og samskiptum fyrirtækja.

Ákvæðið um samstarf fyrirtækja á sérstaklega vel við á Íslandi þar sem reikna verður með því að sífellt harðari alþjóðleg samkeppni og órar tækni framfarir geri það að verkum að þörf fyrir samnýtingu á þekkingu og innviðum verði ríkari en áður til að auka velsæld, þó ávallt þurfi að sýna fram á að samstarf skili á endanum ábata til neytenda. Þó breytingin láti ekki mikið yfir sér olli hún gjörbreytingu á skilvirkni samkeppniseftirlits í flestum

Evrópuríkjum í kjölfar innleiðingar á árinu 2004. Með því losnaði verulega um þann mannauð sem vinnur hjá eftirlitsstofnunum og gat þá í ríkara mæli einbeitt sér að því að uppræta samráð og vinna gegn misnotkun fyrirtækja á markaðsráðandi stöðu auk annarra verkefna.

Önnur tillaga sem fram kemur í 9. gr. frumvarpsins er heimild Samkeppniseftirlitsins til að ljúka málum með sátt gegn því að fyrirtæki taki á sig skuldbindingar sem binda enda á samkeppnistakmarkanir. Það hefur færst mjög í vöxt við framkvæmd samkeppnisréttar í Evrópu að málum hafi lokið með sátt. Nokkur dæmi eru einnig um það í íslenskri framkvæmd, sem er vel. Stór mál sem hafa verið til lykta leidd með sátt hafa þá tekið mun skemmri tíma en áralangur tímafrekur ágreiningur á tveimur stjórnsýslustigum og 2-3 dómstigum ef mál fara alla leið. Með því getur fengist umtalsvert skjótari niðurstæða auk þess sem leyst er úr þeim samkeppnishömlum sem kunna að vera fyrir hendi á viðkomandi markaði, til hagsbóta fyrir neytendur.

Í frumvarpinu eru jafnframt lagðar til mikilvægar breytingar á veltumörkum í samrunamálum. Í stað þess að miða samanlagða heildarveltu við 2 milljarða króna á Íslandi verður miðað við 3 milljarða og a.m.k. tvö fyrirtæki sem aðild eiga að samrunanum þurfa að hafa a.m.k. 300 milljóna króna ársveltu

á Íslandi í stað 200 milljóna króna áður. Tillagan er mjög til bóta og mun koma í veg fyrir óþarfa samrunatilkynningar og málsmeðferð samkeppnisyrvalda í málum sem engin áhrif hafa á hag neytenda.

Ljóst er að ágreiningur mun verða um tillögur frumvarpsins um niðurfellingu heimildar Samkeppniseftirlitsins að skjóta niðurstöðu áfrýjunarnefndar samkeppnismála til dómstóla og niðurfellingu heimildar til að gera breytingar á skipulagi fyrirtækja án þess að fyrir liggja brot gegn samkeppnislögum. Nánari umfjöllun um það mun bida betri tíma. Þó verður að benda á að við mat á því hvort rétt sé að hafa slík íþyngjandi ákvæði í lögum verði horft til samanburðar við önnur Evrópulönd. Rétt eins og of litil reglubyrði getur skaðað neytendur ef fyrirtæki nýta sér það dregur of mikil reglubyrði úr samkeppnishæfni fyrirtækja sem skaðar á endanum hagsmunum neytenda og þjóðfélagið sem heild.

Lagafrumvarp ráðherra horfir til mikilla framfara fyrir framkvæmd samkeppniseftirlits á Íslandi. Sér í lagi þau ákvæði sem auka munu skilvirkni eftirlitsins. Því er mikilvægt að ágreiningur um afmörkuð deilumál frumvarpsins, sem leysa þarf úr, stöðvi ekki þau framfaraskref sem felast í öðrum breytingartillögum. Breytingarnar eru nauðsynlegar og munu færa framkvæmdina til nútímahorfs og á endanum koma neytendum til góða.

Skotsilfur



Óháður

Gylfi Magnússon, dósent og formaður bankaráðs Seðlabankans, fór mikinn á Facebook



eftir að hafa frétt af nýju frumvarpi um samkeppnislög og taldi annarlega hvatir liggja að baki. Framkvæmdastjóri SA sagði að Gylfi þyrfti að gæta orða sinna í ljósi stöðu sinnar hjá bankanum en Gylfi lét ekki segjast. Sagðist hann hafa látið orðin falla í krafti þess að hafa á árum áður verið formaður stjórnar Samkeppniseftirlitsins og skrifað um samkeppnismál sem háskólakennari. Gylfi gleymdi hins vegar að geta þess að hann hefur veitt Samkeppniseftirlitinu ráðgjöf um hagfræðileg málefni frá 2013. Verður hann seint talinn óháður fræðimaður í þessum efnunum.

Stórt tækifæri

Bretarnir vilja selja sig út úr Domino's á Ísland og þá hugsar Birgir Örn Guðmundsson forstjóri sér eflaust gott



til glóðarinnar enda er hann í kjörstöðu. Birgir er nýbúinn að selja hlut sinn í keðjunni með góðum hagnaði og þekkir félagið manna best eftir farsæla uppbyggingu. Áhugasamir fjárfestar vilja vafalaust fá hann í lið með sér. Í samtali við RÚV á dögunum virtist glittra í áform Birgis. Hann sagði að það væri tækifæri til staðar en að hann ætlaði „aðeins að leyfa þessu að spilast út“.

Með og á móti

Fram undan er risavaxin ákvörðun um eignarhald ríkisins á tveimur



bönkum og því kjörði tækifæri fyrir stjórn-málamenn að skora ódýr stig hjá kjósendum. Það tekst misvel. **Oddný Harðardóttir**, þingmaður Samfylkingarinnar, sagði sporin hræða. Sala á hlut í bönkum yrði ekki til þess að losa ríkið undan áhættu af bönkum þar sem ríkið myndi hvort eð er koma kerfislega mikilvægum bönkum til bjargar. Fjármálaráðherra benti réttilega á að Oddný hefði 2012 mælt fyrir frumvarpi um sölu á eignarhlut ríkisins í bönkunum. Þá var hún sjálf fjármálaráðherra.

Mótmælendur í Síle fara ránsendi um verslanir



Sileskur hermaður stendur vörð í matvöruverslun í höfuðborginni Santiago sem mótmælendur fóru ránsendi um. Eftir að Sebastian Piñera forseti frestaði 3,5 prósentu hækkun á lestarmiðum og lýsti yfir neyðarástandi mögnuðust mótmælin í Síle. Mótmælendur hafa rænt og kveikt í verslunum. Á meðal þess sem þeir krefjast eru úrbætur í heilbrigðismálum, lífeyriskerfinu og samgöngumálum. NORDICPHOTOS/GETTY

Stærsta ógnin



Bjarnheiður Hallsdóttir formaður Samtaka ferðaþjónustunnar

Mikið væri það nú þægilegt ef hægt væri að verðleggja vöru og þjónustu, nákvæmlega eins og framleiðandnum hentaði. Ef ekkert væri til sem héti samband verðs og gæða, verðteygni eftirspurnar og hvað þá samkeppni við aðra framleiðendur. Draumland framleiðenda en kannski martröð neytenda? Það mætti stundum halda af máli fólks og framgöngu að Ísland sem ferðamannaland sé í nákvæmlega þessari draumastöðu. Það skipti hreinlega engu máli hvernig rekstrarumhverfi ferðaþjónustu sé, það sé bara hægt að hækka verð endalaust. Það sé jafnvel æskilegt, því þá komi bara efnaðir gestir til Íslands, en ekki einhver bakpokalýður sem skilur ekkert eftir sig. Þeim sé hvort sem er alveg sama hvað hlutirnir kosta. Ísland er svo einstakt og frábært.

Fátt er hins vegar jafn fjarri lagi og varasamt að ganga út frá því að neytendur, í þessu tilfelli erlendir

ferðamenn, séu fifl. Staðreyndin er nefnilega sú, að þó svo að Ísland sé vissulega frábær áfangastaður, þá á hann í samkeppni við fjölda annarra frábærra áfangastaða um hylli ferðamanna. Samkeppnishæfni áfangastaða ferðamanna er samsett af mörgum þáttum, sem eru vegnir og metnir innbyrðis. Í glænýrri skýrslu Alþjóðaefnahagsráðsins um samkeppnishæfni áfangastaða, sem nær til 140 landa, og þar sem stuðst er við samkeppnisvísitölu The Travel & Tourism Competitive-ness, lendir Ísland í 30. sæti af 140 þjóðum. Ísland hefur lækkað um 12 sæti á þessum lista frá árinu 2015 og er mun neðar en helstu keppinautar. Þegar litið er til einstakra þátta, þá er Ísland reyndar að skora mjög hátt í mörgum ráðandi þáttum, svo sem friði, öryggi, vatnsgæðum, jarð-

varma og mannaúði. Á hinn bóginn er samkeppnisstaðan **afleit** þegar kemur að verðlagi. Á þann mælikvarða er Ísland í 138. sæti af 140 þjóðum. Í topp þremur, yfir dýrustu ferðamannalönd í heimi.

Hvað er það sem gerir samkeppnisumhverfi íslenskrar ferðaþjónustu eins slæmt og raun ber vitni? Getum við breytt stöðunni?

■ **Hár launakostnaður:** Launakostnaður á Íslandi er með því hæsta sem þekktist í heiminum og tugum prósentu hærri í erlendri mynt, en í flestum okkar samkeppnislöndum.

■ **Launategd gjöld:** Þessi kostnaðarþáttur gleymist oft í umræðunni, en er töluvert hærri hér en víðast hvar annars staðar. Hér skal sérstaklega nefnt tryggingargjaldið, sem er öllum atvinnurekendum þyrnir í augum.

■ **Grænir skattar:** Fara hækkanði og þykir ekki við hæfi að gagnrýna það – en það hlýtur að vera sjálfsögð krafa að stjórnvöld birti bókhald yfir ráðstöfun þeirra.

Almenn skattbyrði er hlutfallslega há á Íslandi. Í því samhengi vil ég sérstaklega nefna há **fasteignagjöld**, sem hafa hækkað um 35% frá árinu 2012, án þess að aukin

þjónusta við fyrirtæki hafi komið á móti. **Svört og ólögleg** starfsemi er enn allt of útbreidd og skekkir innbyrðis samkeppnisstöðuna verulega.

Fillinn í stofunni er samt gengi íslensku krónunnar. Það er sorglegt en því miður satt að tiltölulega litlar sveiflur í gengi krónu gagnvart helstu viðskiptamyntum, geta skilið á milli feigs og ófeigs í rekstri ferðaþjónustufyrirtækja. Því miður er það svo að krónan er enn of sterk til að ferðaþjónustan geti dafnað á sjálfbæran hátt, miðað við það erfiða rekstrarumhverfi sem hún hrærist í. Það er **beint samhengi** á milli gengisvísitölu og eftirspurnar eftir íslenskri ferðaþjónustu og það eru **bein tengsl** á milli gengisvísitölu og afkomu íslenskra ferðaþjónustufyrirtækja.

OECD telur í nýlegri úttekt að samdráttur í ferðaþjónustu sé stærsta ógnin í þjóðarþúskaðum um þessar mundir. Því hlýtur það nú að vera mikilvægasta verkefni stjórnvalda að stuðla að bættu samkeppnisumhverfi greinarinnar. Það er hægt með því að draga úr skattþyrði og stuðla að því að hagstjórnin og stjórn efnahagsmála í landinu taki meira mið af hagsmunum stærstu útflutningsgreinar landsins. Og þar með möguleikum hennar til að skapa enn meiri verðmæti fyrir samfélagið allt.

Meira fyrir minna

RÁÐDEILDIN

Konráð Guðjónsson




Kolefnisfótspor Íslendinga hefur stækkað mikið síðustu áratugi og sífellt fleiri virðast reidubúnir að leggja á árarar til að snúa þeirri þróun við. Stundum hefur verið talað fyrir því að lausnin sé að draga úr hagvexti. Miðað við sögulega þróun er það þó ekki endilega að sjá.

Undanfarinn áratug hefur losun koltvísýrings (CO₂) í hlutfalli við efnahagssumsvif (landsframleiðslu) lækkað um 9% á grundvelli framleiðslu en 36% ef horft er á hvar endanleg neysla á sér stað, eða kolefnisfótsporið. Frá 1970 nemur lækkan hvors tveggja meira en 50%. Lækkunin hefur að mestu orðið án þess að að því hafi verið sérstaklega stefnt, heldur einfaldlega með betri tækni og nýtingu framleiðsluþátta

Það má því rétt ímynda sér hversu mikið er hægt að draga úr losun þegar stjórnvöld, atvinnulíf og landsmenn allir róa saman

Losun CO₂ í hlutfalli við landsframleiðslu

CO₂ í grömmum á hverja krónu í landsframleiðslu á verðlagi 2017*



36%

nemur minnkun á losun koltvísýrings sem hlutfall af landsframleiðslu á síðasta áratug.

að því markmiði á sama tíma og stuðlað er að sköpun starfa og tækniframförum, sem einnig er kallað hagvöxtur.

október TILBOÐ

á H1 rafmagns- borðum



H1 rafmagnsborð

Flottir og sterkir rafmagnsfætur með minnisstyringu. Á H1 fætuna er hægt að setja 120-160 cm langar plötur. Fæturnir eru til á lager í gráu, svörtu og hvítu.

120x80cm **48.900kr.**

140x80cm **51.900kr.**

160x80cm **54.900kr.**

Borðplötur til á lager í eik, beyki og hvítu. Fætur til í gráu, hvítu og svörtu.

P90

með bólstruðu baki

Hægt að stilla bakstuðning. Samhæfð stilling setu og baks. Færanleg seta. Armar fylgja með.

- Sethæð 43-51 cm
- Breidd setu 48 cm
- Dýpt setu 48 cm
- Hentar fólki upp í 192 cm hæð
- 3 ára ábyrgð miðað við 8 tíma setu á dag og að hámarki 110 kg

VERÐ ÁÐUR
94.900 kr.

VERÐ NÚ
54.900 kr.

Sparaðu
40%



Aðili að
rammasamningi
Ríkiskaupa

2019 Fyrirmyndaryrirtæki
í rekstri
Væðingaráætlun

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37, 108 Reykjavík · Sími: 564-5040 · hirzlan@hirzlan.is · www.hirzlan.is

RÍKISKAUP

SKOÐUN

Helgi Vífill
Júliússon



Barn síns tíma

Þak á aflaheimildir sjávarútvegsfyrirtækja er barn síns tíma og er til þess fallið að draga úr slagkrafti lítillar fiskveiðipjóðar. Það er æskilegt að afnema það. Takist ekki að ná sátt um það er mikilvægt að hækka þakið.

Vafalaust var þakið mikilvægur þáttur í að ná sátt um fiskveiðistjórnunarkerfið sem gerbreytti lífsgæðum á Íslandi. Útgerðir voru minni og því batt löggjafinn ekki hendur þeirra í reynd á þeim tíma. Þakið, sem miðast við tólf prósent af afla-hlutdeild allra tegunda, kom því ekki að sök fyrst um sinn.

Nú er svo komið að Brim er komið yfir þakið eftir kaup á tveimur útgerðum. Við það tilefni eiga stjórnámamenn að sýna þor og sniða vankanta af kerfinu.

Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki eru fremur lítil á alþjóðlegan mælikvarða. Jafnvel Brim, sem hefur lengi verið við leyfilegt hámark, væri ekki á meðal stærstu útgerða í Noregi.

Sjávarútvegur er eina atvinnugrein landsins sem skarar fram úr á heimsvísu. Engu að síður hafa stjórnámamenn ekki leitað leiða til að lyfta henni upp í von um æ betri árangur heldur þess í stað lagt stein í götu hennar með hærri sköttum en þekkt annars staðar og hneppt hana í þá fjötra að fyrirtækin mega ekki verða tiltölulega stór.

Um 98 prósent af sölu sjávarútvegsfyrirtækja er erlendis. Þau eiga því nær eingöngu í alþjóðlegri samkeppni. Við þær aðstæður geta stjórnámamenn ekki leyft sér að haga sér með þessum hætti.

Skattheimtan og kvótaþakið er í raun uppskrift að hnignun atvinnuvegarins. Það er ekki sjálfgefið að íslenskur sjávarútvegur verði í fremstu röð þegar fram í sækir. En velgengni hans er mikilvæg fyrir þjóðarbúið.

Það er mikilvægt að fagna aukinni hagkvæmni en ekki að lifa í sífelldum ótta við samþjöppun. Hagkvæmur og verðmætur útflutningur er lykillinn að góðum lífsgæðum. Útgerðir verða að fá að bregðast við breyttum aðstæðum.

Það þarf ekki að vera landi og þjóð fyrir bestu að kvótaeign sé of dreifð. Það kann að draga úr getu fyrirtækjanna til að keppa á heimssviðinu. Fari svo myndi það leiða til þess að útgerðir geti ekki greitt jafn há laun, fjárfesti í minni mæli í tækni sem bitna mun á þekkingarsamfélaginu hér á landi, hagnaður mun dragast saman og skattgreiðslur minnka.

Hnignun fyrirtækja og jafnvel atvinnuvega er oft nær en mann grunar. Það er ekkert sjálfgefið í viðskiptum. Þess vegna verður ríkisvaldið að huga betur að fjöregginu.

Í sterkri stöðu eftir söluna á Domino's

Eyja fjárfestingafélag, sem er í eigu hjónanna Birgís Þórs Bieltvedt og Eyglóar Bjarkar Kjartansdóttur, var með 3 milljarða króna eigið fé í lok síðasta árs. Félagið hagnaðist um tæplega 80 milljónir króna.

Stærsta eign félagsins er dótturfélagið Eyja fjárfestingafélag II sem hélt utan um 28 prósent hlut þeirra hjóna í Pizza-Pizza, rekstrarfélagi Domino's á Íslandi.

Dótturfélagið hagnaðist um 1,6 milljarða króna á síðasta ári þegar breska félagið Domino's Pizza



Birgir Þór
Bieltvedt.

Group nýtti kauprétt á 44 prósent hlut Íslendinga í pitsukeðjunni í lok árs 2017.


Eyja fjárfestingafélag heldur utan um ýmsar fjárfestingar í veitingarekstri. Þar á meðal eru veitingastaðirnir Café Paris og Snaps, veitingakeðjurnar Joe & the Juice og Gló og bakariin Brauð og co.

Birgir sagði í síðustu viku í samtali við Markaðinn að veitingarekstur hefði verið erfiður síðustu misseri. Unnið væri að því að styrkja stöðu veitingastaðanna með því að lækka skuldir. – þfh

21.10.2019

Það er alveg ljóst að við höfum ekki verið nægilega skilvirk í tiltekt og við höfum ekki verið nægilega dugleg að spyrja gagnrýnna spurninga þegar við setjum kröfur.

Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, atvinnuvega- og nýsköpunarráðgjafi



Verðmæti

Hámarkaðu árangurinn þinn og verðmæti með því að nýta þér fjölbreytta þekkingu og víðtæka reynslu PwC á öllum sviðum rekstrar.

Hafðu samband því þinn árangur er mikils virði.



PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðipjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavinum sínum við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Reykjavík ☀️ -1 8 °C ↕	Ísafjörður ☁️ -5 10 °C ↕	Akureyri ☁️ -3 9 °C ↕
Egilsstaðir ☁️ -2 9 °C ↕	Kirkjubæjarkl ☀️ -1 8 °C ↕	Hveravellir ☁️ -9 11 °C ↕

Norðaustan 8-15 en 10-18 síðdegis, hvassast norðvestan til í dag en suðaustanlands á morgun. Éi á norðanverðu landinu og lengst af bjartviðri sunnan- og vestanlands, en stöku éi syðst á landinu fram að hádegi. Frost 0 til 5 stig, en hiti um og yfir frostmarki syðra. Kólnar heldur á morgun.

Fimmtudagur

Reykjavík ☁️ 0 10 °C ↕	Ísafjörður ☁️ -4 11 °C ↕	Akureyri ☁️ -1 14 °C ↕
Egilsstaðir ☁️ 1 9 °C ↕	Kirkjubæjarkl ☁️ 1 15 °C ↕	Hveravellir ☁️ -6 12 °C ↕

Föstudagur

Reykjavík ☀️ -1 5 °C ↕	Ísafjörður ☁️ -6 3 °C ↕	Akureyri ☁️ -5 1 °C ↕
Egilsstaðir ☁️ -3 4 °C ↕	Kirkjubæjarkl ☁️ 1 4 °C ↕	Hveravellir ☁️ -7 7 °C ↕

LÉTT

6	8	5			4	1
3					7	
	4	5	3	6		9
8	6		1	9	5	
	5	2				4
1						
2	8			3		9
		6	7	5	2	8
	3	7		8	2	

MIDLUNGS

		1		5		4		9
2				4	6			
9			7	8				
	6		2	9		5		
3	8		4				6	2
		7		3	8			
		3					7	1
		2	1					
				2		3		

PUNG

7			8				1	6
		6				7		9
				4			8	
1				3				
	8	4	2	1				7
					5	3	2	
	1		7	8			6	5
	2	3						

Krossgáta

- LÁRÉTT**
- þoli
 - ljóma
 - tveir eins
 - aðkoma
 - rún
 - funa
 - sókn
 - svæði
 - nafnbót
 - öngla saman
- LÓDRÉTT**
- ónotast
 - gapandi
 - hvíla
 - söngla
 - andæfa
 - atferli
 - skvap
 - grasey
 - tveir eins

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1 atferli, 5 gíð, 6 aa, 8 hálfgrun, 10 úr, 11 maela, 9 gerðir, 12 frun, 14 vin, 16 líl.
LÓDRÉTT: 1 agnast, 2 fát, 3 ból, 4 raula, 7 and- eíð, 12 fram, 13 svíð, 15 tíll, 17 nurla.

Skák Gunnar Björnsson

Assajev átti leik gegn Gelfand í Klaipeda árið 1988.

1... Bg4! 0-1.

Skákhátíðin á Selfossi fer fram dagana 19.-29.nóvember 2019. Meðal sérstakra viðburða verður Opna Suðurlandsmótið í skák 2019.

www.skak.is: Allar helstu skákfréttirnar.

Svartur á leik



2	9	8	3	6	1	5	7	4
7	5	1	8	2	4	9	6	3
3	6	4	5	7	9	1	8	2
9	1	6	4	3	7	2	5	8
4	7	2	6	8	5	3	1	9
5	8	3	9	1	2	6	4	7
6	2	9	1	4	8	7	3	5
8	3	5	7	9	6	4	2	1
1	4	7	2	5	3	8	9	6

3	4	9	8	7	1	6	5	2
5	7	8	6	4	2	9	3	1
1	2	6	9	3	5	7	4	8
6	8	3	1	9	4	5	2	7
2	5	4	3	6	7	1	8	9
7	9	1	2	5	8	3	6	4
4	3	2	7	1	6	8	9	5
8	6	7	5	2	9	4	1	3
9	1	5	4	8	3	2	7	6

4	2	5	1	3	9	6	7	8
6	8	3	7	2	4	9	1	5
7	9	1	5	6	8	2	4	3
9	6	8	2	4	5	1	3	7
1	3	2	6	8	7	5	9	4
5	4	7	9	1	3	8	6	2
8	5	4	3	9	6	7	2	1
2	7	9	4	5	1	3	8	6
3	1	6	8	7	2	4	5	9

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Geljan



Barnalán



Lífíð

STÓRSKEMMTILEGT
drukkumall
FYRIR BÖRN FRÁ 3 ÁRA OG UPPÚR!

SÝNINGIN SEM HEFUR FARIÐ SIGURFÖR
UM HEIMINN SNÝR AFTUR Í TJARNARBÍÓ!

★★★★★
- S.J. FRÉTTABLAÐIÐ

★★★★★
- DV


„ÞAÐ ER ALLT FALLEGT VIÐ ÞESSA SÝNINGU
ALLAR STJÖRNURNAR Í HÚSINU!“
- G.S.E. DJÖFLAFLYJAN

„LÍFIÐ ER YNDISLEG SÝNING!“
- S.B.H. MORGUNBLAÐIÐ

BARNASÝNING ÁRSINS 2015!

MIÐASALA Á TIX.IS OG Í TJARNARBÍÓ

1 FINGUR
TJARNARBÍÓ



www.frettabladid.is



Við getum ekki komið í veg fyrir
að þú breytist í foreldra þína ...
En við getum tryggt að þú vitir
hvað er að fréttu!

FRETTABLADID.IS





Stundarfríður Guðmundar er eitt af hans þekktari verkum.

Leiklestrar á helstu verkum Guðmundar Steinssonar í Þjóðleikhúskjallaranum

Leiklestrafélagið í samvinnu við Þjóðleikhúsið og Kristbjörgu Kjeld, stendur fyrir víðamikilli dagskrá í Þjóðleikhúskjallaranum á næstu vikum. Þrjú verk Guðmundar Steinssonar verða leiklesin en verkefninu er ýtt úr vör með sérstöku kvöldi þar sem lífi og starfi Guðmundar eru gerð skil. Fjöldi listamanna ætla



Guðmundur Steinsson.

að heiðra minningu skáldsins með þessum hætti. Guðmundur Steinsson var fæddur 19. apríl 1925 en lést 15. júlí 1996. Hann var einn helsti leikritahöfundur á Íslandi á ofanverðri 20. öld. Alls verða þrjú verk Guðmundar lesin, Þjóðhátíð í leikstjórn Sveins Einarssonar, Stundarfríður í leikstjórn Benedikts Erlingssonar og Kattholt í leikstjórn Stefáns Baldurssonar.

Dagskráin

26. okt. kl. 16.00

Mælt fyrir minni skálds

Lifshlaup og ferill Guðmundar Steinssonar sem leikskálds kynntur með brotum úr verkum skáldsins og viðtölum við hann og Kristbjörgu Kjeld. Leikarar og lesarar: Arnar Jónsson, Edda Arnljótsdóttir, Guðrún S. Gísladóttir, Kristbjörg Kjeld, Sigurður Sigurjónsson og Sigurður Skúlason. Umsjón er í höndum Maríu Kristjánsdóttur og Þórunnar Sigríðar Þorgrímsdóttir. Ljósameistari verður Páll Ragnarsson

Þjóðhátíð er einn af eldri leikjum Guðmundar og hefur einu sinni verið fluttur á sviði, fyrir fimmtíu árum. Þar endurspeglast andrúm eftirstriðsáranna og deilurnar um herstöðvar á Íslandi, en ofið inn í spennandi fjölskyldudrama. Leikstjóri er Sveinn Einarsson en leikarar eru Ragnheiður Elva Arnardóttir, Jakob Þór Einarsson, Guðrún Bjarnadóttir, Hlynur Þorsteinsson og Alexander Dantes Erlendsson.

31. okt. kl. 19.30
Stundarfríður

27. okt. kl. 16.00 og 29. okt. kl. 19.30
Þjóðhátíð

7. nóv. kl. 16.00
Kattholt

Togstreita milli ég og þú

Fríða Ísberg sendir frá sér nýja ljóðabók þar sem meðal annars er fjallað um tvískiptingu. Segist þakklát fyrir plássið sem hún hefur fengið. Vinnur nú að skáldsögu.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Ný ljóðabók Fríðu Ísberg er Leðurjakkaveður en fyrri ljóðabók hennar Slitförin og smásagnasafnið Kláði vöktu mikla athygli. Fríða segir ljóðin ort á tveggja ára tímabili.

„Rétt áður en Slitförin kom út þá höfðum við maðurinn minn flúið til Seyðisfjarðar til að reyna að lifa á einhverjum hundrad þúsund köllum. Þá var ég að skrifa Kláða. Eiríkur Örn Norðdahl sendi mér skilaboð og spurði hvort ég vildi koma á ljóðahátíð í Bergen en fyrir hana þurfi ég að skrifa tuttugu blaðsíður af ljóðum. Ég var nýbúin að skila af mér Slitförin en átti einhverja munaðarleysingja í skúffu. Þá kom jarðvegurinn fyrir þessa bók í bálki. Núna er ég að skrifa skáldsögu og í febrúar fannst mér ég komin í hnút og allt var í hræringraut í hausnum á mér. Ég fór mikið í göngutúra og sund og til urðu ljóð. Þá lagði ég skáldsöguna aðeins til hliðar og fór að yrkja og fylla upp í þennan bálk.“

Í töffaraham

Bókin skiptist í þrjú kafla: 1. p. – 2. p. og Við. Um þessa skiptingu segir Fríða: „Ljóðmælandinn er að átta sig á einhvers konar tvískiptingu, að annar helmingur hans fangi hugsun og kjarna og hinn helmingurinn bregðist við utanaðkomandi áreiti. „Ég“ er þá innra sjálf og „þú“ er hvernig ég sé mig, samanber að þegar þú horfir í spegil þá sérðu þig eins og einhverja aðra manneskju. Mér fannst mjög áhugavert að athuga hvort ég gæti gert lítið verk sem snerist bara um þessa togstreitu á milli ég-sins og þú-sins og hvort hægt væri að ná sáttum þar.“

Þriðji kafli heitir Við og þá er komin einhver önnur niðurstaða, kannski að það sé engin niðurstaða, kannski að það sé engin tvískipting heldur margskipting. Við erum lagskipt, undir einu lagi leynist annað og svo framvegis.“

Viðkvæmni og þörf fyrir að verja sig eru áberandi umfjöllunarefni í bókinni. „Það er hluti af mannlegu eðli að vilja verja sig,“ segir Fríða. „Stundum verður þessi vörn að varnarsókn. Þú-íð í bókinni er þannig, í útrás, í töffaraham. Þetta er leðurjakkinn. Það er líka áhugavert að skoða þetta út frá samfélaginu. Áður en hrúnið varð þá



„Það er hluti af mannlegu eðli að vilja verja sig.“ FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

MÉR FANST MJÖG ÁHUGAVERT AÐ ATHUGA HVORT ÉG GÆTI GERT LÍTIÐ VERK SEM SNERIST BARA UM ÞESSA TOGSTREITU Á MILLI ÉG-SINS OG ÞÚ-SINS OG HVORT HÆGT VÆRI AÐ NÁ SÁTTUM ÞAR.

á innan við tíu árum og er mjög áhugavert. Allir biðja um einlægni, sannleika og meiri samkennd og vilja fá að vera gallaðir og að þurfa ekki að skammast sín fyrir það.

Auðvitað þurfum við að sýna eitthvert jafnvægi. Það er ótrúlega erfitt fyrir allar manneskjur að berskjalda sig þó svo krafan sé slík. Það er ekki sanngjörn krafa og ekki heldur heilbrigð að maður sé alltaf að gera það.“

Reyni að gefa til baka

Þótt Fríða hafi ekki gefið út margar bækur á hún þegar ótal aðdáendur og nokkuð öruggt er að fjölga á eftir í þeim hópi. Spurð um velgengnina segir hún: „Áður en fyrri bækur mínar komu út var ég algjörlega að fara yfir um. Ég var eins og hauslaus hæna í bæði skiptin. Ég vissi að ég gæti ekki unnið meira í bókunum en fannst þetta samt ekki vera nógu gott.“

Frá mínum bæjardyrum séð hefur þetta allt gerst hægt og rólega. Allt í einu segir fólk: Vá, hvað þetta er að ganga vel. Ég heyri mjög sjaldan hvað fólk er að segja úti í bæ. Ég heyri frá vinum og fjölskyldu en það er ekki endilega réttur mælikvarði hvað fólk sem stendur manni mjög nærri finnst.

Ég er afskaplega þakklát fyrir plássið sem er búið að gefa mér. Ég reyni að gefa til baka því það eru fleiri ungar konur sem eiga líka skilið pláss. Ef maður tekur bara plássið og gefur ekki til baka þá held ég að maður lokist inni.“

var okkur kennt siðferði sem fólst í því að við ættum að vaða áfram og öskra eftir því sem við vildum fá. Í einstaklingshyggjunni er alfa siðferðið allsráðandi. „Fake it till you make it“ siðferði.

En eins og gerist alltaf þegar samfélag fer út í öfgar þá kom mótvægiskrafa um eitthvað allt annað. Nú lifum við aðrar öfgar. Við erum að fara frá því að sýna ekki neitt yfir í að sýna allt. Þetta hefur gerst

Tannlækningar í Ungverjalandi

Sparaðu allt að 50-70%!



Hafðu samband:
+ 36 70 942 9573

info@fedaszdental.hu
www.tannlaeknathjonusta.is



BJÖRN BJARNASON / MORGUNBLAÐIÐ




„Þetta er bók sem allir í heiminum ættu að lesa.“

BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

„... tímamótaverk sem vekur lesendur til umhugsunar ...“

MAGNÚS HALLDÓRSSON / KJARNINN.IS



Andri Snær fjallar um stærsta viðfangsefni mannkynsins: loftslagsmálin

Um tímann og vatnið er í senn persónuleg ferðasaga og vísindaleg greining þar sem ævafornar goðsagnir og sjálfur Dalai Lama koma við sögu

 LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | Laugardaga 11–16 | www.forlagid.is



Soffia Auður segir frá skáldkonu í Borgarbókasafninu í Gerðubergi í kvöld.

Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

23. OKTÓBER 2019

Orðsins list

Hvað? Hátíðarfyrirlestur Jónasar Hallgrímssonar
Hvenær? 16.00
Hvar? Veröld, hús Vigdísar Steinunn Sigurðardóttir skáld flytur hátíðarfyrirlestur sem hún nefnir Klárlega gríðarlegur birki-prastasveimur. Þar veltir hún fyrir sér nýyrðum í ljódmáli nokkurra íslenskra skálda.

Hvað? Að gefa náttúrunni rödd
Hvenær? 17.30
Hvar? Mengi, Óðinsgötu 2 Chantal Ringuet frá Québec City er gestaríthöfundur bókmennta-borgarinnar Reykjavíkur og segir

frá sér og verki sínu sem hún er að vinna hér og snertir m.a. umhverfismál. Viðburðurinn er ókeypis og öllum opinn. Hann er á ensku.

Hvað? Bókakaffi
Hvenær? 20.00-21.30
Hvar? Borgarbókasafn, Gerðubergi Soffia Auður Birgisdóttir bókmenntafræðingur fjallar um skáldið Arnfríði Jónatansdóttur (1923–2006). Ljóðabók Arnfríðar, Þröskuldur hússins er þjöl, hefur verið endurútgefin af Unu útgáfu-húsi.

Tónlist

Hvað? Hádegisveisla – verk fyrir tvo flygla
Hvenær? 12.15
Hvar? Salurinn, Kópavogi Píanóleikararnir Laufey Sigrún Haraldsdóttir og Sólborg Valdimarsdóttir leika ólík verk frá mismunandi tímabilum, meðal annars eftir Mozart og Ravel. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

Hvað? Stína Ágústsdóttir á Jazz-kvöldi Múlans
Hvenær? 21.00
Hvar? Björtuloft, Hörpu Stína Ágústsdóttir söngur, Carl Mörner Ringström gítar, Henrik Linder bassi og Jonathan Lundberg trommur. Aðgangur 2.500 krónur.

Fyrirmynd allra djasspíanóleikara

TÓNLIST

Djasstónleikar

★★★★★

Gwilym Simcock

Lék að mestu eigin tónlist á tónleikaröðinni Djass í Salnum.

Salurinn í Kópavogi

Þriðjudaginn 15. október

Hver er munurinn á djasstónlistarmanni og extrastórri pitsu? Pitsan mettar fjögurra manna fjölskyldu, en það gerir djasstónlistarmaðurinn ekki. Þessi brandari kom upp í hugann á tónleikum í Salnum í Kópavogi. Gwilym Simcock píanóleikari hélt þar einleikstónleika, og hann er einn af fremstu djasstónlistarmönnum heims. Hafði einhver áhuga? Nei, varla. Ég taldi áheyrendur ekki sérstaklega, en þeir hafa ekki verið fleiri en fimmtíu. Það var eins og að vera á einhverri sýningu fyrir frik, og vera sjálfur eitt af frikunum.

Þeir sem heima sátu misstu af miklu. Einu sinni skrifaði ég um ónefndan djasspíanóleikara að leikur hans hafi verið stíður, tónmótunina skort karakter; hún hafi verið of flöt, ekkert kom á óvart, ekkert djúsi, þetta hafi bara verið daufur undirleikur. Einhver mótmaelti þessu á Netinu og sagði að ég væri allt of klassískur í viðmiðum; djasspíanóleikur lyti einfaldlega öðrum lögmálum sem ég virtist ekki vera meðvitaður um.

Þetta er auðvitað tóm vitleysa. Samanburðurinn við þennan ónefnda og Simcock var eins og dagur og nótt. Simcock er ekki bara einhver djassgeggjari sem spilar standa með smá stíðu impróí af og til. Nei, hann er hámenntaður píanóleikari sem greinilega hefur hlotið gríðarlega skólun, bæði í



Tækni hans var að öllu leyti fullkomin, segir gagnrýnandi um Simcock.

heimi klassískrar tónlistar og djassi. Leikur hans á tónleikum var algerlega áreynslulaus. Tónmyndunin var lýtalaus, hún var lýrisk og faguð; tæknin að öllu leyti fullkomin. Hröðustu tónahlaup voru tær og nákvæm, mörkin á milli undir- og aðalraddar ávallt auðheyrlig; mismunandi raddir í prýðilegu jafnvægi.

Samanburður við Keith Jarrett

Meginuppistaðan í efnisskránni var nýttkomin plata Simcocks, Near and Now. Þar er tónlistin öll helguð ýmsum átrúnaðargoðum píanistans, mönnum á borð við Brad Mehldau, Billy Childs og Egberto Gismonti. Simcock sagði á tónleikum að auk þess að spila reglulega opinberlega (hann er í kvartett Pats Metheny) sinnti hann líka kennslu. Hann tæki eftir því aftur og aftur að allir væru að reyna að vera frumlegir, enginn vildi hljóma eins og einhver annar. Því væri ófugt farið á Near and Now, Simcock væri þar einmitt að semja tónlist í anda mismunandi meistara.

Simcock nefndi það að hann hefði upphaflega ætlað sér að verða klassískur konsertpíanóleikari, og eitt af því sem hann spilaði á tónleikum var eigin djassútgáfa á hægka kaflanum í pianókonsertinum eftir Grieg. Það var einstaklega skemmtilegt, flæðið úr upphaflegu hljómunum í verkinu yfir í djassinn var eðlilegt, án tilgerðar. Heildarútkoman var afar falleg.

Almennt talað var tónlistin á tónleikum ekki bara „lög“ þar sem lítið gerist annað en einhver ein stemning, heldur var farið með mann í ferðalag aftur og aftur. Upplifunin var ekki ósvipuð því sem gerist á mörgum plötum Keiths Jarrett. Framvindan, atburðarásin í tónlistinni var litrík og spennuþrungin, hún tók óvæntar stefnur aftur og aftur. Stemningin var ætíð þrungin einhverju óseggjanlegu sem ekki verður komið orðum að; tónlistin sagði einfaldlega allt. Þetta var magnað. **Jónas Sen**

NIÐURSTADA: Algerlega frábærir tónleikar með dásamlegri tónlist.

HREKKJAVAKA

Hræðileg skemmtun fyrir alla!



Búningar, farðar, litalinsur & fylgihlutir



Ykkar skemmtun - Okkar fókus!
Laugavegi 69 - Sími 551-7955
www.hokuspokus.is

Heillandi Hliðheimar

LEIKHÚS

Galdragáttin og Þjóðsagan sem gleymdist

★★★★★

Samstarfsverkefni Umskiptinga og Leikfélags Akureyrar Samkomuhúsið

Höfundar: Leikhópurinn Umskiptingar

Leikstjórn: Agnes Wild

Leikarar: Hjalti Rúnar Jónsson, Jenný Lára Arnórsdóttir, Jóhann Axel Ingólfsson, Margrét Sverrisdóttir, Sesselía Ólafsdóttir og Vilhjálmur B. Bragason

Tónlist og textar: Vandræðaskáld Útsetning, upptaka og hljóðfæra-leikur: Kristján Edelstein

Leikmynd og búningar:

Auður Ösp Guðmundsdóttir

Dans- og sviðshreyfingar:

Katrín Mist Haraldsdóttir

Ljósahönnun: Lárus Heiðar Sveinsson

Hljóðhönnun: Lárus Heiðar Sveinsson

Hár og förðun: Soffia Margrét Hafþórsdóttir

Leikmyndasmiði og sviðslausnir: Einar Rúnarsson

Í Hringvallaskóla, rétt í miðjum íslenskutíma hjá Þjóðólfi, opnast óvænt gátt inn í heim íslenskra þjóðsagna. Bekkjárfélagarnir Sóley og Bjartur stökkva af stað ofan í galdragáttina til að bjarga Jóni Arnasyni, þó ekki þjóðsagnasafnanum, úr klóm ókunnrar óvættar. Leikfélag Akureyrar frumsýndi leikverkið



Hér má finna hið ágætasta barnaleikrit, fullt af nýrri tónlist, segir í dómi.

Galdragáttina og þjóðsagan sem gleymdist í samvinnu við leikhópin Umskiptinga nýlega. Sýningin er vitnisburður um þá möguleika sem felast í því að fjárfesta í leiklist á landsbyggðinni.

Grunnhugmynd leikhópsins er frábær og þörf; að bera á borð hinn kynngimagnaða íslenska þjóðsagnararf Íslands fyrir yngstu kynslóðina. Urmull af kynjaverum keppist við

að fanga athygli áhorfenda og kynna fyrir unga fólkinu þennan forna sagnabálk. Kostulegir karakterar mæta og hverfa síðan í sagnadjúpið eins og smámæltu stuðlabergið Steinn Steinar og marbendillinn. Aftur á móti er mörgu í handritinu ábótavant, þar má helst nefna lengdina sem orsakast aðallega af málalengingum persóna sín á milli. Þó að efniviðurinn sé viðfedmur er fram-

vindan ekkert sérstaklega flókin og málþófið verður þreytandi þegar liða tekur á sýninguna.

Brotakennd sýning

Ferðalagið í Hliðheima leiða þau Bjartur og Sóley, leikin af Jóhanni Axel Ingólfssyni og Margréti Sverrisdóttur. Bæði leysa þau sín hlutverk vel en hverfa svolítið í bakgrunninn á þjóðsagnapersónunum sem eru sterkari en aðalpersónurnar sjálfar. Börnunum til aðstoðar er leiðsöguálfurinn Blær leikinn af Vilhjálmi B. Bragasyni af mikilli innlifun og gleði. Hjalti Rúnar Jónsson kemur sterkur til leiks í hlutverki Jóns Árnasonar en fer alveg á flug í smærri hlutverkunum enda með sterka nærveru og lipra líkamsbeitingu. Þær Sesselía Ólafsdóttir og Jenný Lára Arnórsdóttir eru eftirminnlegar sem stelsjúku draugarnir með athyglisbrest og djúpa vasa. Sesselía á síðan eitt af bestu lögum sýningarinnar undir lokin. Í heildina vinnur leikarahópurinn þétt saman og vonandi er þetta bara nasáþefurinn af því sem koma skal frá Umskiptingum.

Agnes Wild leikstýrir Galdragáttinni og þjóðsögunni sem gleymdist af mikilli fagmennsku en hún nær ekki að hnýta lausa enda nægilega vel saman. Úr verður brotakennd sýning sem hittir stundum í mark en tapar kraftinum alltof oft. Auður Ösp Guðmundsdóttir galdrar fram fantagóða, fjölbreytta og frumlega búninga. Vasaútbúnaður drauganna var til dæmis virkilega vel heppnaður og saumaður skemmtilega inn

í framvinduna. Hár og förðun Soffiu Margrétar Hafþórsdóttur spilar einnig stóra rullu. Leikmyndin var því miður ekki jafn eftirminnleg, en ágætlega leyst. Sömu sögu má segja um dansatriðin hennar Katrínar Mistar Haraldsdóttur en sviðshreyfingarnar voru betri.

Vantar herslumuninn

Lárus Heiðar Sveinsson lýsir hina dularfúllu Hliðheima af listfengi en tekst ekki jafn vel upp með hljóðið. Hljóðnemarnir sem leikarar bera og nota í söngatriðum skapa nefnilega ákveðna fjarlægð og gera raddgalla eða feilnótur leikaranna meira áberandi. Aftur á móti er tónlist Vandræðaskáldanna Sesselíu og Vilhjálms með skemmtilegra móti og ávallt er gleðilegt að sjá slíkan metnað í nýjum íslenskum sýningum, hvort sem það er fyrir börn eða fullorðna. Textinn er skýr, tónlistin dillandi og orðfærið frábært.

Galdragáttinni og þjóðsögunni sem gleymdist ber að fagna. Hér má finna hið ágætasta barnaleikrit, fullt af nýrri tónlist. Umskiptingar er leikhópur sem vert er að fylgjast með. Leikfélag Akureyrar hefur á síðustu árum sýnt mikinn metnað þegar kemur að leikritum fyrir börn en eins og svo oft áður vantar herslumuninn upp á að sýningin smelli. En ef haldið er áfram með þessu móti stýttist í að sú verði raunin.

Sigríður Jónsdóttir

NIÐURSTADA: Frumleg og fjöruk barnasýning sem er einu listrænu stökki frá því að smella saman.

Subaru Forester

Gerður til að kanna
ætlaður til að ferðast



SUBARU

Confidence in Motion

94% ökumanna finnst þeir öruggari með EyeSight tækni

Þú fyllist hugarró þegar þú veist að bíllinn þinn skerast í leik og aðstoðar þig við að koma í veg fyrir árekstur. Varar þig við þegar aðvísandi ökutæki er á blinda punktinum. Og gerir þér kleift að leggja bílnum áreynslulaust í þröngt staði með aðstoð myndavélar sem sýnir nálægð við gangstéttarbrún. EyeSight er staðalbúnaður í öllum Subaru Forester.

www.subaru.is

Komdu til okkar og reynsluaktu nýjum Subaru Forester

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



DAGSKRÁ

Miðvikudagur

SR

STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR
KYNNIR:ELL
ING
TON
AÐ EILÍFU!3. nóvember, kl. 20.00
SilfurbergSTJÓRNANDI OG KYNNIR
Sigurður FlosasonSÉRSTAKUR GESTUR
Kristjana Stefánsdóttir

RÚV SJÓNVARP

12.35 Kastljós
12.50 Menningin
13.00 Útsvar 2017-2018 Dalvíkurbyggð - Fljótsdalshérað Útsending frá spurningakeppni sveitarfélaga. Umsjónarmenn eru Guðrún Dis Emilsdóttir og Sólmundur Hólm. Spurningahöfundar: Ævar Örn Jósefsson og Jón Svanur Jóhannsson. Stjórn útsendingar: Helgi Jóhannesson.
14.10 Mósaik
15.00 Á tali hjá Hemma Gunn 1989-1990
16.10 Sporið
16.45 Króníkan
17.45 Táknafréttir
17.55 Disneystundin
17.56 Tímon & Pumba
18.17 Sigildar teiknimyndir
18.24 Sögur úr Andabæ
18.50 Krakkafréttir
18.54 Vikinglotto
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós Ítarleg umfjöllun um það sem er efst á baugi í fréttum og mannlífi. Farið er ofan í kjöllinn á stærstu fréttamálum dagsins með viðmælendum um land allt. Umsjónarmenn eru Einar Þorsteinsson og Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir.
19.50 Menningin Fjallað er á snarpan og líflegan hátt um það sem efst er á baugi hverju sinni í menningar- og listalífinu, jafnt með innslögum, fréttaskýringum, gagnrýni, pistlum og umræðu. Umsjón: Bergsteinn Sigurðsson og Guðrún Sóley Gestsdóttir.
20.05 Kiljan
21.00 Systur 1968 Sænsk þáttaröð í þremur hlutum um Karin, unga blaðakonu sem fær ekki draumastarfíð sitt í Stokkhólmi og verður að láta sér nægja að þiggja starf hjá dagblaði í smábænum Ystad. Hún flyst þangað ásamt vinkonu sinni, listakonunni Lottie, og fljótlega valda þær hræringum í samfélaginu. Aðalhlutverk: Mikaela Knapp, Maja Rung og Anna Åström. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Hlauparabærinn Heimildarmynd um ungmenni frá bænum Bekoji í Eþíópíu sem eiga sér þann draum að verða afrekshlauparar. Í bænum er rik hlaupahefð og nokkrir af fremstu langhlaupurum sögunnar ólust þar upp. Leikstjóri: Jerry Rothwell.
23.55 Króníkan
00.55 Kveikur
01.30 Dagskrárlök

GOLFSTÖÐIN

07.35 Golfing World Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
08.25 CJ Cup @ Nine Bridges Útsending frá CJ Cup @ Nine Bridges á PGA-mótaröðinni.
12.25 CJ Cup @ Nine Bridges
16.25 Golfing World
17.15 CJ Cup @ Nine Bridges
21.15 Golfing World
22.05 Champions Tour Highlights Svipmyndir frá helstu mótunum í Champions Tour.
23.00 CJ Cup @ Nine Bridges
03.00 The Zozo Championship Bein útsending frá The Zozo Championship á PGA-mótaröðinni.

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 Dr. Phil
08.45 The Late Late Show with James Corden
09.30 Síminn + Spotify
11.55 Everybody Loves Raymond
12.20 The King of Queens
12.40 How I Met Your Mother
13.05 Dr. Phil
13.50 Single Parents
14.15 Ást
14.50 Top Chef
16.00 Malcolm in the Middle
16.20 Everybody Loves Raymond
16.45 The King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 Þáttaröð 5
19.00 America's Funniest Home Videos
19.20 The Good Place
19.45 Life in Pieces
20.10 Survivor
21.00 Chicago Med
21.50 Stumptown
22.35 Beyond
23.20 Þáttaröð 5
00.05 NCIS
00.50 The Loudest Voice
01.45 The Passage
02.30 In the Dark
03.15 The Code
04.00 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Tónlist frá A til Ö
15.00 Fréttir
15.03 Samtal
16.00 Siðdegisfréttir
16.05 Viðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Stormsker
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Kvöldsgagan: Að breyta fjalli
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútlit Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

12.20 Surf's Up 2: WaveMania
13.45 Jumanji
15.30 Every Day
17.10 Surf's Up 2: WaveMania
18.35 Jumanji
20.20 Every Day
22.00 Father Figures
23.55 Call Me by Your Name
02.05 Nasty Baby
03.45 Father Figures

STÖÐ 2

07.00 Two and a Half Men
07.25 Friends
07.50 Gilmore Girls
08.35 Ellen
09.20 Bold and the Beautiful
09.40 Mom
10.00 The Last Man on Earth
10.25 PJ Karsjó
11.00 Bomban
11.50 The Good Doctor
12.35 Nágrannar
13.00 Lóa Pind: Bara geðveik
13.30 Grand Designs: Australia
14.20 Í eldhúsi Evu
14.55 Jamie's Quick and Easy Food
15.30 Born Different
15.55 Six Robots and Us
17.00 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Ísland í dag
19.10 Sportpakkinn
19.20 Veður
19.25 Vikingalottó
19.30 First Dates
20.20 Ísskápastríð
20.55 Grey's Anatomy
21.40 The Good Doctor
22.25 Orange is the New Black
23.25 Room 104
23.55 Góðir landsmenn
00.25 Mr. Mercedes
01.30 Warrior
02.15 Fearless

STÖÐ 3

19.15 Two and a Half Men
19.40 The Big Bang Theory
20.00 Friends
20.25 Seinfeld
20.50 Splitting Up Together
21.15 Roswell, New Mexico
22.10 Shetland
23.10 Underground
23.55 Supergirl
00.40 Two and a Half Men
01.05 The Big Bang Theory
01.25 Seinfeld
01.50 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

07.45 Sassuolo - Inter
09.25 Juventus - Lokom. Moskva
11.05 Galatasaray - Real Madrid
12.45 Tottenham - Rauða stjarnan
14.25 Atletico Mad. - Bayer Leverk.
16.05 Manchester City - Atalanta
17.45 Meistaradeildarmörkin
18.15 Meistaradeildarmessan
21.00 Meistaradeildarmörkin
21.30 Green Bay Packers - Oakland Raiders
23.50 Valur - Keflavík

STÖÐ 2 SPORT 2

16.45 Ajax - Chelsea Bein útsending frá leik í Meistarad.
18.50 Genk - Liverpool Bein útsending frá leik í Meistarad.

STÖÐ 2 SPORT 3

18.50 Salzburg - Napoli Bein útsending frá leik í Meistarad.

STÖÐ 2 SPORT 4

18.50 Inter - Dortmund Bein útsending frá leik í Meistarad.

STÖÐ 2 SPORT 5

18.50 Slavia Prag - Barcelona Bein útsending frá leik í Meistarad.

STÖÐ 2 SPORT 6

19.05 Valur - Keflavík Bein útsending frá leik í Domino's-deild kvenna.

FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-iðFM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útlit Saga
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin



Rafgeymar

Meðal
viðskiptavinna
Yuasa eru:



PSA PEUGEOT CITROËN

YBX rafgeymarnir frá Yuasa hafa hærra kaldræsi og endast lengur



Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is



Alhliða rafverktakar

 Þjónusta við fyrirtæki og heimili



 Sími 617 1111 - raflina@raflina.is



FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS

 gjofsemgefur.is

 907 2002



Við eigum afmæli og nú er veisla



www.dorma.is

 VEFVERSLUN **ALLTAF OPIN**

NATURE'S REST

 heilsurúm með Classic botni



10 ARA Afmælis 30% AFSLÁTTUR

 af Rest dýnu og 20% afsláttur af botni

Stærð í cm	Fullt verð	Afmælistilboð
80x200	55.900 kr.	41.930 kr.
90x200	59.900 kr.	44.930 kr.
120x200	69.900 kr.	52.530 kr.
140x200	79.900 kr.	59.930 kr.
160x200	89.900 kr.	67.430 kr.
180x200	99.900 kr.	74.930 kr.

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.



 • Svæðaskipt pokagormakerfi • Burstaðir stálfætur • 320 gormar á m2

 • Sterkur botn • Góðar kantstyrkingar

DORMA LUX

 heit dúnsæng

Dásamleg, heit dúnsæng frá Quilts of Denmark. Stærð: 140x200 cm. 800 g. 90% hreinn andadúnn. 10% smáfiður. Má þvo á 60°C en það er hitastig sem rykmaurar þola ekki - því er gott að nota sæng sem þolir þennan þvottahita ef um rykofnæmi er að ræða.



10 ARA Afmælis 30% AFSLÁTTUR

Fullt verð: 27.900 kr.

Aðeins 19.530 kr.



Gíga vonast til að heyra frá sem flestum eldri borgurum sem hafa áhuga á að taka þátt í námskeiðinu.

Pönkhljómsveit fyrir eldri borgara

Gíga Jónsdóttir leitar að eldri borgurum sem langar að taka þátt í námskeiði sem spratt upp úr gjörningi. Á námskeiðinu verða þátttakendum lagðar línurnar um hvernig skuli stofna pönkhljómsveit.


Þetta verkefni spratt upp úr gjörningi sem ég gerði fyrst fyrir tveimur árum. Hann heitir Wiki-How to start a punk band og fólst í því að ég fylgdi leiðbeiningum af WikiHow.com um hvernig stofna ætti pönkhljómsveit, en það hafði verið langþráður draumur hjá mér að vera í slíkri," segir Gíga Jónsdóttir.

Skapa hliðarsjál

Gíga Jónsdóttir er menntaður dansari og myndlistarkona. Hún blandar báðum þekkingarheimum saman í gjörningum sínum. Hún segir hugmyndina að gjörningnum hafa sprottid upp úr vangaveltum um hve Internetið sé orðið samofið lífi okkar í dag og fólk leiti þangað til að þjálfu upp hæfni eða læra nýja hluti. „Þetta var smá gagnrýni en líka tilraun til að upphefja þessa menningu, það að fólk haldi að það geti lært að gera nánast hvað sem er á Internetinu. Í gjörningnum voru áhorfendur meðlimir hljómsveitarinnar. Ég skapaði aðferðir í kringum öll skrefin og í samvinnu við gesti sýningarinnar varð hljómsveitin til.“

Nú hafa orðið til nokkrar sveitir út frá gjörningnum en Gíga hefur líka verið með námskeið byggt á hugmyndafræði hans.

„Ég vildi breyta þessu í námskeið. Fyrsta námskeiðið var með ungu fólki. Þá voru engir áhorfendur en ég fór ítarlegar í hvert skref. Námskeiðið er 5-8 dagar í staðinn fyrir


MARGIR GEFA SJÁL-UM SÉR MINNA FRELSI Í TILRAUNASTARFSEMI OG FLIPP ÞEGAR ÞEIR ELDAST. MIG LANGAR AÐ EIGA SAMTAL VIÐ ÞESSA KYNSLÓÐ OG DRAGA HANA INN Í DANSINN.

tvær klukkustundir. Þannig verður vinnan dýpri. Á námskeiðunum sköpum við líka hliðarsjál þótt allir séu í raun þeir sjálfir í ferlinu, það er meira til að auka á listræna frelsið. Þá gefur fólk sér meira rými til að prufa hluti sem það hefur ekki leyft sér áður.“

Dans ekki bara fyrir ungt fólk

Gjörningurinn var sýndir á einleikjahátíðinni Act Alone á Suðureyri í ár og fékk góðar viðtökur. Fyrir mánuði stóð Gíga svo fyrir námskeiði með Forward Youth Dance Company, sem er ungdansflokkur.

„Þátttakendurnir í því námskeiði stofnuðu Hljómsveitina The Boob Sweat Gang, sem er enn starfandi og mun koma fram í lönó í næstu viku. Þannig að námskeiðið varð til þess að úr varð alvöru pönkhljómsveit.“

Næst á dagskrá hjá Gígu er að halda sams konar námskeið fyrir eldri borgara og lýsir því Gíga eftir

fólki yfir 65 ára sem langar að stofna pönkhljómsveit.

„Þetta námskeið verður haldið í samvinnu við Reykjavík Dance Festival. Hátíðin í ár er samfélagsmiðuð og er verkunum ætlað að skoða jadar- og minnihlutahópa í samfélaginu, ásamt því að reyna að gera dansinn sem aðgengilegastan fyrir alla. Það er svo fastur stimpill á dansinum að hann sé bara fyrir ungt fólk, eins og maður sé bara brunninn út sem dansari þegar maður er 35 ára. Þannig að mig langar að leika með þessi ímynduðu aldurstakmörk.“

Pönkið er drifkraftur

Hún segir pönkið hafa líka meira verið tengt við yngra fólk í gegnum árin.

„Mér finnst ótrúlega spennandi og áhugavert að sjá hvernig þroskað pönk kemur út. Svo held ég að það sé líka hollt og gaman fyrir eldra fólk að fá einhvers konar pláss til að skapa á þennan hátt. Margir gefa sjálfum sér minna frelsi í tilraunastarfsemi og flipp þegar þeir eldast. Mig langar að eiga samtali við þessa kynslóð og draga hana inn í dansinn. Ég nota pönkið sem drifkraft. Þetta er form sem við erum að leika okkur með sem er frelsandi og gefur fólki rými til að finna sína rödd.“

Því óskar Gíga eftir að heyra frá eldri og heldri borgurum sem hafa áhuga á pönki, dansi eða bara langar að prófa eitthvað nýtt. Hægt er að senda inn spurningar og umsókn á tölvupóstfangið gigajons@gmail.com. steingerdur@frettabladid.is



VERTU VAKANDI Í FYRSTA SKIPTI Á ÆVINNI

Við höfum opnað glæsilega nýja verslun Hästens að Faxafeni 5.
Komdu til okkar og prófaðu einstök gæði Hästens rúmana.
Starfsfólk okkar er tilbúið að aðstoða þig og veita frekari upplýsingar.



Þegar þú vaknar í rúmi frá Hästens munt þú skilja virði þess að ná fullkomnum nætursvefni. Rúmin eru framleidd með einstöku samspili handverks og hráefna þar sem hvergi eru gerðar málamiðlanir í gæðum náttúrulegra efna eða tíma við óþreytandi handverkið. Þú sérð það ekki en þú munt finna fyrir því. Allan sólarhringinn. Heimsæktu Hästens í Faxafeni eða pantaðu vörulistann á hastens.com.

BE AWAKE FOR THE FIRST TIME IN YOUR LIFE®

Hästens 
since 1852

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

HÄSTENS VERSLUN
Faxafeni 5, Reykjavík
588 8477

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is

Betra
BAK



BAKÞANKAR

Davíðs Þorlákssonar



Stundaglasíð

Íslensk stjórnvöld hafa tilhneigingu til að vilja hafa lög hér aðeins flóknari og aðeins meira íþyngjandi heldur en í öðrum Evrópulöndum. Ein af þeim lögum eru samkeppnislögin. Nú hefur verið lagt fram frumvarp þar sem lagt er til að lögin verði færð aðeins nær því sem gerist í Evrópu. Það er gott skref.

Samkeppnislög eru til staðar til að vernda almenning annars vegar og minni fyrirtæki hins vegar fyrir stærri fyrirtækjum. Af ríflega 20.000 fyrirtækjum með starfsmenn í landinu eru 99% lítil og meðalstór og langflest með færri en 10 starfsmenn. Virk samkeppni lækkar verð og bætir þjónustu, almenningi og þjóðarþínu í heild til hagsbóta.

Séu samkeppnislög hins vegar ofíþyngjandi standa þau í vegi fyrir eðlilegri hagræðingu og framleiðni í atvinnulífinu. Það er sérstaklega vont nú þegar gefur á bátinn í efnahagsmálum. Slíkt hefur þveröfug áhrif því það skilar sér óhjákvæmilega á endanum í hærra verði til neytenda. Í þessum efnunum, eins og öðrum, borgar sig ekki að við séum að reyna að finna upp hjólið. Langbest er að líta til reynslu annarra þjóða í Evrópu og hafa sömu reglur og þar gilda.

Þegar við höfum hlutina aðeins meira íþyngjandi nokkrum sinnum á ári í 25 ár þá sitjum við að lokum uppi með lagaumhverfi sem veldur því að atvinnulífið getur ekki skapað jafn mörg og jafn örugg störf, getur ekki greitt jafn há laun og getur ekki greitt jafn háa skatta til samneyslunnar. Lífsgæði allra versna. Stundaglasíð er að fyllast.

FYRIR SVANGA FERÐALANGA

Kvikk
ON THE GO

LÍFIÐ ER GOTTERÍ

50% AFSLÁTTUR
FIM-SUN
GOTTERÍ

Verð áður: 1.990
990
KR/KG

Kvikk
ON THE GO



Enski boltinn er hluti af Sjónvarpi Símans Premium

Í Sjónvarpi Símans Premium getur öll fjölskyldan horft á það sem hún vill, þegar henni hentar, í sjónvarpi og snjalltækjum. Enski boltinn, gífurlegt magn af nýjum og klassískum sjónvarpsþáttum, kvikmyndum og barnaefni. Sjónvarp Símans Premium er aðgengilegt öllum óháð neti.



Heilar þáttaraðir og úrval kvikmynda



Sjónvarp Símans appið



Nýjustu þættirnir koma strax eftir frumsýningu



Disney-kvikmyndir fyrir alla fjölskylduna



Talsett barnaefni í hæsta gæðaflokki



Enski boltinn á Símann Sport

Sjónvarp Símans Premium – Svona á sjónvarp að vera



siminn.is/premium